

SHALDÖR  
skoðun 14



3 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Eurovision  
Fasteignir.is



Dagurinn er bara  
allt annar  
SOLGRYN



# FRÉTTABLAÐIÐ

PRÍÐJUDAGUR

PITT

25. maí 2010 — 120. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



**Mér finnst rigningin góð**  
Helgi Björnsson og Hjálmar  
hafa tekið upp nýja útgáfu  
af laginu Húsið og ég.  
**fólk 34**

**Heldur ótrauð áfram**  
Sólveig Eggertz Pétursdóttir,  
85 ára, heldur málverkasýn-  
ingu á Hrafnistu.  
**tímamót 18**



**FH tapaði aftur**  
Íslandsmeistarar FH töp-  
uðu sínum öðrum leik í röð  
í Pepsi-deild karla.  
**sport 30**



**SÓLRÍKT V-TIL** í dag verður hægt  
norðlægt eða breytilegt átt, víða 3-8  
m/s. Skýjað við austurströndina  
en annars víða bjart. Hiti víða 6-16  
stig, mildast SV-lands.  
**veður 4**



**SUMAR OG SÓL** Fjölmennti var í Nauthólsvík í blíðunni í gær. Þetta unga fólk minnti einna helst á góðkuningja úr sjónvarpsþáttunum fornfrægu um Strandverði, þar sem það hljóp um í fjörinni. Veðrið ætti að haldast eins næstu daga og má búast við bjartviðri um land allt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Kaupþingsrannsókn Breta leiðir þá til Lúx

Rannsókn Breta á starfsemi Kaupþings þar í landi hefur leitt þá til Lúxemborgar. Samvinna verður milli yfirvalda landanna tveggja um rannsókn að málinu.

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn Serious Fraud Office, efnahagsbrotadeildar bresku lögreglunnar, á starfsemi Kaupþings í Bretlandi hefur nú teygst á milli til Lúxemborgar. Fulltrúar embættisins hittu sérstakan saksóknara í Amsterdam í síðustu viku. Þar voru einnig fulltrúar belgískra rannsakenda sem og heimamanna og efnahagsbrotadeildar Europol. Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir að samstarf verði milli þessa aðila um rannsókn á bankahruninu. Jafnvel komi til greina að Bretar fái aðgang að þeim yfirheyrslum sem fram hafa farið í Kaupþingsmálinu. „Það er alveg ljóst að

þessi lönd verða að hafa með sér samstarf um þetta, þetta hlykkjar sér hérna á milli. Það eru nú þegar búnir að eiga sér stað ákveðin skipti á upplýsingum á báða bóga, þannig að við erum búnir að lýsa því við þá að við munum vera mjög fúsir til að eiga við þá gott samstarf.“ Þegar hefur átt sér stað samstarf milli embættanna, en þegar farið var inn í Existu var það gert samtímis í löndunum tveimur. Ólafur Þór segir að hlutverk Europol muni verða meira í rannsókninni á næstunni. Þar hugi menn að því að leggja meiri áherslu á rannsókn efnahagsbrota. Það sé því ekki ólíklegt að

hrun íslensku bankanna komi inn á borð stofnunarinnar. Rannsókn stendur enn yfir hjá embætti sérstaks saksóknara á málefnum Kaupþings og þeir Hreiðar Már Sigurðsson, Ingólfur Helgason, Magnús Guðmundsson og Steingrímur P. Kárasón eru enn í farbanni. Ólafur segir ekki hægt að spá fyrir um hvenær rannsókninni lýkur. Hún sé það stór um sig. Staða Sigurðar Einarssonar hefur ekki breyst og Ólafur Þór vill enn fá hann í yfirheyrslu. „Við útilokum ekkert í þeim efnum,“ segir Ólafur spurður hvort til greina komi að yfirheyrja Sigurð í Bretlandi. **- kóp**

Hera Björk í Eurovision:  
Síðust á svið

**EUROVISION** Hera Björk Þórhallsdóttir stígur á svið og flytur lagið Je ne sais quoi í undanúrslita-keppni Eurovision í kvöld. Síðasta æfing íslenska hópsins fyrir undankeppnina verður klukkan þrjú í dag en keppnin sjálf hefst klukkan sjö í kvöld. Hera er sú síðasta í röðinni. **- eá / sjá síðu 34**



## SPURNING DAGSINS



„Andri, ertu þá í draumalandinu?“

„Reyndar var ég í Flatey með 32 börnum þannig að ég er kannski miklu frekar á Bláa hnettinum.“

Andri Snær Magnason er einn af viðmælendum heimildarmyndarinnar Inside Job sem sýnd er á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Aðrir viðmælendur eru stór nöfn, svo sem Matt Damon og Eliot Spitzer, fyrrverandi borgarstjóri New York.

2

Gísli Marteinn segist ætla að gefa upp styrkveitendur sína í dag eða á morgun:

## Hefur ekki gefið sér tíma enn

**BORGARMÁL** „Ég geri það á morgun eða hinn,“ sagði Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi í gær, spurður hvenær hann hyggt gefa upp nöfn þeirra fyrirtækja sem gáfu honum styrki fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2006.

„Ég hef bara ekki gefið mér tíma í þetta ennþá. Það hefur verið nóg að gera,“ segir Gísli Marteinn.

Í byrjun maí sagði Gísli Marteinn í viðtali við DV að hann myndi birta nöfnin einhvern tímann fyrir kosningar. Nú eru

aðeins fáeinir dagar þar til borgarstjórnarkosningar verða haldnar, en Gísli Marteinn segist engar áhyggjur hafa af því að þessar upplýsingar geti haft áhrif á útkomu þeirra.

„Nei, nei. Þetta er ekki neitt neitt. Ég er þegar búinn að gefa upp helminginn af þessu og þetta eru svo litlar upphæðir hjá mér. Hæsti styrkurinn hjá mér er milljón.“

Hann segist ætla að setja upplýsingarnar á heimasíðu sína, líklega í dag eða á morgun. -gb



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

„Þetta er ekki neitt neitt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Evrópsk fyrirtækjavika:

## Kynna stuðning við nýsköpun

**ÞIÐNAÐUR** Stuðningur við nýsköpun á Íslandi verður kynntur á fundi á Grand hóteli á morgun.

Tilgangur fundarins er að veita yfirsýn og skapa umræðu um stuðningskerfi nýsköpunar á Íslandi. Á fundinum munu tíu frumkvöðlar og fulltrúar fyrirtækja miðla af sinni reynslu af styrkjamöguleikum, frumkvöðlasættrum og annarri þjónustu.

Þá munu á annan tug stuðningsaðila við nýsköpun kynna sína þjónustu. -þeb



MÓTMÆLA NIÐURSKURÐI Starfsfólk flugfélagsins hótar frekari aðgerðum.

NORDICPHOTOS/AFP

Verkfall hjá British Airways:

## Frekari röskun á bresku flugi

**BRETLAND, AP** Áhafnir flugvéla breska flugfélagsins British Airways hófu í gær fimm daga verkfall. Aðgerðirnar urðu til þess að hætta þurfti við nærri helming flugferða félagsins til og frá Heathrow-flugvelli í London.

Áhafnirnar eru að mótmæla niðurskurði í rekstri félagsins, sem hefur verið rekið með tapi. Þessar truflanir á flugi koma í kjölfarið á flugröskunum vegna ösku frá eldgosinu í Eyjafjallajökli, auk þess sem áhafnirnar efndu til sjö daga verkfalls í mars. -gb

Flóðin hrella Pólverja:

## Íbúar Varsjár í hættu staddir

**PÓLLAND, AP** Um það bil hundrað þúsund af íbúum Varsjár, höfuðborgar Póllands, gætu orðið fyrir því að það flæði inn á heimili þeirra úr ánni Vistula, sem hefur vaxið mjög vegna úrhellis undanfarna daga.

Hanna Gronkiewicz borgarstjóri segir að fólk gæti þurft að yfirgefa heimili sín í hvelli ef ástandið versnar.

Nærri fimmtán manns hafa látið lífið í flóðum í Póllandi undanfarið. Án Vistula hafði í gærkvöldi þegar flætt yfir bakkana á einum stað, en olli þó litlum skemmdum. -gb

# Kýrnar ánægðar að komast út í sumarið

Mikil bjartsýni ríkir meðal bænda á bæjum undir Eyjafjallajökli þar sem menn vona að gosið sé á lokasnúningi. Þó er ljóst að mikið hreinsunarstarf er fram undan og fimm til sex sentimetra þykkt lag af ösku er víða á tünnum.

**ELDGOS** „Hér ríkir náttúrulega mikil gleði og menn urðu strax bjartsýnir þegar ljóst var að gosið væri hugsanlega að stöðvast. Við settum kýrnar út í fyrsta skipti í dag og þær voru að vonum ánægðar,“ segir Heiða Björg Scheving frá bænum Hvassafelli, sem er einn af Steinabæjum undir Eyjafjallajökli.

Bær Heiðu og eiginmanns hennar, Páls Magnúsar Pálssonar bónda, hefur á undanförunum vikum orðið illa úti í öskufallinu. Um helgina steig hins vegar aðeins gufustrókur upp frá Eyjafjallajökli.

„Það er hellings aska á öllum tünnum hjá okkur, um 5-6 sentimetra þykkt lag, en þar sem grasið er orðið hátt virkar allt grænt og fínt úr fjarlægð. Við slögum blettinn hjá okkur í gær og þá sá maður hvað er í raun mikil aska á tünnum og allt gisið. En það er ekkert að gera nema bíða og sjá hvaða áhrif það hefur,“ segir Heiða og bætir við að þetta hafi þó engin áhrif á hin venjubundnu vorverk. „Við ákváðum að halda okkar striki, bera á öll tünin eins og venjulega. Hugsanleg goslok virka auðvitað eins og vítamín-sprautu í verkin.“

Heiða hitti aðra bændur í nágrenninu um helgina og segir alla komna út með kálfana og það hjálpi að veðrið hafi verið gott. „Það hefur verið skýjað og stillt, þannig að askan fýkur ekki. Um leið og þornar og fer að fjúka verður þetta hins vegar erfiðara. Það var allt hreinsað um daginn en síðan þá hefur aska fallið öðru hverju og því umhverfið komið í svipað far. Slökkviliðið kom í



FRELSINU FEGNAR Kýrnar á bænum Hvassafelli voru kátar að vera komnar út í íslenska sumarið í gær. Aska er á tünnum en vorverkin hafa sinn gang. MYND/ÚR EINKASAFNI

**5-6 cm** Öskulag er á tünnum

á bæjum undir Eyjafjallajökli, en þar sem grasið er orðið hátt virkar allt grænt og fínt úr fjarlægð.

fyrir dag og hreinsaði öll hús og af stéttum en ef þetta er búíð er ekkert að gera nema taka hraustlega til hendinni aftur.“

Íbúafundi, sem vera átti á Hvolsvelli í dag, hefur verið frestað vegna hugsanlegra

gosloka en á fundinum átti að fara yfir stöðu mála vegna eldgossins.

„Við ætlum að sjá hvað er að gerast, bíða í nokkra daga meðan málin þróast til að ákveða nánari tímasetningu á fundinum og hvaða aðgerða er þörf,“ segir Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. „Ef gosinu er lokið þarf samhent átak í uppbyggingu og hljóði í mönnum er jákvætt. Við höfum verið á ferðinni í dag og brúin á til dæmis ferðamannastöðunum er léttari. Menn bíða bara eftir ferðamönnum sínum.“

juliam@frettabladid.is



GERD MARTEINSEN MEÐ LÚÐUNA Það tók um eina og hálf klukkustund að veidda þessa stórlúðu, sem er 204 sentimetrar á lengd og 110 kíló.

MYND/RÖBERT SCHMIDT

## Sjóstangveiðin farin á fullt: Veiddi tveggja metra stórlúðu

**SJÁVARÚTVEGUR** 110 kílóa þung og 204 sentimetra löng stórlúða veiddist á sjóstöng við Ísafjarðardjúp fyrir helgina. Aðeins einu sinni áður hefur stærri lúða veist með þessum hætti hér á landi.

Það var 68 ára gamall Þjóðverji, Gerd Marteinsen, sem veiddi lúðuna á föstudag. Það tók um eina og hálf klukkustund að veidda lúðuna og koma henni upp í bát. Marteinsen var á bátinum Bobby 12 sem er gerður út af sjóstangaveiðifyrirtækinu Hvíldarkletti frá Flateyri. Fyrirtækið gerir út 22 báta frá Suðureyri og Flateyri. -þeb

### SAMGÖNGUR

#### Pung umferð

Pung umferð var í höfuðborgina í gærkvöldi, eftir fyrstu stóru ferðaheglingu sumarsins. Að sögn lögreglunnar á Selfossi var bíll við bíl frá hringtorginu á Selfossi og langleiðina til Reykjavíkur. Umferðin fór að aukast um klukkan tvö í gær og þyngdist eftir því sem á leið.

Ekkert hægt að segja um hugsanleg goslok fyrr en eftir viku til tíu daga:

## Mælingar segja ekkert strax

**ELDGOS** „Ennþá er ekki alveg ljóst hvort kvikuaðstreymið hafi núna haldið áfram að neðan, og fjallið þá þanist út, og það er það sem skiptir sköpum í því hvort framhald verður á þessari sögu eða ekki. Slíkt kemur ekki í ljós fyrr en næstu daga, og það gæti tekið viku og upp í tíu daga að afskrifa þessa atburðarás,“ segir Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur.

Páll segir gosið vera framhaldssögu í mörgum köflum og þótt þetta séu lokin á einum kafla, sé enn spurning hvort þessi kafla sé í miðjunni, byrjun, eða endi þessarar gossögu í Eyjafjallajökli.

„Fyrsti kaflinn var árið 1944 með fyrsta atburðinum í þessari sögu, kvikuinnskoti í rótum eldstöðvarinnar, og kaflarnir gengu svona koll af kalli, og eru komnir út í þetta gos núna. Ferlið er það hægt núna að það mun ekkert mælast fyrr en eftir dálitinn tíma. Ef aðstreymið er hætt er sögunni lokið en ef það er ekki hætt þá eru lokin á þessum kafla en fleiri kafla að vænta. Þegar gosið á Fimmvörðuhálsi hætti voru sams konar tímamót, þar sem jarðfræðingur voru að bíða eftir því að geta gengið úr skugga um að kvikuaðstreymi væri hætt



FRAMHALDSSAGA Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur segir ekki hægt að slá því föstu strax að kaflinn, sem nú er að ljúka, sé sá síðasti í eldgosinu í Eyjafjallajökli.

samkvæmt mælingum. Og þá varð eldgosíð á undan mælnum. Þannig er of snemmt að afskrifa þessa atburðarás, hún gæti verið í fullum gangi ennþá.“

-jma

**kostur** Spörum og njótum lífsins

**NÝR** OPNUNARTÍMI ÖPÍÐ ALLA DAGA FRÁ 10-20

**Mjólk** á tilboði alla þriðjudögum

Nýmjólk & léttmjólk 1L

**75 kr/stk**

Full búð af frábærum tilboðum - líttu við

Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is

Öpíð alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook



# Hverjum treystir þú til að stýra Reykjavík næstu 4 árin?



## 70% borgarbúa eru ánægð með störf Hönnu Birnu.

Ástæðan er einföld. Vel hefur verið haldið á málum í Reykjavík.

- ✗ Undir forystu Hönnu Birnu hefur stjórn borgarinnar einkennst af stöðugleika og samvinnu.
- ✗ Allir flokkar sameinuðust um aðgerðaáætlun vegna efnhags-ástandsins þar sem forgangsraðið var í þágu barna og velferðar án þess að segja upp fastráðnu starfsfólki.
- ✗ Á sama tíma hefur ánægja borgarbúa með þjónustu borgarinnar aukist.
- ✗ Skattar hafa ekki verið hækkaðir.

- ✗ Leikskólagjöld, frístundaheimilisgjöld og matargjöld í grunnskólum eru með þeim lægstu á höfuðborgarsvæðinu.
- ✗ Öllum grunnskólabörnum er tryggð vistun á frístundaheimilum.
- ✗ Öllum börnum sem verða tveggja ára á árinu eru tryggð leikskólaláss.
- ✗ Fyrsta hugmyndapíngið var haldið og íbúar fengu í fyrsta sinn tækifæri til að kjósa um hverfaverkefni í fjárhagsáætlun.
- ✗ Reykjavíkurborg hefur haldið uppi framkvæmdum og stutt við atvinnuskapandi verkefni. Á þessu ári verður framkvæmt fyrir 26 milljarða á meðan ríkið framkvæmir fyrir 18 milljarða.
- ✗ Borgarsjóður er rekinn hallalaus á erfiðum tímum.



## GENGIÐ 21.05.2010

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	128,03	128,65
Sterlingspund	184,36	185,26
Evra	160,06	160,96
Dönsk króna	21,503	21,629
Norsk króna	19,675	19,791
Svænsk króna	16,270	16,366
Japanskt jen	1,4224	1,4308

SDR 189,30 190,42

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

215,1406

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Heimavarnarliðið:

## Boðað til þögulla mótmæla

**MÓTMÆLI** Heimavarnarliðið boðar til þögulla mótmæla fyrir utan Stjórnaráðið við Lækjargötu í dag klukkan 11.30. Á heimasíðu félagsins segir að liðsmenn sætti sig ekki við sjálfðæmi fjármála-stofnana við skuldauppgjöf né eignaupptöku þeirra á heimilum landsmanna. Einnig segir að samtökin neiti að samþykka að uppboð og nauðungarsölur verði teknar upp að nýju, án þess að íbúðalán séu leiðrétt.

Félagsmenn Heimavarnarliðsins hvetja fólk til að mæta svartklætt eða í svörtum ruslapokum og jafnframt fara samtökin þess á leit að atvinnurekendur gefi starfsfólki frí meðan á mótmæla-stöðu stendur.

- jma

SVP um atvinnuvegaráðuneyti:

## Sparar peninga

**STJÓRNSÝSLA** SVP – Samtök verslunar og þjónustu, fagna áformum ríkisstjórnarinnar um stofnun atvinnuvegaráðuneytis. Segir í ályktun samtakanna að með fækkun ráðuneyta sé stefnt að hagræðingu og nauðsynlegum sparnaði hjá hinu opinbera.

Bent er á að atvinnulífið hafi góða reynslu af samstarfi í Samtökum atvinnulífsins. Með því hafi skilningur einstakra atvinnugreina á öðrum aukist og samvinna náðst í mikilvægum málum.

Fara samtökin þess á leit að samstarf verði haft við hagsmunasamtök um fyrirhugaða breytingu.

- bps

## LEIÐRÉTTING

Fyrirsögn misritaðist á grein Péturs Gunnarssonar rithöfundar í blaðinu á laugardag. Fyrirsögnin átti að vera „Dæmið ekki svo að þér verðið ekki dæmdir“.

Kindin Dollý hrasaði á beit sinni í Stórhöfða í Vestmannaeyjum í gær en náði að synda til lands:

## Hrapaði um tuttugu metra og í sjóinn

**LANDBÚNAÐUR** Kindin Dollý slapp ómeidd eftir að hafa fallið í sjóinn við Stórhöfða í Vestmannaeyjum í gær. Kindin féll að minnsta kosti tuttugu metra áður en hún lenti í sjónum.

„Það var hringt í mig af útsýnisbátinum Víkingi sem hafði farið með ferðamenn inn í Stórhöfðavíkina. Þau sáu kindina bara þar í flæðarmálinu,“ segir Haukur Guðjónsson bóndi og eigandi Dollýjar. Hann segir kindina hafa náð að krafsta sig upp í fjöruna en hún hafi hugsanlega verið þar í hálfan dag. Farið var á slöngubát til að sækja hana og koma henni aftur á sinn stað. Hún var flutt í Stórhöfða til að sækja lömbin

sín tvö, sem tóku henni fagnandi.

Haukur segir mikinn þunga að falla svona í sjóinn og fallið hafi að minnsta kosti verið tuttugu metrar. Það sé hálf-ótrúlegt að ekkert ami að Dollý, sem er vetrargömmlær. „En hún er alveg heilbrigð.“ Hann segir viðmót kindarinnar þó hafa örliðið breyst og hún hafi ekki viljað borða brauð frá honum strax. Það hafi hún þó gert þegar í bátinn var komið, enda var hún orðin svöng.

Haukur segir ekki algengt að svona lagað komi fyrir. Helst gerist eitthvað á haustin þegar beit sé minni og kindurnar fari því frekar út á brúnirnar á höfðanum.



**DOLLÝ** Kindin Dollý, sem er nefnd eftir fyrstu klónuðu kindinni, slapp ómeidd eftir fallið í gær.

- þeb

MYND/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

## Allt féð verði notað í viðhald á vegum

Vegagerða- og sveitarstjórnarmenn telja að verja eigi mannvirki sem fyrir eru með því litla fé se veitt er í vegamál. Fé til viðhalds hefur verið skert um tugi prósent á skömmum tíma. Dýrt verður að laga það sem drabbast niður.

**SAMGÖNGUMÁL** Sveitarstjórnarmenn og forsvarsmáður Vegagerðarinnar telja að viðhald og þjónusta eigi að vera í forgangi næstu árin á kostnað nýframkvæmda. Þeir segja gott dæmi um niðurskurð til vegamála að aðeins tólf milljónir króna eru eyrnamerkar vegamálum á Norðurlandi vestra á gildistíma samgönguáætlunar til ársins 2012. Svipada sögu er að segja um allt land.

Lögð hefur verið fram á Alþingi þingsályktunartillaga um fjögurra ára samgönguáætlun 2009-2012. Þegar framlög til vegamála í Skagafirði og Húnavatnssýslum eru skoðuð kemur fram að upphæðin er öll mismunur kostnaðar-áætlana fjögurra verkefna og fjárveitinga til þeirra árið 2009. Engin framlög eru tiltekin í þingsályktunartillögunni fyrir árin 2011 og 2012.

Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, segir svæðið ekkert einsdæmi heldur sé þetta ástand gegnumgangandi. Hann segir engan fara fram á stórar nýframkvæmdir. „En þegar verið er að skera niður framlög til vegamála hlýtur forgangsröðin að vera að verja það sem fyrir er. Að öðrum kosti eru menn að eyðileggja vegakerfið. Þetta er dýrasta lán sem hægt er að taka. Svo eru öryggismálin í þessu samhengi ótalin.“

Jón Óskar minnr á að allir þungaflutningar á milli Reykjavíkur og Akureyrar fari um vegi á svæðinu. Í því ljósi hljóti öllum að



**VEGAGERÐ Í REYÐARFIRÐI** Vegagerðarmenn segja að minna viðhald muni strax koma grimmilega niður á öllum þeim vegum sem ekki hafa verið klæddir bundnu slitlagi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þegar verið er að skera niður framlög til vegamála hlýtur forgangsröðin að vera að verja það sem fyrir er.

**JÓN ÓSKAR PÉTURSSON**  
FRAMKVÆMDASTJÓRI SVEITARFÉLAGA Á  
NORÐURLANDI VESTRA

vera ljóst að lágmarkspörf til framkvæmda í vegamálum sé hvergi nærri mætt.

Magnús V. Jóhannsson, svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Norðvesturlandi, segir að það fjármagn sem tiltekið er í samgönguáætlun eftir svæðum segi ekki alla sögunna, en það sé vissulega af skornum

skammti. Fjármagn til þjónustu og viðhalds er sér liður í samgönguáætluninni. Vegagerðin tekur ákvörðun um hvernig fénu er varið, segir Magnús, og það liggja fyrir að Norðvesturland muni njóta þess að hluta.

Hann tekur undir það sjónarmið að leggja ætti megináherslu á að verja þau mannvirki sem fyrir eru. „Þeningar til viðhalds minnka mjög mikið og af því höfum við vegagerðarmenn mestar áhyggjur.“ Hann segir vegakerfið á Norðvesturlandi í ásættanlegu ástandi og þungatakmarkanir muni brátt heyra sögunni til. Hins vegar megi spyrja sig hversu lengi vegakerfið þar, og annars staðar á landinu, þolin fjárvælti, segir Magnús.

svavar@frettabladid.is

Upplýsingatæknimiðstöð:

## Nokkur verkefni undir sama hatt

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisstjórnin hefur ákveðið að koma á fót nýrri stofnun, upplýsingatæknimiðstöð, sem ætlað er að annast verkefni sem í dag er sinnt af mörgum aðilum.

Á hún að sjá um tæknilegan rekstur og umsýslu fasteignaskrár, þjóðskrár, ökutækjaskrár og fyrirtækjaskrár og hugsanlega fleiri skráa, auk fleiri verkefna á sviði skráarhalds og upplýsingatækni.

Talið er að fækka megi stöðugildum um allt að tuttugu og spara á annað hundrað milljónir króna.

Árið 2008 nam kostnaður ríkisins vegna upplýsingatæknimála tæpum sex milljörðum króna.

- bps

Umhleðslustöð rís í Árborg:

## Kynning á nýrri sorpstöð bíður

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Meirihluti bæjarstjórnar Árborgar felldi tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokks um grenndarkynningu á umhleðslustöð fyrir sorp á gámasvæði sveitarfélagsins.

Fulltrúar Framsóknarflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna vilja bíða þess að athugasemdafrestur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna starfsleyfisskilyrða fyrir umhleðslustöðina renni út og boða þá til fundar.

„Auglýsingaferli er skilvirkara og gengur lengra en grenndarkynning,“ sagði meirihlutinn. „Það er sorglegt að ekki sé orðið við þeirri beiðni að láta hér fara fram eðlilega grenndarkynningu,“ bókaði fulltrúi Sjálfstæðisflokks.

- gar

**Eftirlæti**

Hvert er þitt eftirlæti?

**Hrismjólk**

Nú er eftirlætis Hrismjólkinn þin komin í nýjar umbúðir.

## VEÐURSPÁ




**Elísabet Margeirsdóttir**  
veðurfréttamaður

**FLOTT VÍKA** Það verða litlar breytingar á veðrinu næstu daga en áfram má búast við bjartviðri víða um land, sist þó austan til og ágætis hita. Vindur verður einnig yfirleitt mjög hægur og því lítið hægt að kvarta yfir veðrinu þessa vikuna.

Á MORGUN  
3-8 m/s.

FIMMTUDAGUR  
3-8 m/s, en  
stífari austast.



## HEIMURINN

Alicante	24°
Basel	27°
Berlín	14°
Billund	13°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	26°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	20°
London	17°
Mallorca	21°
New York	28°
Orlando	31°
Ósló	13°
París	27°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	9°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



# Fangaðu augnablikið með Toyota

LJÓSMYNDAKEPPNI TOYOTA



Í tilefni þess að Toyota á Íslandi er 40 ára verður blásið til ljósmyndakeppni. Þema keppinnar er Gleði, bjartsýni og jákvæðni.

Til að taka þátt þarftu að koma til söluaðila Toyota á Íslandi, reynsluaka Toyota og taka mynd þar sem sést í bílinn eða hluta hans og einn eða fleiri sem taka þátt í reynsluakstrinum. Myndirnar skulu teknar á stafræna myndavél og ekki vera minni en 2 MB. Myndunum skal skilað á netfangið: [ljosmyndakeppni@toyota.is](mailto:ljosmyndakeppni@toyota.is)

Skilafrestur er til kl. 18:00 mánudaginn 7. júní 2010 og úrslit verða kynnt á Afmælisýningu Toyota laugardaginn 12. júní 2010.

Nánar um þátttökureglur má finna á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Glæsileg verðlaun eru í boði:

1. sæti Canon EOS 550D m/ EF-S 18-55 IS linsu að verðmæti 189.900 kr.
2. sæti Canon EOS 450D m/ EF-S 18-55 IS linsu að verðmæti 142.995 kr.
3. sæti Canon EOS 1000D m/ 18-55 linsu að verðmæti 107.995 kr.
4. sæti Canon PIXMA MP560 A4 fjölnota ljósmyndaprentari að verðmæti 27.995 kr.
5. Sæti Canon PIXMA iP4700 A4 ljósmyndaprentari að verðmæti 19.900 kr.

Sérstök afmælskjör

Meðan á ljósmyndakeppninni stendur bjóðast sérstök afmælskjör hjá Toyota á Íslandi. Kynntu þér málið hjá sölumönnum.

**2010  
TOYOTA  
DRIVE**

[www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbær  
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi  
Fosnesi 14  
Selfoss  
Sími: 480-8000

**Today  
Tomorrow  
Toyota**



Athugun ríkisendurskoðunar á fjárreiðum sveitarfélagsins Álftanes enn ólokið:

# Skýrsla um Álftanes eftir kosningar

**SVEITARSTJÓRNIR** Ríkisendurskoðun segir að niðurstöður athugunar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins Álftanes muni ekki verða kynntar fyrr en um miðjan júní.

„Það er mjög óþægilegt og ómögulegt ef niðurstaða rannsóknar liggur ekki fyrir í tæka tíð fyrir kosningar 29. maí nk. Þessi rannsókn hefði ekki verið framkvæmd, nema alvarlegar ástæður lægju að baki að mati Eftirlitsnefndar,“ bókadi Guðmundur G. Gunnarsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, af þessu tilefni í bæjarstjórn Álftanes.

„Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á að rannsókn Ríkisendurskoðunar nær líka til þess tíma sem GGG starfaði sem bæjarstjóri á Álftanesi. Ef taka ætti mark á stóryrðum hans í bókuninni verður að álykta að rannsókn á stjórnsýslu árána 2005-2006 í hans tíð tengist með sama hætti grunsemdum um lögbrot,“ svaraði Sigurður Á. Magnússon, bæjarfulltrúi Á-listans og bæjarstjóri þar til í fyrrihaust.

Það voru sveitarstjórnarráðuneytið og Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) sem fólu Ríkisendurskoðun að gera athuginina.

Hún átti annars vegar beinast að því hvort gildandi reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla tækju nægjanlegt tillit til aðstæðna á Álftanesi. Hins vegar ætti athuginin að beinast að því hvaða ákvarðanir væru undirrót erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og hvort þær og upplýsingagjöf þess til EFS hefðu verið í samræmi við lög.

„Enn á eftir að ræða við nokkra aðila og greina upplýsingar en segja má að sú vinna sé á lokastigi,“ segir í tilkynningu frá ríkisendurskoðanda. -gar



Á ÁLFTANESI Eftirlitsnefnd hefur umsjón með fjármálum Álftanes eftir að þau fóru í hnút á þessu kjörtímabili.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## KJÖRKASSINN



Býstu við miklu af Besta flokkninum í borgarstjórn?

Já	46,7%
Nei	53,3%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að fækka háskólum landsins?

Segðu þína skoðun á vísiris.



GENGIÐ Á GRASINU Frægasta breiðstræti Parísar í óvenjulegum búningi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveggja daga sveit í París:

## Iðgrænt gras á Champs Élysées

**FRAKKLAND, AP** Breiðgatan Champs Élysées í París hefur ekki verið alveg með sjálfri sér síðustu tvo daga. Í stað þungrar bílaumferðar hefur fólk gengið þar um á grænu grasi innan um blóm og búfenað.

Tilgangurinn var að gefa borgarbúum kost á að upplifa náttúruna og minna jafnframt á mikilvægi franskra bænda og landbúnaðar.

„Þetta er leið til að minna fólk á að maðurinn býr í hjarta náttúrunnar,“ sagði franskur listamaðurinn Gad Weil, sem átti hugmyndina. -gb

### LÖGREGLUFRÉTT

#### Tveir gistu fangageymslur

Tveir gistu fangageymslur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt mánudags. Nóttin var með rólegasta móti hjá lögreglunni þrátt fyrir að fjöldi fólks væri í miðborginni.

# Nýjum þunglyndislyfjum gæti seinkað

Breytingar á niðurgreiðslu þunglyndislyfja ættu ekki að hafa neikvæð áhrif á meðferð, segir yfirlæknir á Landspítalanum. Aðeins ódýrustu lyfin verða niðurgreidd eftir 1. júní. Um 30 þúsund fengu þunglyndislyf á síðasta ári.

**HEILBRIGÐISMÁL** Breytingar á greiðsluþátttöku heilbrigðis-yfirvalda á þunglyndislyfjum gætu þýtt að ný lyf komi seinna á markað hér á landi, en ættu ekki að hafa neikvæð áhrif á meðferð þunglyndissjúklinga, segir Þórður Sigmundsson, yfirlæknir á bráðamóttökudeild geðsviðs Landspítalans.

Samkvæmt nýrri reglugerð munu stjórnvöld aðeins niðurgreiða hagkvæmstu þunglyndislyfin eftir 1. júní. Fjölnota lyfseðlar sem gefnir eru út fyrir þann tíma gilda þó áfram með fullri niðurgreiðslu til 1. október. Dugi hagkvæmstu lyfin ekki getur læknir sótt um undanþágu fyrir sjúklinga svo dýrari lyf verði niðurgreidd.

Kostnaður heilbrigðiskerfisins við þunglyndislyf var rúmlega einn milljarður króna á síðasta ári. Með breytingum á niðurgreiðslukerfinu er ætlunin að spara milli 200 og 300 milljónir króna á ári, samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands.

Um 30 þúsund manns fengu ávísad þunglyndislyf á síðasta ári. Það jafngildir því að næstum því tíundi hver landsmaður hafi fengið slík lyf.

„Þetta mun hafa þær afleiðingar að sjúklingar sem byrja í meðferð þurfa að byrja á hagkvæmstu lyfjunum,“ segir Þórður. Hann leggur áherslu á að þótt það séu ef til vill ekki nýjustu lyfin séu þau lyf áfram virk og mjög gagnleg. Ef þau lyf gagnist ekki sé hægt að sækja um undanþágu til að fá niðurgreiðslu á öðrum lyfjum.

Þegar ný lyf koma á markað eru þau yfirleitt dýrari en lyf sem hafa



ÞUNGLYNDI Um 30 þúsund manns fengu ávísad þunglyndislyfjum hér á landi á síðasta ári. Það er um það bil tíundi hluti þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

verið lengur á markaði, sér í lagi ef einkaleyfi framleiðandans er runnið út og ódýrari samheitalyf komin á markað.

Þórður segir breytingar á þátttöku í lyfjakostnaði geta orðið til þess að nýrri lyf komi seinna á markað hér á landi. Erfitt gæti orðið fyrir innflytjendur að koma lyfjum á markað þar sem ekki verði eins auðvelt að ávísa á þau.

„Þetta skerðir aðeins val lækna í byrjun, en það verður að segjast að langflest lyf falla innan þessa ramma. Við erum alls ekki að tala um gömul lyf eða úrelta meðferð,“ segir Þórður.

Í tilkynningu frá Frumtökum, samtökum framleiðenda frumlyfja,

segir að breytingar á greiðsluþátttöku komi niður á um 40 prósentum þunglyndissjúklinga.

Þar er bent á að beinn kostnaður vegna þunglyndislyfja sé aðeins um eitt prósent af heildarkostnaði samfélagsins við sjúkdóminn. Lakari verkun eða aukaverkanir af lyfjum geti bakað samfélaginu umtalsverðan kostnað og yfirskyggt skammtíma sparnaðaraðgerðir margfalt.

Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum er notkun og kostnaður vegna þunglyndislyfja hvergi meiri en á Íslandi. Notkun dýrari þunglyndislyfja sé hlutfallslega meiri hér á landi en á Norðurlöndunum. brjann@frettabladid.is

Vilja dragnótarveiðar:

## Grímseyingar vilja opna mið

**SJÁVARÚTVEGUR** Meirihluti kosningabærra íbúa í Grímsey hefur skrifað undir áskorun til sjávarútvegsráðherra, þar sem skorað er á hann að draga til baka tillögur um lokun sjö fjarða á norðanverðu landinu fyrir dragnótaveiðum. Bent er á að þrjú dragnótabátar séu gerðir út frá Grímsey og á þeim starfi fimmtán sjómenn. Frekari lokun veiðisvæða fyrir Norðurlandi komi því sérstaklega illa við útgerð þeirra.

Í áskoruninni segir einnig að ekki verði séð að tillögur ráðherra byggist á vísindalegum rökum. -shá

Færri bólusettir:

## Mislingar fara aftur á kreik

**GENF, AP** Mislingar hafa snúið aftur víða í Afríku, Asíu og jafnvel Evrópu þrátt fyrir að auðvelt sé að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins með bólusetningu.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO segir að undanfarin tvö ár hafi dregið verulega úr fjárveitingum til bólusetningarherferða, með þeim afleiðingum að víða þar sem sjúkdómnum hafði nánast verið útrýmt hafi tilfellingum fjölgað á ný.

Meira að segja í Bretlandi hefur mislingafaraldur gert vart við sig. -gb

### VESTFIRÐIR

#### Sinubruni í Tálknafirði

Um einn hektari lands brann í sinubruna í Tálknafirði á sunnudagskvöld. Eldurinn kviknaði rétt innan við fjórðinn og unnu um fimmtán manns við það að slökva eldinn.

# Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift

## 10,2%

ÁRLEG MEÐALÁVÖXTUN\*

100% RÍKISTRYGGING

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á [www.iv.is](http://www.iv.is)

100% afsláttur af upphafspóknun til 31.05. 2010



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sígtún 42 105 Reykjavík  
Sími: 460 4700 | [www.iv.is](http://www.iv.is) | [iv@iv.is](mailto:iv@iv.is)

\*Árleg meðalávöxtun frá 15.01.2001 til 30.04.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útbótisýningu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu [www.iv.is](http://www.iv.is). Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útbótisýningu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

Við öflum fyrir þig







### LATITUDE™ E6410

Intel® Core™ i5-520M Processor (3M Cache, 2.40 GHz)

Hönnuð fyrir atvinnulífið til að hámarka afköst, hlaðin nýjungum, áreiðanleg og örugg. Fyrir notendur sem þurfa þunna, léttu og meðfærilega fartölvu án þess að það komi niður á afköstum og virkni hennar. Allt að 8GB DDR3 minni og höggvörn á harða disknum. Endingagóð rafhlaða með ExpressCharge, sem hleður rafhlöðu í 80% á einni klukkustund. Sterkbyggð og glæsileg umgjörð.

# Það er bara eitt sem er alveg á tæru til 2015



JÓNSSON & LEMMINGS - J11.15 - 1414

## Fimm ára ábyrgð

Dell Latitude fartölvurnar eru áreiðanlegar og afkastamiklar, sérhannaðar fyrir atvinnulífið þar sem ending og hagkvæmni í rekstri eru lykilatriði.



Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.



### Dell EMC AX4-5

Einföld og hentug SAN gagnageymsla. Fáanleg bæði í iSCSI og FC útgáfum. Stækkanleg í 60 diska, SAS eða SATA.



### Dell 5130 litalaser prentari

Sennilega hraðvirkasti A4 geislaprentari í lit. Mögnuð prentgæði, áreiðanleiki og hraði.




### Dell Poweredge T310

Góður alhliða netþjónn, einn fjögurra kjarna Xeon örgjörvi, tveir eða fjórir Hot Plug diskar. Allt að 32GB vinnslu-minni.



### Dell Poweredge™ T610

Frábær alhliða netþjónn sem hentar í allan almennan kerfisrekstur. Allt að 8TB diskapláss og 96GB vinnsluminni



### Dell Optiplex 780

Tölvan sem hentar best fyrir atvinnulífið, endingargóð, einföld í umgengni og umsjá.



### Dell 23" Pro LCD skjár

Vandaður skjár í góðri stærð með fjölda tengimöguleika.

## Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegji 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000





**FJÁRFESTU  
Í SJÁLFAUM PÉR**

## ALÞJÓÐLEGT MBA-NÁM MEÐ VINNU



**Ein besta ákvörðun  
sem ég hef tekið.**

Arndís Thorarensen,  
framkvæmdastjóri og MBA-nemi



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

[www.hr.is/mba](http://www.hr.is/mba)

**Uppvottavél** - SE 45E234SK  
**Tilboðsverð:**  
**119.900 kr. stgr.**  
(Verð áður: 139.900 kr.)



**SIEMENS**

**Uppvottavélar  
nú á**

**tilboðsverði**

**Uppvottavél** - SN 45M200SK  
**Tilboðsverð:**  
**144.900 kr. stgr.**  
(Verð áður: 169.900 kr.)

**SMITH &  
NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)



Orkuveita  
Reykjavíkur

## Fugla- skoðun

Þriðjudagskvöldið 25. maí verður farin fuglaskoðunarferð. Leiðsögumaður er Hafsteinn Björgvinsson, umsjónarmaður vatnsverndarsvæða. Þátttakendur eru hvattir til að taka með sér sjónauka. Mæting er kl. 19:30 við Minjasafn Orkuveitunnar í Elliðaárdal og stendur gangan í rúma tvo tíma.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

Athugið að efni dagsins getur ríðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar.

[www.oris](http://www.oris)

**512 54 01**  
Auglýsingasími

Allt sem þú þarft.

Atli Gíslason vill að nefnd um erlenda fjárfestingu fjalli á ný um sölu á HS Orku:

## Formaður telur stöðuna óbreytta

**ORKUMÁL** Unnur G. Kristjánsdóttir, formaður þingkjörinnar nefndar um erlenda fjárfestingu, segist ekki telja, í fljótu bragði, að nefndin þurfi að fjalla á ný um viðskipti Magma Energy og Geysi Green Energy með hlutabréf í HS Orku en Magma hefur eignast 98,53 prósent í GGE.

Unnur segir að nefndin hafi áður samþykkt kaup Magma á minnihluta bréfa og sér ekki að neitt hafi breyst sem kalli á nýja umfjöllun. Þetta þurfi þó að kanna. Enginn nefndarmaður hefur óskað eftir fundi um málið.



**HS ORKA** Formaður nefndar um erlenda fjárfestingu telur ekki að fjalla þurfi um viðskiptin á ný.

Atli Gíslason, þingmaður VG í Suðurkjördæmi, telur að kalla

eigi nefndina saman og fjalla um viðskiptin. Forsendur séu breyttar. Ný viðskipti hafi verið gerð og þess vegna þurfi að afla nýrra gagna og kveða upp nýjan úrskurð í nefndinni. Þingflokkur VG hefur sent ríkisstjórninni áskorun um að undið verði ofan af einkavæðingu HS Orku. Atli segist vona að það verði hægt, en brugðið geti til beggja vona.

Unnur G. Kristjánsdóttir segist alltaf hafa átt von á að Magma vildi kaupa allt hlutfé í GGE. Yfirlýsingar forsvarsmanna Magma hafi strax bent til þess.

- pg

## Grynnka á skuldum ríkis með sölu eignna

Svissneskur viðskiptaháskóli segir skuldastöðu þjóðarinnar verða ásættanlega eftir 22 ár. Viðskiptaráðherra segir það svartvísa spá. Stjórnvöld geti lækkað skuldir hratt þegar betur ári. Þar á meðal með sölu Landsbankans.

**EFNAHAGSMÁL** „Mælikvarði IMD er misvísandi, hann malar stöðuna of dökkum litum,“ segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, um útreikninga svissneska viðskiptaháskólans á skuldastöðu hins opinbera.

Skólinn gerir ráð fyrir að íslenska ríkið nái ásættanlegri skuldastöðu (sextíu prósentum af landsframleiðslu) eftir 22 ár, eða árið 2032. Jöfnuður náist í fjármálum hins opinbera eftir fimm ár og verði einu prósentu af landsframleiðslu eftir það varið til að greiða niður skuldir. Á svipuðu róli eru nokkur lönd í skuldavanda, svo sem Ítalía, Portúgal, Belgía, Bandaríkin og Grikkland.

Gylfi Magnússon segir að pottur sé brotinn í ríkisfjármálum hér líkt og víða um heim um þessar mundir. Staðan hér sé þó betri en víða. Því til staðfestingar bendir hann á að ætlan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og stjórnvalda feli í sér að jafnvægi verði komið í ríkisfjármálum 2012 og afgangur verði árið 2013. „Á síðasta ári vorum við aðeins á undan áætlun. Við stöndum mun betur en þau lönd sem valdið hafa mestum titringi undanfarnar vikur,“ segir hann og dregur í efa að önnur lönd í skuldavanda hafi pólitíska og efnahagslega getu til að leysa úr vanda sínum í brád.

„Með því að horfa á brúttóskuldir hins opinbera þá erum við frekar illa stödd. Að mínu mati er eðlilegra að horfa á hreinar skuldir. Á þeim mælikvarða erum við betur stödd með vergar skuldir innan við 50 prósent af landsframleiðslu,“ segir Gylfi.

Viðskiptaráðherra segir mögulegt að vinna ofan af skuldaklapanum með ýmsu móti, svo sem með því að draga hratt úr gjaldeyris-



**GYLFI MAGNÚSSON** Viðskiptaráðherra segir of mikið gert úr skuldastöðu hins opinbera. Byrja verði á að vinna ofan af skuldum ríkisins þegar ró færast yfir í ríkisbúskapnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Samkeppnishæfnin hrynur

Ísland hrapar úr sjöunda sæti árið 2007 í það þriðugasta á nýjasta lista svissneska viðskiptaháskólans IDM um samkeppnishæfni þjóðanna. Á lista skólans er samkeppnishæfni 58 landa borin saman.

Á toppi listans trónir Singapúr. Á eftir fylgir Hong Kong og eru Bandaríkin í þriðja sæti. Hin Norðurlöndin eru á meðal níttján samkeppnishæfustu þjóða heims, neðst er Finnland. Botnsætin verma Venesúela, Úkraína og Króatía.

Ísland skorar hæst í flokkum á borð við samfélagslega innviði eins og menntun, heilsu, tækni og samgöngur. Neikvæðu þættirnir eru háir skattar, hátt vaxtastig, óstöðugur gjaldmiðill, lítill fjölbreytni í atvinnulífinu, lítill hvati til erlendra fjárfestingar og erfitt aðgengi að fjárfestingarverkefnum.

„Við erum búin að núllstilla okkur,“ segir Björn Þór Arnarson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands sem er samstarfsaðili IDM á Íslandi.

varaforðanum þegar ró færast yfir ríkisbúskapinn. Þá megi selja stórar eignir sem ríkið hafi eignast eftir bankahrunið. Þar á meðal er Landsbankinn, sem hið opinbera hafi lagt

til mikið fjármagn. Með sölu bankans muni skuldir hins opinbera lækka. Salan er þó ekki á dagskrá í nánustu framtíð, að sögn viðskiptaráðherra.

[jonab@frettabladid.is](mailto:jonab@frettabladid.is)

Alþjóðasamtök flugfélaga ósátt við evrópskar reglur um flug á tímum eldgosu:

## Vilja slaka mjög á reglunum

**SAMGÖNGUR** Alþjóðasamtök flugfélaga, IATA, gagnrýna evrópsk flugmálastjórnvöld harðlega fyrir það hve strangar reglur gilda um flug þegaraska frá eldgosum er í loftinu.

Samtökin hvetja Evrópuríki til þess að fara að dæmi Bandaríkjanna, sem hafa mikla reynslu af því að umgangast eldgos og banna eingöngu flugumferð þar sem hættan er mest.

„Bandaríkin hafa yfir margreyndum, öruggum og áhrifaríkum aðferðum að ráða þegar kemur að því að kortleggja hættuna af eldfjallaösku,“ segir Giovanni Bisignani, framkvæmdastjóri IATA. „Á undanförunum árum hafa engin vatnverkið verið tilkynnt í flugi vegna eldgosu á bandarísku flugstjórnarsvæði. Evrópuríkin geta margt lært þarna.“

Bisignani segir flugfélögin hafa misst alla trú á getu flugmálayfirvalda í Evrópu til þess að taka samræmdar og skynsamlegar ákvarðanir í þessum efnun, enda eru sömu upplýsingarnar notaðar á mismunandi hátt í ólíkum löndum þegar ákvarðanir um lokun svæða eru teknar.



**BANDARÍSKA FJALLIÐ ST. HELENS** Þrjátíu ár eru liðin síðan St. Helens gaus með látum og truflaði flugumferð vestra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Á hverjum einasta degi þurfa flugfélög að taka ákvarðanir um flug við mismunandi veðurskilyrði,“ segir Bisignani. „Hvers vegna ætti annað að gilda um eldfjallaösku?“

- gb



# Antalya í Tyrklandi

9-10 náttu  
haustferðir með VITA  
Salan er hafin!

## TYRKLAND ÓDÝRAST!

Hvergi  
óðýrara  
að lifa á  
sólarstöðum  
haustið  
2010!

Möguleiki á  
léttgreiðslum



Allt innifalið!

### Paloma Grida Village & Spa

★★★★★

Fallegt 4ra stjörnu hótél í gróðursælum garði við mjúka sandströnd í Belek.

26. okt. – 4. nóv. 9 nætur

Verð frá 185.900 kr.\* og 15.000 Vildarpunktur

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting. ALLT INNIFALIÐ og íslensk fararstjórn.  
\*Verð án Vildarpunkta 195.900 kr.



Allt innifalið!

### Limak Lara

★★★★★

Glæsilegt 5 stjörnu hótél við Lara ströndina. Sundlaugargarðurinn er risastór, gróðursæll og gengið er úr garðinum beint út á mjúka sandströnd.

16. okt. – 26. okt. 10 nætur

Verð frá 229.300 kr.\* og 15.000 Vildarpunktur

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting. ALLT INNIFALIÐ og íslensk fararstjórn.  
\*Verð án Vildarpunkta 239.300 kr.



Allt innifalið!

### Miracle Resort

★★★★★

5 stjörnu hótél við Lara ströndina. Við hótelið er stór sundlaugargarður með gríðarmiklum vatnsrennibrautum.

26. okt. – 4. nóv. 9 nætur

Verð frá 204.480 kr.\* og 15.000 Vildarpunktur

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting. ALLT INNIFALIÐ og íslensk fararstjórn.  
\*Verð án Vildarpunkta 214.480 kr.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR  
GROUP



VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið



Ef sparpera brotnar kunna varasöm efni að menga næsta umhverfi hennar:

## Ekki á að nota kúst eða ryksugu

**TÆKNI** Þegar sparperur brotna er hætt við kvikasilfurssmiti, að því er fram kemur í umfjöllun TV2 í Danmörku. Umhverfisráðuneyti Dana stendur nú fyrir vitundarvakningu um málið. Á vef Landlæknis kemur fram að kvikasilfur í of miklu magni geti haft „skaðvænleg áhrif á vefi líkamans“.

Fram kemur í frétt TV2 að sparperur sé að finna á 90 prósentum danskra heimila.

Í kynningarefni danska ráðuneytisins segir að vegna kvikasilfurssins í perunum sé nauðsynlegt að opna glugga og viðra vel

þegar þær brotna. Flestir eru sagðir sleppa því, auk þess sem um sextíu prósent almennings viti ekki einu sinni af kvikasilfrinu.

Þá skiptir máli hvernig staðið er að því að hreinsa upp brotin. Ekki á að nota kúst eða ryksugu, því þá kann kvikasilfrið að dreifast enn frekar. Nota á pappír eða pappa til að skrapa saman því sem hægt er. Agnir sem setjast í rifur eða sprungur á svo að hreinsa upp með votum eldhúspappír. Næstu tvær vikur á svo að huga að því að vel lofti um herbergið.

- óká



**PERUR** Danir benda á að gæta þurfi sérstaklega að mögulegu kvikasilfurssmiti ef sparperur brotna.

NORDICPHOTOS/AFP

Sinntu níu útköllum:

## Metfjöldi útkalla hjá gæslu

**SLYS** Landhelgisgæslan sinnti níu útköllum síðastliðinn fimmtudag, sem er metfjöldi. Mikjóð annríki hefur verið síðustu daga vegna strandveiða.

Á fimmtudag urðu sex bátar vélarvana viðs vegar við landið og tveir bátar dattu út úr fjar-efirlitskerfum vegna bilunar.

Þegar bátar eiga í erfiðleikum eru nærstaddir bátar kallaðir til ásamt björgunarskipum Landsbjargar og þyrllu Landhelgisgæslunnar.

- þeb



## Börnin okkar í borginni

**Samfylkingin kynnr metnaðarfulla barna- og skólafestu sína fyrir borgarbúum**

25. maí kl. 16:30 Frístundamiðstöðin Frostaskjól  
26. maí kl. 16:30 Í Árseli  
27. maí kl. 16:30 Hlaðan í Gufunesbæ

**Allir velkomnir!**

[www.xs.is/ungareykjavik](http://www.xs.is/ungareykjavik)



## Suður-Kórea hótar hörðum refsingum

Suður-Kóreustjórn hefur lokað á öll viðskipti við Norður-Kóreu og krefst afsökunarbeiðni vengna herskips sem Norður-Kóreumenn eru taldir hafa sökkt í lok mars. Hillary Clinton segir ástandið óstöðugt. Ban Ki-moon fordæmir árásina.

**SUÐUR-KÓREA, AP** Stöðvun allra viðskipta við Suður-Kóreu verður væntanlega þungur skellur fyrir íbúa Norður-Kóreu, því næst á eftir Kína eiga Norður-Kóreumenn mest viðskipti við nágranna sína í Suður-Kóreu.

Lim Eul-Chul, sérfræðingur í málefnum Norður-Kóreu, segir að viðskiptabannið muni kosta Norður-Kóreumenn 200 milljónir dala á ári.

„Við höfum alltaf sýnt grimmd Norður-Kóreu umburðarlyndi, hvað eftir annað,“ sagði Lee Myung-bak, forseti Suður-Kóreu, í ávarpi til þjóðarinnar. „Nú er öðru máli að gegna. Norður-Kórea mun greiða gjald í samræmi við ögrandi verk sín.“

Hann sagði árásina á herskipið hafa breytt öllu á Kóreuskaga, en formlega eiga Kóreuríkin enn í stríði því eftir Kóreustríðið fyrir rúmri hálfri öld var aldrei samið um frið heldur aðeins um vopnahlé.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna sem sjálfur er Suður-Kóreumaður,



**CLINTON Í SEÚL** Hillary Clinton vikur undan þegar Wang Qishan, varaforsætisráðherra Suður-Kóreu, reynir að heilsa Timothy Geithner, fjármálaráðherra Bandaríkjanna.

NORDICPHOTOS/AFP

sagðist reikna með að málið kæmi til kasta öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, var í Suður-Kóreu í gær og sagði ástandið orðið ótryggt.

Fjörutíu og sex menn fórust með suður-kóreska herskipinu Cheonan, sem sökkt var í Gulahafi 26. mars. Ljóst þykir að tundurskeyti hafi verið skotið á skipið og böndin berast að Norður-Kóreu.

gudsteinn@frettabladid.is

## GLEÐILEGT GOLFSUMAR!

**GOLFSETT MEÐ ÖLLU FYRIR BYRJENDUR OG LENGRA KOMNA**

Dömu- og herrasett með burðarpoka og 12 kylfum. Driver, 3 tré, 3,4,5,6,7,8,9 járn, wedge, sandkylfa og putter.

Verð aðeins:

**38.998 KR.**



**ANDREW WAKEFIELD** Segist ætla að halda ótrauður áfram rannsóknnum sínum.

NORDICPHOTOS/AFP

## Einhverfa og bólusetningar: Lækningabann sett á Wakefield

**BRETLAND, AP** Breska læknaáriðið hefur bannað lækningu Andrew Wakefield að stunda læknisstörf í Bretlandi, þar sem hann hefur að mati ráðsins gerst sekur um alvarleg brot í starfi.

Wakefield er þekktur fyrir kenningar sínar um tengsl einhverfu við bólusetningar barna gegn misingum, rauðum hundum og hettusótt.

Wakefield býr nú í Bandaríkjunum þar sem hann rekur miðstöð fyrir einhverfa í Texas. Bannið nær eingöngu til starfa í Bretlandi og breytir því engu um stöðu hans í Bandaríkjunum. - gb



## Ný heimasíða og stefna: Áhersla lögð á aukið gagnsæi

**STJÓRNSÝSLA** Bankasýsla ríkisins, sem flutt er í Borgartún 3 í Reykjavík, hefur opnað nýja heimasíðu, [www.bankasysla.is](http://www.bankasysla.is). Í tilkynningu er bent á að upplýsingastefna Bankasýslunnar kveði á um að lögð sé rík áhersla á gagnsæi í ákvarðanatöku, en liður í að byggja upp traust á fjármálakerfinu á nýjan leik felist í því að tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings. „Bankasýsla ríkisins mun á heimasíðu sinni veita upplýsingar um stefnu sína og störf,“ segir þar. - óká

# Lögreglan fann átta milljónir og skartgripir í bankahólfum sem tengjast rannsókn á eiturfjasmýgli: Europol aðstoðar við rannsókn kókaín málsins

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann átta milljónir króna í tveimur aðskildum bankahólfum í tengslum við rannsókn sína á kókaín máli, þar sem reynt var að smygla þremur kílóum af mjög hreinu kókaíni í ferðatöskum til landsins frá Spáni í síðasta mánuði. Í öðru hólfinu voru að auki skartgripir sem gullsmiðir hafa verðmetið á rúmar tvær milljónir. Um var að ræða hringa og annað skart. Munirnir voru fáir en fokdýrir. Ekki er talið að um þýfi sé að ræða.

Sex manns sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti á föstudag áframhaldandi gæsluvarðhald yfir fjórum. Þeir skulu sitja inni til 18. júní. Sá fimmti situr í gæsluvarðhaldi til 11. júní að minnsta kosti. Sá sjötti er í gæsluvarðhaldi á Suðurnesjum, úrskurðaður til 4. júní. Rannsókn málsins er nokkuð umfangsmikil en hún snýst í raun um tvær tilraunir til innflutnings á kókaíni. Í öðru tilvikinu var afhendingu fíkniefnanna fylgt eftir, það er frá því að svokallað



**Í VARDHALDI** Gæsluvarðhald var framlengt yfir fjórum mönnum á föstudag. meint burðardýr kom því í hendur viðtakenda. Rannsóknin miðar jafnframt að

því að tengja málin við önnur sem upp hafa komið, bæði héraðs og erlendis, þar sem Íslendingar hafa komið við sögu. Vegna þessa hefur Europol haft aðkomu að málinu. Það var helgina 10. til 11. apríl sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók fyrstu fimm mennina vegna málsins. Maður og kona voru svo handtekin vegna málsins á Keflavíkurflugvelli á sama tímabili. Einn karlmaður til viðbótar var svo handtekinn nokkru síðar og úrskurðaður í gæsluvarðhald. -jss

## Betware semur á Mön: Selur leiki frá Microgaming

**VIÐSKIPTI** Hugbúnaðarfyrtækið Betware hefur samið við fyrirtækið Microgaming á Mön um sölu og markaðssetningu á leikjum til ríkislottóa. Í samningnum felst að Betware selur leiki Microgaming, sem er með stærstu leikjaframleiðendum í heimi. „Þetta er stór áfangi fyrir okkur enda erum við komnir í samstarf við þá sem eru bestir á sínu sviði,“ segir Árni Pétursson, markaðsstjóri Betware. Betware þróa leiki fyrir ríkisrekinn lottó- og getraunafyrirtæki. Á meðal helstu viðskiptavina eru Íslenskar getraunir, danska ríkislottóið, spænska ríkislottóið og í Bresku Kólumbíu í Kanada. - jáb



ÁRNI PÉTURSSON

## 400 þúsund símanúmer: Símaskráin komin út

**FÓLK** Símaskráin fyrir árið 2010 kom út á föstudag. Símaskráin inniheldur nú um 400 þúsund símanúmer. Hana má nálgast í verslunum og á bensinstöðvum á höfuðborgarsvæðinu, og hjá Póstinum á landsbyggðinni. Forsíðu símaskrárinnar prýðir mynd úr minningabók frá árinu 1971, þar sem stendur „Mundu mig – ég man þig.“ Verkið er eftir þær Önnu Ingólfssdóttur rithöfund og Elísabetu Brynhildardóttur myndlistarkonu. Þær sigruðu í samkeppninni með þemanu Ísland í jákvæðu ljósi. - þeb

## Hættulegar líkamsásir: Gekk í skrokk á tveim mönnum

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært mann á þrítugsaldri fyrir að brjóta glas á höfði annars manns. Manninum er gefið að sök að hafa slegið hinn í höfuðið með glerglasi á Akureyri. Fórnarlambið fékk skurð á höfuðið. Þess er krafist að árásarmaðurinn verði dæmdur til greiðslu miskabóta að upphæð ríflega 200 þúsund krónur. Þá er maðurinn einnig ákærður fyrir að hafa ráðið á annan mann á Akureyri, misþyrmt honum og nefnbrotið hann. - jss

**DÓMSTÓLAR**  
**Sýknaður af kynferðisbroti**  
Karlmaður hefur verið sýknaður í héraðsdómi af kynferðisbroti gagnvart konu. Honum var gefið að sök að hafa farið óboðinn inn í svefnherbergi hennar og haft í frammi kynferðislega tilburði við hana. Dómurinn taldi ósannað að hann hefði farið óboðinn inn í herbergi stúlkunnar.

# Örugg borg byggir á vinnu og velferð

## VERJUM SKÓLASTARFIÐ OG TRYGGJUM ÖLLUM BÖRNUM ÓDÝRAR FRÍSTUNDIR

Biðraðirnar eftir matargjöfum hjá hjálparstofnunum eru merki um doðann í Ráðhúsinu. Atvinnuleysið eykst og hættan á stéttaskiptingu sömuleiðis. Við verðum að vekja þá krafta sem búa í borginni og takast á við verkefnið. Þess vegna skiptir þitt atkvæði miklu máli!

### Samfylkingin heitir því að

- Verja metnaðarfullt skólastarf fyrir niðurskurði
- Tryggja jöfn tækifæri allra barna til frístundastarfs
- Beita öllum tiltækum ráðum til að skapa fleiri störf

Markmiðið er að auka öryggi á öllum sviðum borgarlífsins og koma í veg fyrir að grípa þurfi til gjaldskrár- eða skattahækkana. Við treystum á þitt atkvæði í þessari mikilvægu baráttu.

### Vekjum Reykjavík!



Sú stefna að leik- og grunnskólar rækti styrkleika hvers barns hittir beint í mark. Börnin eru mikilvægust og það er sjálfsagður réttur að hvert þeirra fái að njóta sín til fulls. Lára Björg Björnsdóttir, sagnfræðingur og pistlahöfundur

**KOMUM VINNUFÚSUM HÖNDUM TIL VERKA!**  
Kynntu þér aðgerðaáætlunina okkar á [xsreykjavik.is](http://xsreykjavik.is)





**FRÉTTASKÝRING:** Mikil endurnýjun er fyrirsjáanleg í bæjarstjórn Ísafjarðar að loknum kosningum



# Endurnýjun í Ísafjarðarbæ

Ljóst er að nýr bæjarstjóri tekur við í Ísafjarðarbæ eftir kosningar. Nýtt framboð Kammónistalistans setur svip sinn á lokasprett baráttunnar. Helsta deilmál undanfarinna ára, framtíð sorphirðumála, bíður ákvörðunar næstu bæjarstjórnar.

Fjórir listar eru í framboði í Ísafjarðarbæ, þeir þrír sem mann eiga í bæjarstjórn og hinn ný Kammónistalisti. Meirihlutinn á Ísafirði er skipaður fjórum sjálfstæðismönnum og einum fulltrúa Framsóknarflokks. Þessir tveir flokkar hafa haldið um stjórnartaumana á Ísafirði undanfarin tólf ár og hefur Halldór Halldórsson verið bæjarstjóri allan þann tíma. Hann er hins vegar að hætta og raunar eru þrír af fjórum efstu fulltrúum Sjálfstæðisflokksins nýir á lista.

Það liggur því fyrir að nýr maður sest í stól bæjarstjóra en miðað við könnun Fréttablaðsins er allsendis óvíst að það verði efsti maður á lista Sjálfstæðisflokks, Eiríkur Finnur Greipsson. Könnunin sýndi mikið fylgistaup Sjálfstæðisflokks en fylgisaukningu Í-listans sem er sameiginlegur listi Samfylkingar, Vinstri grænna, frjálslyndra og óháðra. Ofmat á fylgi Í-listans í skoðanakönnun stuttu fyrir kosningarnar fyrir fjórum árum gerir það hins vegar að verkum að bæði Í-listi og Sjálfstæðisflokkur taka niðurstöðum hennar með fyrirvara.

Sigurður Pétursson er leiðtogi Í-listans rétt eins og fyrir fjórum árum en auk hans eru á listanum tveir sitjandi bæjarfulltrúar og einn nýr liðsmaður, ef miðað er við efstu fjögur sætin. Oddviti Framsóknarmanna er hins vegar nýr, Albertína Elíasdóttir leiðir listann en hún hefur ekki setið í bæjarstjórn.

## Kammónistar óskrifað blað

Óvæntasta útpilið í framboðsmálum Ísafjarðarbæjar er framboð Kammónistalistans sem skipað er ungu fólki, sem flestir eru nemandur í Menntaskóla Ísafjarðar. Þeir sem að framboðinu standa feta ekki ótroðna slóð, árið 1996 bauð



FRÁ ÍSAFIRÐI Kosningabaráttan fór rólega af stað á Ísafirði. Stórtæk loforð eru ekki dagskrá framboðenda sem vilja standa vörð um þjónustu til íbúa.

Fönklistinn fram á Ísafirði en hann átti einmitt rætur sínar að rekja til menntaskólans. Aðalsprauturnar í Kammónistalistanum eru vinir og félagar sem ákváðu að kýla á framboð skömmu áður en framboðsfrestur rann út. Vegna vinatengsla framboðenda flokksins við Gunnar Atla Gunnarsson, formanns Félags ungra sjálfstæðismanna á Ísafirði, komst í háamæli í síðustu viku að framboðið væri í raun frá sjálfstæðismönnum runnið og ætlað að ná í óánægðu sjálfstæðismenn eða annað óánægjufylgi. Bæði framboðendur og sjálfstæðismenn sóru þetta af sér. Íbúar munu svo sumir ekki hafa verið vissir um hvort framboðið væri grín eða alvara en aðstandendur segja framboðið vera í fullri alvöru.

Það kemur svo í ljós á laugardag hvort leikur Fönklistans verður endurtekinn, en hann náði tveimur mönnum í bæjarstjórn.

## Atvinnumálin mikilvæg

Hver eru svo stóru málin í Ísafjarðarbæ, bæjarfélagi sem varð til árið 1996 við sameiningu sex sveitarfélaga? Íbúar hafa áhyggjur af fólksfækkun, en fækkaði hefur um 300 íbúa á undangengnu kjörtímabili, íbúar eru nú um 3.800.

Þegar forsvarsmenn eru spurðir um áherslumál eru atvinnumál alls staðar ofarlega á blaði, enda sé næg atvinna forsenda fyrir blómlegri byggð. Ísafjarðarbær hefur hins

vegar ekki úr miklu að spila, bæjarfélagið er skuldum vafið, hefur mátt glíma við afleiðingar hrunsins og fall krónunnar. Á síðasta ári nam tap bæjarsjóðs 400 milljónum, tæplega 900 árið á undan. Grípa þurfti til niðurskurðarhnífsins á síðasta ári og voru laun lækkuð og stöðugildum fækkað. Núverandi minnihluti Í-listans vann með meirihlutunum að sparnaðaraðgerðunum.

Staðan er þó ekki svo slæm að framboðendur telji að skuldirnar sliði sveitarfélagið. Þær geri það hins vegar að verkum að aðhaldsemi sé þörf í rekstri. Stórtæk loforð eru ekki á dagskránni hjá framboðendum, þeir vilja standa vörð um þjónustu til íbúa og hafa augun opin í að grípa ný tækifæri. Helsta ágreiningsefni undanfarinna ára hefur verið framtíðarskipulag sorphirðu í bæjarfélaginu. Í-listinn hefur viljað endurnýja Funa, sorphirðu bæjarins sem er í Skutulsfirði. Meirihlutinn hefur verið að skoða möguleika á urðunarstað annars staðar eða jafnvel að aka sorpi til Reykjavíkur. Afráðið var að setja þessi mál í útboð en það verður næstu bæjarstjórnar að taka um þau endanlega ákvörðun.

Sigríður Björg Tómasdóttir  
sigridur@frettabladid.is



## Leggjum áherslu á ráðdeild og sparsemi

„Við höfum lagt áherslu á ráðdeild og sparsemi, það má segja að við viljum ekki gefa nein loforð sem kosta pening,“ segir Eiríkur Finnur Greipsson oddviti sjálfstæðismanna. „Við höfum líka mikinn áhuga á atvinnuuppbyggingu og höfum til að mynda áhuga á því að hér verði byggð upp sportbátamiðstöð, við viljum móttvera fólk og gefa því tækifæri og ýta þannig undir verðmætis-sköpun. Við stefnum á uppbyggingu hjúkrunarheimilis og ætlum að standa vel að því þegar við Vestfirðingar tökum við Svæðisskrifstofu fatlaðra. Staða bæjarfélagsins er allþokkaleg þó að það sé skuldbætt. Við förum í niðurskurð og síðan 2007 höfum við fækkað störfum auk þess að lækka laun.“



## Mikilvægt að viðhalda þjónustunni

„Við erum fyrst og fremst með hugann við það að viðhalda þjónustu bæjarfélagsins í leikskóla og skólumálum og í þjónustu við eldri borgara. Við viljum koma upp hjúkrunarheimili og taka við þjónustu við fatlaða með myndarlegum hætti. Á bak við þetta er varnarbarátta í íbúamálum, þar þarf að standa fast á málum, hvort sem er í samgöngu- eða sjávarútvegsmálum. Við stöndum heils hugar á bak við þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til í þeim efnum,“ segir Sigurður Pétursson oddviti Í-listans. „Ég hef oft sagt það að nú sé kominn tími hinna smáu verka. Verk sem kosta ekki mikið eins og viðhald á eignum. Ferðaþjónusta hefur verið að aukast og í henni hljóta að felast tækifæri.“

## Vilja hjólaskýli og hjúkrunarheimili

„Við viljum stuðla að því að byggt verði hjúkrunarheimili, hjólaskýli í miðbæ Ísafjarðar og að Holtahverfið verði vistgata. Við viljum að sláturhúsið á Þingeyri verði endurreist,“ segir Stígur Berg Sophusson oddviti Kammónistaflokksins. „Til að spara fé fyrir bæjarfélagið viljum við lækka hitakostnað húsnæðis hans með því að lækka hitann í húsnæði hans, við viljum líka hafa sjaldnar kveikt á ljósausturum í sparnaðarskyni. Við erum sammála Í-listanum í því að við viljum lækka laun bæjarstjóra og bæjarfulltrúa meira en gert hefur verið, þann pening sem sparast væri hægt að setja í framkvæmdir. Við viljum líka að Ísafjarðarbær veði sportbátamiðstöð Íslands.“



## Atvinnulífið er mikilvægt

„Pau meginatriði sem við leggjum áherslu á eru umhverfismál, samfélagsmál, atvinnumál og stjórnun sveitarfélagsins,“ segir Albertína Elíasdóttir oddviti Framsóknarmanna. „Atvinnumálin eru mikilvæg en það sem okkur vantar hér er fjölbreyttari atvinna. Við viljum því leggja áherslu á að búa fyrirtækjum gott rekstrarumhverfi. Raforkumál eru annað mál sem við setjum á oddinn, við viljum bætt raforkuöryggi en hér er rafmagnsleysi öðru hvoru með miklu tapi. Við viljum að sérstaklega verði hugað að varðveislu gamalla húsa. Einnig viljum við huga að umhverfismálum. Það er brýnt að umgangast atvinnu- möguleika.“



Einnig viljum við huga að umhverfismálum. Það er brýnt að umgangast atvinnu- möguleika.“

## BORGUN

### AÐVELDAR VIÐSKIPTI

Borgun hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 30 ár. Þekking okkar og reynsla nýtist viðskiptavinum á hverjum degi, allan sólarhringinn.

Borgun býður:

- Allar gerðir posa á hagstæðum kjörum
- Öruggar lausnir fyrir vefverslanir
- Skilvirka leið við innheimtu boðgreiðslna
- Notendavæna þjónustuvefi

Hafðu samband í 560 1600 eða borgun@borgun.is og fáðu tilboð í færsluhringingu.

**BORGUN**  
AÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík Sími 560 1600 • www.borgun.is





## „Aðgát skal höfð í nærveru sálar“

Einar Benediktsson



### Jákvætt hugarfar bætir lífsgæði okkar allra.

Sjaldan eða aldrei hefur verið mikilvægara að hafa jákvæðni að leiðarljósi. Rannsóknir sýna að fólk sem er jákvætt sér fleiri möguleika og tækifæri, er opnara fyrir nýjungum og sköpunargleði þess eykst. Með því að vera jákvæð náum við betri árangri í starfi, aukum andlega vellíðan og eflum starfsánægju okkar og þeirra sem við störfum með. Verum jákvæð.



Grunngildi höfð til hliðsjónar:

## Hvar á að skera?

Jafnrétti til náms er ein af grunnstoðum norræns velferðarsamfélags. Í því felst sannur jöfnuður í því að hverjum og einum eru gerð sömu tækifæri til þess að mennta sig. Hvernig fólk svo vinnur úr þeim tækifærum er annað mál. Að loknu grunn- og framhaldsskólanámi á fólk að standa

### SKOÐUN

Óli Kristján Ármannsson  
olikr@frettabladid.is



frammi fyrir sömu tækifærum til þess að mennta sig til framtíðar.

Í jafnrétti til náms felast grunngildi samfélagsins sem horfa verður til þegar kemur að fyrirhuguðum niðurskurði útgjalda til menntastofnana landsins. Hér er uppi sú algalna staða að sjö til átta háskólar

þjóna ríflega 300 þúsunda manna samfélagi. Þumalputtaregla segir okkur að í útlöndum standi alla jafna um milljón manns að baki hverjum einum háskóla.

Komi til hagræðingar í þá veru að ríki kosti ekki kennslu sömu námsgreinarinnar á háskólastigi í mörgum skólum verður illa séð að það samræmist þeim gildum sem hér hafa verið í heiðri höfð um jöfn tækifæri til náms að eftirláta einkaskólum sem innheimta há skólagjöld kennslu í þeim greinum sem núna eru kennd við marga skóla. Þarna er undir lögfræði, viðskiptafræði og tölvunarfræði.

Á fjárlögum 2010 eru heildarútgjöld til menntamálaráðuneytisins rúmir 58,8 milljarðar króna, svo sem má svo glögglega sjá á vefnum www.datamarket.com. Í niðurbroti kemur svo fram að af þeirri upphæð renna 14.988 milljónir króna til skóla á háskólastigi, hvort heldur þeir eru í eigu ríkisins eða annarra. Ef Listaháskóli Íslands er sökum sérstöðu sinnar tekinn út fyrir sviga standa eftir Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst sem einkaskólar sem innheimta skólagjöld um leið og þeir taka við framlagi frá ríkinu. Framlag til HR er 2.067 milljónir króna og 329,4 milljónir renna til Háskólans á Bifröst. Það eru 2.396,4 milljónir króna, eða 16 prósent af útgjöldum til háskóla.

Með þeirri ákvörðun einni að hætta framlögum til einkaskóla sem innheimta skólagjöld virðist markmiðum næsta árs í sparnaði í Háskólakerfinu náð. Er þá ekkert horft til mögulegrar hagræðingar annarrar, svo sem endurskoðun á aðkomu Háskóla Íslands að Keili eða sameiningu Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands. Nefna má góðan árangur í þróun kennaranáms og fjarkennslu fyrir norðan. Ætti því fátt að standa í vegi fyrir því að færa kennaranám alfarið þangað.

Auðvitað er hér um einföldun að ræða, því eitthvert myndi það fólk leita til að mennta sig sem annars hefði ákveðið að stunda nám við þá skóla þar sem niðurskurðarhnífinn ber niður. Þá er ekki loku fyrir það skotið að einkaskólar gætu haldið áfram starfsemi án ríkisstyrkja.

Margt gott hefur fylgt þeim skólum sem hér er stungið upp á að verði fyrir barðinu á harkalegum niðurskurði. Fjölbreytni námsleiða hefur aukist, samkeppni milli háskóla hefur veitt faglegt aðhald og líklegt að fleiri hafi sótt sér framhaldsmenntun en ella hefði verið. Nýna blasir hins vegar við harkalegur samdráttur eftir eitthvert mesta efnahagshrun sem þróað vestraut ríki hefur orðið fyrir, hrun gjaldmiðils og svo fjármálakerfis ofan í sprungna eignabólu. Þá hlýtur að þurfa að horfa til grunngilda sem við viljum að þetta samfélag byggji á.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Ólafur og Kolbrún leiða H-lista – framboð um heiðarleika



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Hvar eru stefnumálin?


Kosningabaráttan þetta árið er í sögulegu lágmarki og elstu menn mun vart meiri ládeyðu í pólitíkinni. Sumum þykir það hið besta mál, orðnir dauðleiðir á stjórnmálunum og þeim sem þar starfa og fegnastir því að lítil fókus sé á þeim. En stundum er eins og flokkarnir sjálfir hafi gleymt pólitíkinni, í það minnsta hefur reynt erfitt að ræða hugmyndafræði við stjórnmálamenn síðustu mánuði. En nú eru sjónvarpsauglýsingarnar komnar og fókusinn kominn á brosandí stjórnmálamenn og börn í sólinni. Allt eins og það á að vera.

#### Er það kannski fólkið?

Gömlu flokkarnir í borginni hafa farið í marga hringi til að útskýra fylgihrun sitt og vinsældir Besta flokksins. Helst eru þeir þó sammála um að með þessu séu kjósendur að gefa hefðbundnum stjórnmálum langt nef. Enn hefur enginn þeirra þó velt þeirri hugmynd upp, sem hlýtur að vera eðlilegt að gera, hvort það sé kannski bara fólkið sem kjósendur fella sig ekki við. Sjálfsgagnrýni er enda ekki sterkasta hlið stjórnmálamanna.

#### Breiðholt yfirgefið?

Það er af sem áður var þegar Breiðholt var eitt helsta vígi Sjálfstæðisflokksins í borginni. Þar bjuggu margir borgarfulltrúar og líflegt starf var þar í aðdraganda kosninga. Kannski er það til marks um brotthvarf Breiðhlytingsins Vilhjalms P. Vilhjalms-sonar úr borgarstjórn að þegar heimasíða Sjálfstæðisflokksins er skoðuð kemur í ljós að í þeirra huga eru hverfi borgarinnar fimm: Árbær, Grafarholt og Úlfarsárdalur, Grafarvogur og Miðborgin og Vesturbær. Þar er Breiðholt hvergi að finna.



### HALLDÓR



## Mætum vaxandi fátækt

### Fátækt



Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi

Allir eiga að hafa í sig og á, þak yfir höfðu og geta lifað með reisu í samfélagi manna. Það eru mannréttindi. En nú hefur ekki verið jafn mikil fátækt í okkar samfélagi í áratugi. Það er á ábyrgð sveitarfélaga að tryggja þeim framfærslu sem ekki geta séð fyrir sér og sínum, hafa hvorki launa-tekjur né bætur almanna- eða atvinnuleysistrygginga.

Í dag er miðað við 125.500 fyrir einstakling og 200.000 fyrir hjón sem lágmark. Þetta dugur ekki til. Við í Samfylkingunni viljum tryggja fólki framfærslu eins og hún er skilgreind í dag af ESB og Hagstofnunni, kr. 160.800 á mánuði fyrir einstakling. Um er að ræða tekjur eftir skatta auk félagslegra bóta s.s. húsaleigubóta og barnabóta og tengdra greiðslna.

Dæmi. Einstaklingur með fjárhagsaðstoð fær 125.500 og 18.000 kr. í húsaleigubætur. Hann vantar 17.300 kr. á mánuði til að komast upp í 160.800 kr. Reykjavíkurborg á að tryggja þessa viðbót.

Það er ekki hægt að horfa á sífellt stækandi biðraðir við hjálparamtök án þess að aðhafast. Sveitarfélagið ber ábyrgð á því að tryggja fólki framfærslu, en það er annarra að taka á skuldavanda, verðlagsástæðum og lágum tekjum sem valda fátækt.

Einstæðar mæður og barnmargar fjölskyldur eru í áhættuhópi. Stéttskipting barna kemur skýrast fram í því að börn tekjulágra og skuldugra foreldra geta ekki leyft sér að stunda tólmundir, íþróttir og listnám, þrátt fyrir 25.000 króna framlag í formi Frístundakorta, sem var mikið framfaraspor. Vegna barna foreldra sem fá fjárhagsaðstoð er greitt sérstaklega kr. 11.600 á mánuði í skólamáltíðir eða tólmundir. Þetta dugir ekki til, tólmundir, íþróttir og listnám verður að vera ódýrara. Þá höfum við lagt til að allir geti greitt inn á Frístundakort ef styrkja þarf börn frekar.

Hér á landi getur fólk ekki lifað af tekjum sem skilgreindar eru sem lágtekjur, miðað við hve margir leita á náðir hjálpar- og líknarsamtaka. Ástæður eru m.a. geysilega hátt verðlag á matvöru og húsnæði. Vextir af lánum eru mikið hærri en í Evrópu. Fátækt fólk stendur ekki undir neyslu-byrdinni.

Borgaryfirvöld verða að gæta sérstaklega að því að hækka ekki gjaldskrár umfram verðlag. Með öllum tiltækum ráðum þarf að vinna að auknum jöfnuði meðal fólks. Ójöfnuður leiðir til sundrunar, en í samfélagi þar sem jöfnuður ríkir, er meiri velsæld og heilsa fólks betri.



# Valdið er okkar

Í DAG

Jónína Michaelsdóttir  
blaðamaður



Einu sinni þegar ég tók þátt í kosningu til stjórnar hjá fjölmennri hreyfingu, búin að merkja við þá sem ég treysti, en vantaði eitt nafn, fékk ég vægt valkvíðakast. Átti erfitt með að velja milli tveggja einstaklinga. Stúlka sem var að safna saman atkvæðaseðlum stóð við borðið og beið eftir seðlinum frá mér. Annar þessara manna hafði sýnt fálæti í umræðu sem mér fannst skipta máli, svo ég afréð að kjósa hinn. Þeir kæmst hvort sem er báðir í stjórnina. Sú varð ekki raunin. Sá sem ég valdi síðastan komst í stjórnina, en var neðstur á listanum. Fyrsti varamaður var hinn sem ég ákvað að kjósa ekki, og það munaði einu atkvæði á þeim!

Þetta var góð lexía og gagnleg. Það er ekki kosningafrasi að hvert atkvæði skipti máli.

## Ábyrgð kjósenda

Allt bendir til þess að þátttaka í sveitarstjórnarkosningunum um næstu helgi geti orðið í sögulegu lágmarki. Stjórnarmál og stjórnarmálamenn eru ekki eftirlætis-umræðuefni almennings þessa dagana, en beri það á góma, er áherslan helst á því sem fólk er mótfallið, bæði í eigin stjórnarmálaflokkum og annarra. Sólin er nú mætt og sumargleðin allsráðandi, grínið komið í framboð og kemur best út í skoðanakönnunum. Grín

auðgar lífið og gerir það skemmtilegra, en það er ekki lífið sjálft.

Spyrja má: Sýnum við kjósendur sömu ábyrgð og við köllum eftir hjá frambjóðendum?

Hvernig eru frambjóðendur valdir í dag? Er lögð áhersla á að í sveitarstjórnunum og á alþingi sitji fólk sem ber skynbragð á og hefur reynslu af viðskiptalífi, menningarmálum, heilbrigðismálum, landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði í víðasta skilningi, utanríkismálum, skólumálum, íþróttum, skipulagsmálum og húsbýggingum eða samgöngumálum? Varla.

Frambjóðendur eru yfirleitt valdir með prófkjörum, og þá skiptir mestu að vera þekktur. Fjölmíðlafólk sem missir vinnuna eða vill skipta um starf, fær yfirleitt örugg sæti ef það gefur kost á sér. Það tíðkast ekki lengur hjá stjórnarmálaflokkum, að því er virðist, að leita uppi fólk með reynslu og þekkingu sem gagnast í stjórnarmálum, reyna að fá það til að bjóða sig fram og afla því síðan stuðnings. Virtasti og vinsælasti ráðherra sitjandi ríkisstjórnar, Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra er lýsandi dæmi um hverju slík vinnubrögð geta skilað. Margt fólk, sem gæti aukið veg og virðingu sveitarstjórna og alþingis með störfum sínum og framkomu, fengist ekki í það leikrit sem prófkjörsbarátta stundum er. Því miður.

Einsleitir hópur, þar sem flestir eru á svipuðum aldri, endurspeglar naumast samfélagið og hefur ekki skilyrði til að skilja eigin takmarkanir. En það er semsagt ekki við hópinn að sakast, heldur okkur, sem kjósum hann. Valdið er okkar. Við veljum fulltrúa okkar og við

veljum forystumenn flokkanna sem við treystum. Ef við vöndum ekki valið, er við okkur að sakast.

## Á maður ekki að hafa stefnu?

Einu sinni kom til mín frambjóðandi, sem var á leið í prófkjör í sveitarstjórn í fyrsta sinn, og bað mig að líta yfir kynningarbækling sem hann var að búinn að setja upp, áður en hann færi í prentun. Þetta var finni bæklingur, góð og tilgerðarlaus mynd af frambjóðandanum á forsiðunni, upplýsingar um hann á opnunni, en fyrir neðan nokkur orð um stefnu hans í fjórum eða fimm málaflokkum. Ég spurði hvort þetta væru málaflokkar sem hann þekkti til eða hefði áhuga á. Hann sagði svo ekki vera, „En á maður ekki að hafa stefnu í þessum málum?“ spurði hann. Þessi frambjóðandi var vel kynntur og hafði staðið sig vel á meira en einu sviði. Ég sagði honum því, að í hans sporum myndi ég taka fram þá málaflokka sem allir vissu að hann þekkti til en gefa hinum frí þangað til seinna, sem hann gerði. Komst inn, og gekk vel.

Frambjóðendur leita í æ ríkari mæli aðstoðar sérfræðinga í markaðsmálum, og það er rökrétt varðandi kynningu, en síður þegar kemur að málefnum flokkanna. Þegar fólk fer með utanaðlærða frasa sem augljóslega eru ekki þeirra hugarsmið, er kominn tími til að draga í land.

Kjósendur sem skila auðu, senda skilaboð til eigin flokks um að hann sé ekki að standa sig, sem getur vel verið verðskuldað, en um leið eru þeir að leggja öðrum flokkum lið. Kjósendur eru í raun arkitektar valdsins þar sem lýðræði ríkir.

# Óraunhæfir raunvextir

Efnahagsmál

Már Wolfgang Mixa  
hagfræðingur



árinu 1999 til 2008 var um 3,0%. Miðað við hagvöxt á sama tímabili var sú ávöxtun þolanleg, en hálfu prósentu undir 3,5% viðmiðunar-mörkunum. Í upphafi þess tímabils var auk þess miklu hærra ávöxtunarkrafa á ríkistryggðum verðbréfum, það þótti tíðindum sætta þegar að krafan fór niður fyrir 5% múrinn árið 2003.

Raunávöxtun skuldabréfa er almennt lægri en hjá hlutabréfum. Ávöxtunarkrafa Íbúðabréfa í dag er í flestum flokkum í kringum 3,7%. Miðað við 0,2% rektarkostnað sjóða sem hlutfall af eignum og eðlilegum viðskiptakostnaði og öðrum gjöldum geta lífeyrissjóðir nú þegar ekki reitt



Því þarf að lækka þessa ávöxtunarkröfu á núvirðingu lífeyris. Slæmu fréttirnar eru að það leiðir óhjákvæmilega til enn frekari skerðingar

á lífeyri landsmanna.

fólst í þeirri einlitnu fjárfestingarstefnu lítil áhættudreifing sem gerði ekki ráð fyrir afföllum að slíkum skuldabréfum, sem í dag eru ekki óhugsandi. Þessi ávöxtunarkrafa til fjárfestinga gengur hins vegar ekki upp.

Eðlileg raunávöxtun hlutabréfa helst í hendur við hagvöxt. Sé hún til lengri tíma hærra verður ávöxtunin að endanum hærra en verg þjóðarframleiðsla. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands var meðaltal hagvaxtar 3,1% síðasta áratug, en sé miðað við magnbreytingu á mann er sú tala aðeins 1,6%.

Árleg ávöxtun lífeyrissjóða frá

sig á slík kaup, ávöxtunin færi niður fyrir 3,5%. Sjóðsstjórnar þeirra geta því vart undir núverandi kringumstæðum fjárfest í slíkum bréfum á núverandi kjörum.

Því þarf að lækka þessa ávöxtunarkröfu á núvirðingu lífeyris. Slæmu fréttirnar eru að það leiðir óhjákvæmilega til enn frekari skerðingar á lífeyri landsmanna. Á móti kemur að það veitir sjóðsstjórn lífeyrissjóða rými til að fjárfesta í Íbúðabréfum með lægri ávöxtunarkröfu. Slíkt veitir rými til lækunar raunvaxta, sem í dag eru óraunhæfir.

# HVERJU LOFA FLOKKARNIR?

## Fundur um velferð fatlaðra

Nú í aðdraganda sveitastjórnarkosninganna óma loforð stjórnarmálaflokka um stræti og torg: „Eitt samfélag fyrir alla“, enginn „svangur og án húsaskjól“, allir eiga að hafa „sómasamlegt lífsviðurværi“ og staðinn verður vörður um „góða grunnþjónustu“.

## Hvað felst í þessum lofordum?

Öryrkjabandalag Íslands heldur opinn fund um velferð fatlaðra þriðjudaginn 25. maí kl. 16-19 á Hilton Reykjavík. Fulltrúar í framboðum til sveitarstjórna á höfuðborgarsvæðinu svara spurningum um áherslur þeirra og forgangsröðun í málefnum fatlaðra. Táknmálstúlkar verða á staðnum og tónmöskvakerfi.

Fundarstjóri er Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Nánari upplýsingar á heimasíðu ÖBÍ [www.obi.is](http://www.obi.is)

KREPPU LOFORÐIN



Mætum öll - Ekkert um okkur án okkar



# Flöskuhálsar og fyrirvarar

## Skuldavandi heimilanna

Árni Helgason

lögmaður og formaður Heimdallar



Frá því að kreppan skall á og fjármála-kerfi landsins féll hefur legið fyrir að heimilin og fyrirtækin eru í gríðarlegum skuldavanda. Eignaverð féll, skuldir jukust, laun minnkuðu og atvinnuleysi jókst.

Tvö meginsjónarmið komu fram fljótlega í kjölfar hrunsins um hvernig vinna skyldi úr vandanum og reisa skjaldborgina margfrægu. Önnur hugmyndin gekk út á að fara í flatar afskriftir, t.d. 20% af öllum skuldum. Þetta var m.a. réttlætt með því að nýju bankarnir keyptu lána-söfn gömlu bankanna á 35-50% af nafnvirði. Skuldarar landsins ættu að njóta göðs af því.

### Á kostnað skattgreiðenda

Margt mælir á móti þessu. Slík aðgerð yrði mjög dýr og stór hluti af þeim kostnaði legðist beint á skattgreiðendur landsins. Meira en helmingur allra fasteignalána er í Íbúðalánasjóði en það lánasafn var ekki fært til nýs félags heldur er sjóðurinn sem fyrr í eigu ríkisins. Ríkissjóður yrði því beinlínis að leggja út fyrir þeim kostnaði. Lífeyris-sjóðirnir eru að auki með um 10% af fasteignalánunum og niðurfærsla þar myndi koma niður á lífeyrisréttindum fólks.

### Sama lyfið handa öllum

Hugmyndin sjálf, um að lækka skuldir allra um sama hlutfallið, er gölluð. Sem lausn við vandamáli er hún svipuð og að bregðast við hættulegum faraldri með því að gefa öllum sama skammtinn af lyfi, jafnt hraustu ungu fólki sem veiku eldra fólki. Þannig fengju allir 20%

niðurfærslu lána – bæði þeir sem eiga eignir og þurfa ekki á aðstoð að halda og eins þeir sem skulda marga tugi milljóna og yrði ekki bjargað þótt skuldirnar lækkuðu um 20%.

### Afmarkaðar aðgerðir

Hinn kosturinn, sem varð ofan á, var að fara út í einstaklingsbundnar aðgerðir. Hugsunin þar að baki var sú að mæta verst setta hópnum af myndarskap og koma í veg fyrir að þúsundir Íslendinga færu í gjaldþrot sem hafa verið mjög íþyngjandi hér á landi. Kröfuhafar geta haldið kröfum á lífi nánast út í hið óendanlega, fólk festist á vanskilaskrá og fær ekki tækifæri til að byrja upp á nýtt í kjölfar gjaldþrots, jafnvel þótt það hafi

gjaldþrot að hagsmunir aðila fara saman. Kröfuhafarnir fá upp í sínar kröfur eins og raunhæft er í stað þess að halda þeim lifandi árum saman upp á von og óvon. Skuldarinn greiðir að sama skapi upp í kröfurnar eins og hann ræður við en getur svo byrjað upp á nýtt í kjölfarið.

Sú pólitíska ákvörðun að fara í einstaklingsbundnar aðgerðir var vitaskuld þeim annmarka háð að það yrði tímafrekt að taka hvert og eitt mál fyrir. Til þess þurfti vitaskuld að styrkja þær stofnanir sem fengju þetta verkefni í hendur.

### Flöskuhálsar í kerfinu

Því miður hefur ekki verið staðið við þetta fyrirheit. Kerfið er svífaseint og



Stjórnámálamegnir gáfu fyrirheit um kerfi sem tæki myndarlega á vanda hinna verst settu en hafa í reynd útfært kerfi sem er undirmannað og fullt af fyrirvörum við því að fólk njóti úrræða. Þessu þarf að breyta.

verið svipt búi sínu og eignum. Gjaldþroti hér á landi hefur frekar svipað til refsingar en innheimtuúrræðis.

### Nýtt upphaf

Hugmyndin að baki greiðsluadlögum er að höggva á hnúttinn með markvissari hætti en gert er í gjaldþroti. Greiðsluadlögum stendur yfir í 3-5 ár og á þeim tíma greiðir fólk í samræmi við greiðslugetu sína sem er fundin út með því að draga framfærslu frá ráðstöfunartekjum. Að 3-5 árum liðnum rakna eftirstöðvar skuldanna við en þær má fella niður að hluta eða í heild.

Þetta úrræði hefur þá kosti umfram

fáliðað. Löng bið er eftir því að komast í viðtal hjá Ráðgjafarstofu heimilanna. Innan héraðsdómstólanna hefur ekki verið nægur mannskapur til að ráða við þann gríðarlega fjölda umsókna um greiðsluadlögum sem hefur borist þótt þeir sem sinni þessum málum vinni vel. Því hafa myndast flöskuhálsar í kerfinu og geta allt að 6-8 mánuðir liðið þar til mál eru afgreidd. Þá hafa úrræði banka-lítið gert fyrir fólk, þar sem gert er krafa um háa greiðslugetu og öruggar framtíðartekjur til þess að skuldir séu lækkaðar. Það skýtur skökku við að búa úrræðin þannig úr garði að fólk verði að hafa háar tekjur til að geta notið þeirra.

### Ekki fyrir alla

Í lögum um greiðsluadlögum eru fyrirvarar um hverjir fá að njóta úrræðisins. Þeir sem hafa t.d. borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnurekstri og eru með skuldir á eigin kennitölu fá ekki greiðsluadlögum. Þar undir falla einyrkjarnir sem fóru ekki þá leið að setja upp einkahlutafélag, t.d. iðnaðarmenn og dagmómmur, svo dæmi sé tekið. Þeir sem hins vegar stofnuðu einkahlutafélag, takmörkuðu ábyrgð sína og söfnuðu upp skuldum með þeim hætti, eiga undir úrræðin.

Þá er í lögnum heimild til að hafna fólki um heimild til að leita greiðsluadlögum ef það hefur hagað fjármálum sínum á verulega áhættuþættum eða tekið áhættu sem ekki var fyrir séð að það gæti staðið undir. Með þessu á að passa að þeir sem höguðu sér óskynsamlega fái ekki heimild til greiðsluadlögum en á móti má spyrja hver sé tilgangurinn með slíkum fyrirvörum. Hvorki skuldararnir né kröfuhafarnir eru betur settir við að synjað sé um greiðsluadlögum á þessum forsendum. Með þeim hætti fá kröfuhafar allajafna ekkert upp í kröfur og skuldarinn lendir þá í gjaldþroti með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum.

### Hraðinn verður að aukast

Stjórnámálamegnir gáfu fyrirheit um kerfi sem tæki myndarlega á vanda hinna verst settu en hafa í reynd útfært kerfi sem er undirmannað og fullt af fyrirvörum við því að fólk njóti úrræða. Þessu þarf að breyta. Starfsmönnum verður að fjölga og biðtíminn verður að stytta, þannig að fólk hangi ekki mánuðum saman í bið eftir því hvað verða vill. Einfalda þarf úrræðin og fella út fyrirvara og önnur flækjustig.

Markmiðið með úrræðunum hlýtur að vera að koma fólki eins fljótt og kostur er á lappir á ný, þannig að það geti unnið og greitt af skuldum sínum án þess að hver einasta króna fari upp í kröfur.

## Reykjavíkurfraðboðið eða fjórflokkurinn

### Borgarmál

Örn Sigurðsson

frambjóðandi Reykjavíkurfraðboðsins



Fjórflokkurinn fórnar hagsmunum borgarbúa ítrekað í valda-brótti sínu á landsvísi. Atkvæðaveiðar hans á landsbyggðinni valda því nánast sjálfkrafa að hann getur ekki unnið af heilindum fyrir höfuðborgarbúa. Nægir að nefna útdælingu vegafjár og flugvallar- og Sundabrautarmálin. Reykjavíkurfraðboðið er óháð kjördæmapoti fjórflokksins á landsbyggðinni og getur því beitt sér að fullu fyrir hagsmunum Reykvíkinga. Komumst við til valda eftir kosningar munum við sjá til þess að í nýju Aðalskipulagi Reykjavíkur haustið 2010 verði gert ráð fyrir þéttri og blandaðri miðborgarbyggð í Vatnsmýri.

Þar með verður byggingarlandið þar veðhæft. Borgin tekur þá lán til þriggja ára með veði í landinu að upphæð amk. 21 milljarður kr. Eftir þrjú ár verður byggingamarkaðurinn í Reykjavík lifnaður við. Vatnsmýrarlóðirnar verða þá boðnar upp, seldar hæstbjóðanda og þriggja ára lánið greitt upp.

Stefna Reykjavíkurfraðboðsins er:

- Að a.m.k. 70 milljarða króna auðæfi Reykvíkinga undir flugbrautum í Vatnsmýri verði til ráðstöfunar fyrir borgarbúa strax, með því að selja þar byggingarlóðir.
- Að af þessum 70 milljörðum króna verði allt að 7 milljarðar kr. notaðir árlega í 3-4 ár til að eyða kreppuáhrifum á borgarbúa svo hvorki þurfi að hækka útsvar og þjónustugjöld né að draga úr þjónustu við borgarbúa eða minnka nýfrankvæmdir og viðhald á vegum borgarinnar.
- Að Reykjavíkurborg nýti hluta

auðæfanna í Vatnsmýri til að verja Orkuveitu Reykjavíkur, ef með þarf.

- Að setja auknið fé í að styðja fátæka, t.d. með beinum hætti, með aukinni menntun og starfsþjálfun.

- Að styrkja fjölskylduhjálpinu með aukinni fjárhagsaðstoð og fella niður húsaleigu til samtakanna svo þau geti aðstoðað nauðstadda Reykvíkinga þar til þeir hafa atvinnu og geta verið án stuðnings.

- Að koma atvinnumálum í borginni á fulla ferð með fjárstuðningi viðhald og nýsköpun og með breyttri forgangsröðun í aðgerðaráætlun borgarinnar þannig að hún henti sem flestum Reykvíkingum.

- Að falla frá niðurskurði núverandi meirihluta til nýfrankvæmda t.d. til íþróttahúss ÍR í S-Mjódd og til skóla og leikskóla í hinum ýmsu hverfum borgarinnar.

- Að bæta þjónustu Strætó í borginni og einnig ýmsa aðra þjónustu. Við viljum að þjónustan, sem horfin er úr hverfum borgarinnar komi aftur inn svo sem lögreglustöðin.

- Að umferðaröryggi í íbúðarhverfum borgarinnar verði stóraukið m.a. með fjölgun 30 km gatna og með tilheyrandi fjölgun hraðahindrana.

- Að stuðla að því með íbúum og íbúasamtökum í hverfum borgarinnar að komið verði á fót þriðja stjórnsýslustiginu úti í hverfunum í líki hverfaráða. Þau fái stóraukið fjármagn og viðtækara verksvið, sem lúta að hverfinu sjálfu.

Reykjavíkurfraðboðið mun beita sér af hörku fyrir réttlátari skiptingu vegafjár. Að fengnu auknu vegafé munum við m.a. leggja áherslu á Vesturlandsveg á Kjalarnesi, mislæg gatnamót við Reykjanesbraut og Bústaðaveg, 1. áfanga að Miklubraut í stökk og ýmsum göngubrúum svo sem yfir Breiðholtsbraut austan Select og yfir Hringbraut á tveim stöðum.

## Eignaupptaka án sakfellingar

## Non conviction based confiscation

### LAGASTOFNUN

Opinn fundur miðvikudaginn 26. maí kl. 12.00-13.30 í Öskju, sal 132

Carlo van Heuckelom, deildarstjóri fjármunarannsóknardeildar EUROPOL

Er mögulegt að ná meira af eignum þeirra sem áttu sök á fjármálahrúningu á Íslandi með einfaldri lagabreytingu?

Hver er reynsla annarra þjóða af slíkum úrræðum?

Eignaupptaka án sakfellingar er ekki möguleg samkvæmt íslenskum lögum en þekkist víða, svo sem í Bandaríkjunum, Írlandi, Liechtenstein og Sviss.

Lagt hefur verið fram frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þar sem lagt er til að slíkt ákvæði verði lögfest.

Carlo Van Heuckelom, lögfræðingur og meistari í réttarendurskoðun, er sérfræðingur í rannsókn efnahagsbrota og hefur starfað sem slíkur frá 1986. Árið 2000 leiddi hann starf við að koma á fót nýrri stofnun gegn fjármálaglæpum, National Directorate for Financial and Economic Crimes Enforcement í Brussel. Heuckelom hefur starfað sem yfirmaður fjármunarannsóknardeildar Europól frá árinu 2006.

Boðið verður upp á fyrirspurnir og umræður að loknu framsöguerindi.

Fundarstjóri: Róbert R. Spanó, settur umboðsmaður Alþingis og prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands.

Fyrirlesturinn fer fram á ensku - Allir velkomnir

www.lagastofnun.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
LAGASTOFNUN



Carlo van Heuckelom



Róbert R. Spanó



God kveld Osló



Þegar þú sendir atkvæðið þitt með SMS eða þegar íslenski þulurinn kynnir keppandann frá Aserbaídsjan eða þegar við heyrum loks einhvern gefa okkur „dúse púan“ einmitt þegar við þurfum mest á að halda, sér Míla um að boðin berist hratt og örugglega heim og heiman.



Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.

[www.mila.is](http://www.mila.is)





Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Halldóra Guðbjörg Ottósdóttir

Suðurgötu 17, Sandgerði,

verður jarðsöngin frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði, miðvikudaginn 26. maí kl. 14.00.

Kolbrún Kristinsdóttir	Einar Sigurður Sveinsson
Hörður Bergmann Kristinsson	Vilborg Einarsdóttir
Birgir Kristinsson	María Björnsdóttir
Gunnar Ingi Kristinsson	Lísbet Hjálmsdóttir
Hafðís Kristinsdóttir	Sigtryggur Pálsson
Hjördís Kristinsdóttir	
Erla Sólveig Kristinsdóttir	Helgi Viðar Björnsson
barnabörn og barnabarnabörn.	



Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Ragnar Benedikt Magnússon

Ljósheimum 2, áður Blesugróf 12,

sem andaðist laugardaginn 15. maí, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 27. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Proskahjálp.

Vilborg M. Jóhannsdóttir	Rafn Einarsson
Stefanía E. Ragnarsdóttir	Hildur Daniëlsdóttir
Una Eyrún Ragnarsdóttir	
Vignir Ragnarsson	
barnabörn og barnabarnabörn.	



Ástkær eiginnmaður minn, faðir, tengdasonur, tengdafaðir og afi,

### Gunnar Geirsson

tæknifræðingur, Sóltúni 9,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi föstudaginn 14. maí sl. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 25. maí kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Von, styrktarsjóð gjörgæsludeildarinnar í Fossvogi, s. 543-1159.

Jytte Hjaltested	Stefán Hallgrímsson
Sigríður Gunnarsdóttir	Ingibjörg Gísladóttir
Haraldur Gunnarsson	Ásgeir Valur Snorrason
Hildur Gunnarsdóttir	
Guðmundur Gunnarsson	
Björn Hjaltested Gunnarsson	Hildur S. Aðalsteinsdóttir
Grethe Hjaltested	
og barnabörn.	



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Rakel Jónsdóttir

frá Ásbyrgi, Djúpvaggi, síðast til heimilis á Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést mánudaginn 17. maí. Útförin fer fram frá Akranesarkirkju föstudaginn 28. maí kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimili Höfða.

Björn Gústafsson	Hanna Rúna Jóhannsdóttir
Hilmar Björnsson	Aðalsteinn Sigurgeirsson
Lea H. Björnsdóttir	Selma Guðmundsdóttir
Jón Valdimar Björnsson	Júlíus Ólafsson
Sigrún Björnsdóttir	Ingibjörg J. Ingólfssdóttir
Hreinn Björnsson	Magnús F. Ingólfsson
Hlíf Björnsdóttir	
og fjölskyldur.	

#### MILES DAVIS (1926-1991) FÆDDIST ÞENNAN DAG

„Ég veit vel hvað ég hef gert í þágu tónlistarinnar, en ég vil ekki að fólk kalli mig goðsögn. Kallið mig frekar Miles Davis.“

**Trompetleikarinn, hljómsveitarstjórinn og lagahöfundurinn Miles Davis er af mörgum talinn einn áhrifamesti tónlistarmaður tuttugustu aldarinnar. Plata hans Kind of Blue, sem kom út árið 1959, hefur selst í yfir fjórum milljónum eintaka.**



## tímamót

timamot@frettabladid.is

#### AFMÆLI



**UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR**, ungrú heimur 2005, er 26 ára.



**MARKÚS ÖRN ANTONSSON**, fyrrum borgarstjóri Reykjavíkur, er 67 ára.



**MIKE MYERS** leikari er 47 ára.



**IAN MCKELLEN** leikari er 71 árs.



Faðir minn og bróðir,

### Bjarni Helgason

Hrafnistu, Hafnarfirði áður Bjarnabæ, Suðurgötu 38, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði, miðvikudaginn 19. maí. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, miðvikudaginn 26. maí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélag Íslands.

Sigurjón Ingiberg Bjarnason  
Helgi Helgason  
og aðstandendur.



Faðir okkar og afi,

### Árni Sveinbjörn Árnason

áður til heimilis að Þingaseli 5,

verður jarðsöngin frá Seljakirkju miðvikudaginn 26. maí kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Jóhann Geir Árnason.



Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

### Sigríður Davíðsdóttir

Engjaseli 65, Reykjavík,

lést sunnudaginn 16. maí. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 27. maí kl. 15.00.


Runólfur Runólfsson	Gerður H. Hafsteinsdóttir
Sigríður Hafðís Runólfssdóttir	Ólafur Tryggvi Sigurðsson
Davíð Arnar Runólfsson	Jamilla Johnston
Atli Freyr Runólfsson	
og langömmubörn.	

#### ÞETTA GERÐIST: 25. MAÍ 1935


## Owens setur heimsmet

Á þessum degi árið 1935 setti Bandaríkjamadurinn Jesse Owens þrjú heimsmet og jafnaði eitt á háskóla-leikunum í Michigan. Metin voru sett í sprettlaupum, langstökki og grindahlaupi. Það tók Owens einungis 45 mínútur að setja metin þrjú og er afrekið af mörgum talið eitt það merkasta í íþróttasögunni.

Owens öðlaðist heimsfrægð á Ólympíuleikunum í Berlín árið 1936 þar sem hann vann til fjögurra gullverðlaunanna. Þar vakti einnig mikla athygli að Adolf Hitler, kanslari Þýskalands, tók ekki í hönd Owens þar sem hann stóð á verðlaunapalli og þótti það til merkis um að Hitler liti niður á Owens.



JESSE OWENS



**LÍFÍÐ ER GOTT** „Hver dagur hefst á nýjum áhugamálum og ég stoppa aldrei, því lífið er svo gott við okkur,” segir Sólveig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

#### SÓLVEIG EGGERZ PÉTURSDÓTTIR: OPNAR MÁLVERKASÝNINGU Í DAG

## Tíleinkar Hrafnistu sýninguna

„Þessi sýning hefði aldrei getað orðið nema vegna þess hversu allir eru góðir við mig. Atlætið sem við njótum hérna á Hrafnistu er svo einstakt að leitun er að öðru eins. Sýningin er því tíleinkuð heimilinu því ég er svo afskaplega þakklát,” segir Sólveig Eggerz Pétursdóttir myndlistarkona, sem opnar málverkasýningu á Hrafnistu í Hafnarfirði í dag, en þar hefur hún búið síðustu ár.

Sólveig er fædd árið 1925 og verður því 85 ára á þessu ári. Hún stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík á stríðsárunum og einnig við Heatherly School of fine arts í London. Hér á árum áður vakti Sólveig athygli fyrir að mála á rekavið, fyrst íslenskra listamanna, og hefur haldið fjölda sýninga bæði hérlendis og erlendis, meðal annars í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Bretlandi og á Norðurlöndunum. Hún segir nær ógjörning að ætla sér að telja sýningarnar sem hún hefur haldið í gegnum tíðina. „Eflaust er einhver sem hefur tölu á öllum þessum sýningum en sjálf hef ég aldrei nennt að muna fjöldann. Ég mála bara vegna þess að ég hef gaman af því og það hef ég gert í áttatíu ár,” segir Sólveig.

Síðustu ár hafa hendur Sólveigar kreppt og því á hún í nokkrum erfiðleikum með að nota þær. „Ég á erfitt með að skrifa, jafnvel nafnið mitt, en mér lærðist í náminu mínu í Bretlandi að nota höndina þannig að ég get málað. Mér þykir hressandi og drífandi að mála og ótrúlegt en satt þá hefur mér farið fram,” segir hún og hlær.

Þegar Sólveig flutti á Hrafnistu í Hafnarfirði söðlaði hún um og hóf að mála með akríllitum, en áður hafði hún málað með olíu- og vatnslitum. „Lyktin af terpentínunni var svo sterk, en það er skárrí lykt af akríllitunum. Ég hef verið að glíma við akríllitina og finnst ég hafa náð sæmilegum tökum á þeim núna,” segir Sólveig.

Hún segir það ráðast á sérhverjum degi hver umfjöllunar-efni myndna hennar verða. „Hver dagur hefst á nýjum áhugamálum og ég stoppa aldrei, því lífið er svo gott við okkur,” segir Sólveig Eggerz Pétursdóttir.

kjartan@frettabladid.is



**BRYNDÍS BOLLADÓTTIR** sýnir nýjustu hönnun sína, kúluna, á nýrri sýningu í verslun og veitingastofu Þjóðmenningarhússins fram í ágúst. Kúlan er unnin ur þæfðri íslenskri ull og bregður sér í ólík hlutverk, frá snaga til leikfangs.



# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

## Patti húsgögn

Landsins mesta úrval af sófasettum



Láttu þér líða vel í sófa frá Patta

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / [www.patti.is](http://www.patti.is)  
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16



Hressilegur hópur ungra mæðra í kerrupóli í Laugardalnum. Halla er í miðjum hóp og heldur á barni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Horfa á mömmur sínar hoppa, sprikla og teygja

Þeir sem eiga leið um Laugardalinn fyrri part dags í miðri viku rekast oft á föngulega hópa ungra kvenna með kerrur og vagna. Þarna eru mæður smábarna að stunda kerrupól, tiltölulega nýtt sport hér á landi.

„Þetta eru útivistar- og líkamsræktarnámskeið fyrir smábarnaforeldra sem hófust í ágúst í fyrra. Reyndar hafa engir þabbar komið til okkar ennþá, en mæður í fæðingarorlofi hafa flykkst til okkar með börnin sín í kerrum eða vögnum,“ segir Halla Björg Lárusdóttir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, þegar forvitnast er um fyrirbærið kerrupól. Þar er hún leiðbeinandi ásamt Melkorku Árnýju Kvaran, íþróttakennara og matvælafræðingi.

„Við reynum að vera alltaf tvær,“ segir Halla. „Önnur er fremst í röðinni og hin aftast því hópurinn teygir dálítið úr sér á göngustígunum. Konurnar eru misjafnlega vel á sig komnar eftir barnsburðinn og þær verða að geta farið á sínum hraða

þó við viljum auðvitað ná púlsinum svolítið upp.“ Um klukkustundar pól er að ræða hverju sinni og Halla lýsir fyrirkomulaginu þannig: „Við hittumst við innganginn að Húsdýra- og fjölskyldugarðinum og förum í góða kraftgöngu til að byrja með. Þá taka við æfingar á hinum ýmsu stöðum í Laugardalnum þar sem við notum bekki, þvottalaugarnar og fleira til að styðjast við, fyrir utan kerrurnar og vagnana. Svo teygjum við í lokin.“

Mæðurnar kaupa sér tíma í fjórar til átta vikur í einu og margar eru búnar að vera með svo mánuðum skiptir. „Þetta eru stórir hópar eða allt upp í 25 til 30 mæður í hverjum. Það verður vanabindandi að vera úti í góða loftinu í Laugar-

dalnum. Reyndar voru aðeins færri í vetur en nú með vorinu hefur fjölgað,“ lýsir Halla. Hún segir þær stóllur halda áfram með tímana í sumar, þrátt fyrir sumarfríin.

„Þó að ýmislegt sé í boði fyrir þennan hóp inni á líkamsræktarstöðvunum er þetta það eina sem þær geta farið í og haft litlu börnin með sér. Yfirleitt sofa þau minnstu vært og rótt í vögunum en stærri börnin sitja og hafa bara gaman af að sjá mömmur sínar hoppa og sprikla. Svo er allt í lagi að setjast í grasið og gefa þrjúst á meðan aðrar gera æfingarnar. Við kennarnar tökum börnin líka stöku sinnum í fangið eða sýnum þeim dót ef með þarf,“ segir Halla. Heimasíðan er [www.kerrupul.is](http://www.kerrupul.is) [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

**OTTO CHEMIE**  
Þéttiefni - Limefni

Lím og þéttiefni í úrvali Tré & gifsskrúfur. Baðherbergisvörur og höldur. Glerjunarefni. Hurðarhúnar og skrár. Rennihurðajárn. Hurðarpumpur. Rafdrifnir hurðaropnarar. Hert gler eftir máli.

**GEZE**

**JARN&GLER**  
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. 104 Reykjavík S: 58 58 900. - [www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki

Gleðilegt sumar!

**SAGA, ÞÓR OG VALHÖLL**  
Heilsudýnur á frábæru verði. Queen rúm með botni frá kr. **99.900**

**STILLANLEG RÚM**  
  
2x90 cm – Verð frá **349.900**

**IQ-CARE**  
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR  
Queen rúm með botni frá kr. **179.900**

**Svefn & heilsa**  
★★★★★  
[www.svefn.is](http://www.svefn.is)





**50 mín. heilsunudd**  
Verð: 6.500 kr.

**25 mín. kinnverskt fótanudd**  
Verð: 3.500 kr.

Gildir á mán/þri. 1 maí 2018

**DONG FANG SALON**  
NÚSTÓPAN  
DONG FANG SALON  
OPUNARTÍMI  
Viku daga 11.00-21.00  
Laugard. 10.00-18.00  
Sími: 440-4001 - 943-9400  
messaging@dongfang.is  
www.dongfang.is

**Rauðakrosshúsið**

## Dagskrá vikunnar

Allir velkomnir

**Mánudagur 24. maí**

- ▶ **Lokað - Annar í Hvítasunnu.**
- ▶ **Þriðjudagur 25. maí**
- ▶ **Prjónahópur** - Prjónahópurinn er alla jafna á mánudögum. kl. 13-15
- ▶ **Skíptifatamarkaðurinn fer í sumarfrí** - Síðasti markaðurinn fyrir sumarið verður í næstu viku, þann 1. júní. kl. 16-18
- ▶ **Qi-Gong** kl. 12-13 ▶ **Gönguhópur** kl. 13-14 ▶ **Íslenskuhópur** kl. 13-14
- ▶ **Vinum saman** - Ný viðhorf (Býflugurnar) kl. 14-16

**Miðvikudagur 26. maí**

- ▶ **Matur og matarvenjur í Japan** - Þar er fleira á boðstólum en Sushi og margvíslegir spennandi réttir á borðum. Komdu og lærðu um matinn og matarvenjurnar af Toshiki Toma. kl.12:30 - 13:30
- ▶ **Möguleikar internetsins fyrir þig** - Fáðu innsýn inn í hvernig þú getur markaðsett þig eða áhugamálið á netinu. Þú þarft einungis almenna tölvuþekkingu til að nýta þér möguleikana. Umsjón: Ólafur Þór Ólafsson, Affiliate Marketing. kl.15:30-16:30
- ▶ **Tölvuaðstoð** kl. 13.30-15.30 ▶ **Briddsklúbbur** kl.14-16
- ▶ **Lögfræðiráðgjöf** fyrir innflytjendur kl. 14-16

**Fimmtudagur 27. maí**

- ▶ **Ekta pastasósa** - Lærðu að gera gómsætar pastasósar frá grunni og fáðu smakk í lokin. Umsjón: Aurelio Ferro, arkitekt og matgæðingur. kl.12:15 - 13:15
- ▶ **Heilsa og hreyfing** - Vertu með í hópi sem hjálpar þér að halda þér við efnið. Fagleg ráðgjöf og eftirfylgni. kl.14-15
- ▶ **Hvernig getur kristin trú verið mér stuðningur í erfðleikum?** Umraður í umsjón Ragnheiðar Sverrisdóttur, djákna. kl. 14 - 15
- ▶ **Saumasmíðjan** kl. 13-15 ▶ **Jóga** kl. 15-16

**Föstudagur 28. maí**

- ▶ **Hvernig stöndumst við álag** - Hvers vegna snögg reiðumst við eða þirrum okkur yfir smámunum í daglegu lífi? Jóhann Thoroddsen, sálfræðingur. kl.12:30-14
- ▶ **Bingó** - Veglegir vinningar, kaffi á könnunni og vöffur með rjóma. kl.14-15
- ▶ **Gönguhópur** kl. 12.30-13.30 ▶ **Hláturjóra** kl. 15:30 -16:30

**Rauði kross Íslands**  
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is  
www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17



„Þessar niðurstöður komu í rauninni ekki á óvart,“ segir Jens A. Guðmundsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Mikil aukning í fóstureyðingu með lyfjum

Fóstureyðingar með lyfjum hafa aukist verulega frá árinu 2006. Rannsókn sem gerð var frá febrúar 2006 til júlí 2007 sýndi að hlutfall fóstureyðinga með lyfjum var 17,4 prósent en er nú á milli 60 og 70 prósent.

„Rannsóknin var gerð fyrst og fremst til að kanna okkar eigin reynslu af þessari meðferð,“ segir Jens A. Guðmundsson, sérfræðingur í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum og innkirtlakvensjúkdómum, sem framkvæmdi rannsókn á fóstureyðingum með lyfjum ásamt Ágústi Inga Ágústssyni sem er í sérnámi í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum. „Þetta er talið vera alveg jafn gott og kannski öruggara heldur en aðgerð.“

Byrjað var að bjóða upp á fóstureyðingar með lyfjum í febrúar 2006 og gengust 246 konur undir meðferðina fram í júlí 2007, meðan á rannsókninni stóð. Heildarfjöldi fóstureyðinga á tímabilinu var

1417 og var því hlutfall fóstureyðinga með lyfjum 17,4 prósent. Fullkomið fósturlát varð í 91,1 prósentu tilvika en gera þurfti aðgerð á 22 konum. „Þessar niðurstöður komu í rauninni ekki á óvart. Þær staðfestu það sem við bjuggumst við,“ segir Jens og bætir við að niðurstöðurnar séu svipaðar og í nágrannalöndum okkar sem framkvæmt hafa fósturlát með lyfjum í um tíu ár.

Jens lýsir meðferðinni þannig: „Tekin er inn ein tafla. Töfluna verður að afhenda á spítalanum, það má ekki láta hana út fyrir spítalann,“ segir Jens og bætir við að konan fari heim eftir inntöku töflunnar sem virkar á tveimur sólarhringum. „Þetta líkist fósturláti. Það er í rauninni verið að framkalla fósturlát. Tveimur dögum

eftir að taflan er tekin þá taka konur töflurnar sem valda samdrætti í leginu.“

Jens segir að konur geti farið í fóstureyðingar með lyfjum fram undir lok níundu viku eða fyrstu 63 daga meðgöngunnar en miðað er við tólf vikna meðgöngu ef fóstureyðing er framkvæmd með aðgerð. „Þegar komið er fram yfir níu vikur er fóstureyðing með lyfjum ekki beitt nema í undantekningartilvikum. Þá blæðir meira og það er erfiðara.“

Rannsóknin sýndi að ekki var marktækur munur á fjölda þeirra kvenna sem þurftu að gangast undir aðgerð eftir að fóstureyðing með lyfjum hafði verið reynd ef meðganga var undir 49 dögum eða þeirra sem gengnar voru 49 til 63 daga.

martaf@frettabladid.is

**Tveir fyrir einn**  
**Sér sumartilboð í júní**

Morguntímar, hádegistímar, síðdegistímar og kvöldtímar

**Yogastöðin Heilsubót**  
Síðumúla 15, sími: 588-5711  
www.yogaheilsa.is yogaheilsa@yogaheilsa.is

**Hringdu í síma**  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

**KRINGÓMA**

**SURROUND**

## Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta



Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steríótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum átum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.



**HEYRN**

HEYRNARÞJÓNUSTA

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyirn.is

Frí ráðgjöf í maí  
**Tímarpantanir**  
**534 9600**

**ReSound**  
rediscover hearing





Einn af hverjum tíu feðrum verða þunglyndir þremur til sex mánuðum eftir fæðingu barns. NORDICPHOTOS/GETTY

## Þunglyndir feður

**Einn af hverjum tíu nýbökudum feðrum þjáist mögulega af fæðingarþunglyndi. Þetta eru niðurstöður athugana sem unnar voru af rannsóknarteymi Læknaháskólans Austur-Virginíu í Bandaríkjunum.**

Þó að hlutfallið sé lægra en hjá nýbökudum mæðrum komu niðurstöðurnar á óvart eins og fram kom á fréttavef BBC síðasta þriðjudag. Þær sýndu að feður eru yfirleitt hamingjusamastir fyrstu vikurnar eftir fæðingu

barns en þunglyndi geri vart við sig eftir þrjá til sex mánuði.

Eins virtust feður líklegri til að verða þunglyndir ef móðirin þjáðist af fæðingarþunglyndi. Einnig segir í fréttinni að þunglyndi feðra sé síður til umræðu og þeir fá sjaldnar aðstoð vegna þess.

Minni svefn, breyttur lífsstíll, meiri ábyrgð og breytingar á sambandi parsins sjálfs séu þó allt þættir sem hafa áhrif á bæði móður og föður.

Rannsóknin náði til rúmlega 28 þúsund foreldra í sextán löndum. - rat

## Danir nýta sér ókeypis aðstoð

**Kaupmannahafnarbúar hafa tekið aðstoð við að hætta að reykja fegins hendi en sveitarfélagið býður upp á ókeypis námskeið.**

Þetta kemur fram á fréttavef Berlinske Tidende en um 490 manns tóku þátt í námskeiðinu sem hófst í janúar á þessu ári og lauk nú í maí.

Á síðasta ári voru þátttakendur tæplega 400 en þessa aukningu segir Beate Simonsen, ráðgjafi

heilbrigðissviðs Kaupmannahafnar, að þakka átta vikna átaki gegn reykingum sem keyrt var í dönsku sjónvarpi í október og desember árið 2009. Þar hafi áhrifamiklar myndir af skemmdum lungum og heila af völdum reykinga komist heim í stofu hjá fólki en eins hafi þar komið fram að reykingafólki byðist ókeypis aðstoð. Því hefðu margir ekki gert sér grein fyrir að stæði til boða og því tekið upp símann strax. - rat



Kaupmannahafnarbúar geta nú hætt að reykja með aðstoð sveitarfélagsins. - rat



Rathlauparar á Miklatúni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Rathlaup í Reykjavík

**Íslandsmeistaramót í rathlaupi verður haldið dagana 4. og 5. júní næstkomandi undir heitinu ICE-O. Um alþjóðlegan viðburð er að ræða og munu erlendir hlauparar taka þátt.**

Hlaupin munu fara fram í Laugardal og Heiðmörk á vegum Rathlaupsfélagsins Heklu og má nálgast frekari upplýsingar um mótið á heimasíðu félagsins, [www.rathlaup.is](http://www.rathlaup.is).

Rathlaupsfélagið Hekla stendur fyrir rathlaupum alla fimmtudaga í sumar frá klukkan 17 til 18.30 en á heimasíðunni er einnig að finna upplýsingar um staðsetningar og lýsingar á hverju hlaupi fyrir sig. - rat

### Kynning

## Fáar kaloríur en góð næring

**Mexíkóski veitingastaðurinn Culiacan í Faxafeni 9 býður upp á heilsusamlega skyndibita. Þeir eru afgreiddir þannig að tvennt er af öllu í boxinu svo auðvelt er fyrir fólk að stilla skömmtum í hóf.**

Um er að ræða þrjá fitness-rétti, Santa Fe salat, fitness burrito og bankabyggsrétt með grilluðum kjúklingi. Fitness-réttirnir hafa verið á boðstólum í nokkra mánuði og fengið góðar viðtökur.

„Það er alltaf stór hluti fólks að hugsa um línurnar og næringarfræðingar mæla með því að við borðum minni og hollari máltíðir yfir daginn. Við ákváðum því setja saman holla rétti þar sem viðskiptavinurinn fær tvær máltíðir í einum pakka,“ útskýrir Sólveig Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Culiacan. „Búið er að skipta réttinum niður svo viðskiptavinurinn getur borðað annan skammtinn t.d. í hádeginu og hinn seinnipartinn. Rétturinn kostar 1480 krónur svo hvor máltíð er því einungis á 740 krónur.“

Geir Gunnar Markússon, næringarfræðingur og einkabjálfari, hefur reiknað út orkuhlutföll og næringargildi allra réttanna.

„Það er frábært að skyndibitameningin sé að færa sig yfir í hollustuna en það er allt of mikið af óhollum skyndibita í boði,“ segir Geir Gunnar.

„Fitness-réttirnir hjá Culiacan innihalda fáar hitaeiningar og hafa góða næringarsamsetningu. Þarna eru réttir sem henta öllum, jafnt þeim sem vilja grenna sig, íþróttafólki sem þarf

góðan skammt og almenningi sem vill góða og holla næringu. Það að réttirnir komi í tveimur skömmtum er mjög sniðugt en fólk á oft í erfiðleikum með að finna sér hollan millibita seinnipart dags. Ég hvet fólk til að borða hollt og ein leið til þess er að nýta sér þennan góða skyndibita hjá Culiacan.

„Nú þegar margir eru að taka þátt í „Hjólaðu í vinnuna“ átakinu er tilvalið að taka upp nýjan lífsstíl í matarvenjum og borða minna og oftar. Þannig sér fólk árangur fljótt. Mataræði er aðal áhrifa-valdur á líkamlegt ástand okkar, þó að hreyfingin sé að sjálfsögðu góð,“ segir Sólveig.



Geir Gunnar Markússon M.Sc næringarfræðingur og Sólveig Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Culiacan. - rat



Fitness burrito ásamt bankabyggi m. grænmeti. 321 kkal í skammtinum.



Santa Fe salat og fitness-quesadilla. 372 kkal skammturinn.

Bankabygg m. kjúklingi og fitness-quesadilla. 480 kkal skammturinn.



## VORDAGAR HJÁ KRÚSKU



**2 FYRIR 1**

**2 fyrir 1 af rétti dagsins eftir kl. 14.**

Tilboðið gildir til 7. júní. Matseðill okkar er endurnýjaður vikulega og er aðgengilegur á heimasíðu okkar, [www.kruska.is](http://www.kruska.is)



**KRÚSKA**

VEITINGASTAÐUR - VERSLUN - TAKEAWAY

Suðurlandsbraut 12 - Sími 557 5880 - [www.kruska.is](http://www.kruska.is)

Opið alla virka daga frá 11:00 til 20:00

## Ertu með eitthvað gott á þrjónunum?

Sjálfbóðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins þrjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og þrjóna í sjálfbóðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn **26. maí** kl. 15-18.

Á staðnum verða þrjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomnið er að taka með sér eigið þrjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626.



**Rauði kross Íslands**  
Kópavogsdeild

Sjálfbóðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 10-16 • sími 554 6626  
[kopavogur@redcross.is](mailto:kopavogur@redcross.is) • [redcross.is/kopavogur](http://redcross.is/kopavogur)

**ALLT**  
ÚT AÐ BORDA

Jóna María Hafsteinsdóttir  
[jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) - sími 512 5473

Henný Árnadóttir  
[henny@365.is](mailto:henny@365.is) - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir  
[thordish@365.is](mailto:thordish@365.is) - sími 512 5447



Haukur Guðjónsson segir starf sitt sem vélvirki hjá Fjarðaráli líkjast starfi flugstjóra sem situr við stýribúnað og stjórnar þaðan, sem henti honum vel nú þegar hann fer sér hægt af stað eftir nýrnagjöf til bróður síns. Hér er hann í sinni fyrstu bátsferð eftir aðgerðina og andar glaður að sér fersku sjávarlofti.

MYND/ÚR EINKASAFNI

## Gaf bróður sínum nýra

Engin gjöf er óeigingjarnari eða dýrmætari en lífgjöf. Það fékk vélvirkinn Haukur Guðjónsson að kynna þegar hann hiklaust lagðist undir hnifinn til að afhenda bróður sínum nýra til betri heilsu og lífsbjargar.

„Við bræðurnir höfum alltaf verið nánir, en líffæragjöfin hefur tengt okkur enn traustari böndum. Nú er hann enda kominn með hluta af mér í skrokkinn, en þarf að bryðja slatta af töflum til að þola mig, vegna þess því líkaminn reynir ævina út að hafna aðskotahlutum á borð við líffæri annarra,“ segir austfirski vélvirkinn og fjölskyldu-faðirinn Haukur Guðjónsson sem nú er óðum að braggast eftir að hafa gefið Ásmundi bróður sínum nýra í mars. Þá hafði Ásmundur barist við nýrnabilun um árabíl en undir það síðasta voru nýru hans nánast hætt að starfa.

„Ég hef alltaf verið hlynntur líffæragjöf og er ennþá harðari stuðningsmaður þeirra núna. Menn verða að skoða hug sinn rækilega í þeim efnum og láta sína nánustu vita af óskum sínum, því á Íslandi er það alfarið í höndum aðstandenda hvort líffæri eru gefin eftir andlát, burt séð frá því hvort hinn látni hafi skilið eftir sig líffæragjafakort,“ segir Haukur og bætir við að enginn gefi öðrum lifandi nýra nema sínum nánustu.

„Við erum fjögur systkinin og ég var álitinn heppilegasti nýrnagjafinn í hópnum. Til að geta gefið nýra þarf maður að vera heill heilsu og í réttum vefjaflokki fyrir nýrnaþegann. Þá er betra fyrir ónæmiskerfi nýrnaþegans að skyldleiki sé með gjafanum,“ segir Haukur sem hafði rétt mánaðar fyrirvara til að gefa

endanlega ákvörðun um að gefa bróður sínum nýra, en fyrst var hugmyndin viðruð við hann fyrir tveimur árum.

„Ég var því búinn að melta þetta lengi og ræða við fjölskylduna, sem öll studdi mig að gefa nýrað. Það er mikils virði að gefa líffæri því í því felst lífgjöf. Í tilvikinu Ásmundar snerist líf hans um að verja dögnum í kviðskiljun en þegar nýrnabilun herjar á líkamann stefnir líf manns hægt og bitandi í átt að endalokunum,“ segir Haukur. Hann lagðist undir hnifinn hjá Eiríki Jónssyni og Jóhanni Jónssyni skurðlækni sem starfar í Bandaríkjunum en framkvæmir nýrnatöku úr lifandi gjafa tvisvar á ári hérlandis.

Þess má geta að nýra er um 150 grömm. Aðgerðin er stærri hjá nýrnagjafa en nýrnaþega, en alls var Haukur fimm daga á sjúkrahúsi og í sjö vikur frá vinnu á eftir. „Hjá mér þurfti að fara inn í kviðarholið á gamla mátann og inn fyrir lífhimnu til að sækja vinstra nýrað. Aðgerðin er gerð með skurði á síðunni, en er vanalega gerð í gegnum göt nú á dögum. Ég þurfti að fara í gömlu aðgerðina þar sem ég reyndist vera með tvær slagæðar í stað einnar að nýranu, sem er sjaldgæfa og krefst mikillar nákvæmnisvinnu undir hnifnum,“ segir Haukur sem starfar sem vélvirki hjá Fjarðaráli á Reyðarfirði, þar sem hann hefur mætt ríkum

skilningi og velvild vegna nýrna-gjafarinnar.

„Að missa nýra takmarkar líf nýrnagjafans ekki á nokkurn hátt, en víst er að maður passar líf sitt betur þegar maður hefur gengið í gengum þessa reynslu og veit um hvað málið snýst ef eitthvað klikkar. Það eina sem ég verð að passa er að fórna ekki hinu nýranu með því að stunda hörkuþróttir eins og knattspyrnu eða motocross þar sem illa gæti farið ef ég fengi högg í síðuna. Ég lifi því eins og áður, en fyrsta kastið stækkar nýrað til að verða öflugra og erum við bræður nú með sömu skiljun, sem er 125 í gildi kreatíns en var 950 hjá Ásmundi áður en hann fékk nýja nýrað,“ segir Haukur, himinglaður að bróðir sinn sé á góðum bata-vegi.

„Nýja nýrað svínvirkar, en eftir langvarandi veikindi þarf Ásmundur að styrkja sig og fara með gát. Það sem upp úr stendur eftir þessa lífsreynslu er að Ásmundur sé að komast til heilsu. Ég hafði áhyggjur af honum og vont að horfa upp einhvern sér nákominn rétt standa í lappirnar vegna vanheilsu. Nú á hann von til þess að ná góðri heilsu á ný og lifa miklu betra lífi.“

Þess má geta að líffæragjöf bjargar mannlífum og bætir lífs-gæði, en ávallt er mikil vöntun á líffærum. Sjá nánar á [www.landlaeknir.is/Pages/1499](http://www.landlaeknir.is/Pages/1499) og [nyra.is/index.html](http://nyra.is/index.html).

thordis@frettabladid.is

B|A|S|L|E|R

**20% afsláttur**  
af öllum BASLER-vörum út maí!

**Parisar**  
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770 Tízkuhús, stofnsett 1963





# eurovision

ÞRIÐJUDAGUR 25. MAÍ 2010



Fyrsta ferðin

Hildur og Eyrún halda úti síðunni Allt um Júróvísjón og fara til Óslóar í ár. [BLS. 4](#)



FRÉTTABLAÐIÐ



LED sjónvörp  
- líka falleg á hlið

Sony Center  
Kringlunni  
103 Reykjavík  
588-7669  
[www.sonycenter.is](http://www.sonycenter.is)

## Hefurðu prófað BRAVIA Internet video?

FIFA World Cup Collection • YouTube • EuroSport • Golf Link • Wired • Blip TV • Style • Ford Models  
Video Detective • How Cast • PodCast • Facebook • Twitter • Flickr



KDL40EX600 40" LCD sjónvarp  
BRAVIA Engine 3  
BRAVIA Internet Video  
Full HD 1920x1080 punktar  
USB tengi og DivX afspilun  
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið  
Möguleiki á þráðlausu neti

Verð: 269.990


## Sony Center



# Áfram Ísland!

● Íslendingar eru vongóðir um sigur í hvert sinn sem lag þeirra keppir á móti evrópsku systurþjóðunum í Eurovision, en árangur er ekki alltaf í samræmi við sigurvissuna.

- 2009** Is It True í flutningi Jóhönnu Guðrúnar lenti í 2. sæti. Vinningslagið var Fairytale með Alexander Rybak frá Noregi.
- 2008** This Is My Life í flutningi Eurobandsins. Lagið lenti í 14. sæti. Vinningslag ársins var Believe frá Rússlandi.
- 2007** Valentine Lost í flutningi Eiríks Haukssonar. Lagið komst ekki upp úr undankeppni. Vinningslag ársins var Molitva frá Serbíu.
- 2006** Congratulation í flutningu Silvíu Nóttar. Komst ekki áfram í aðalkeppnina. Vinningslagið var Hard Rock Hallelujah með finnsku hljómsveitinni Lordi.
- 2005** If I Had Your Love í flutningi Selmu Björnsdóttur. Komst ekki áfram í aðalkeppnina. Vinningslagið var My Number One frá Grikklandi.
- 2004** Heaven í flutningi Jónsa í Svörtum fötum. Lagið lenti í 19. sæti. Vinningslag ársins var Wild Dances með Ruslönun frá Úkraínu.
- 2003** Open Your Heart í flutningi Birgittu Haukdal. Lagið lenti í 9. sæti. Vinningslag ársins var Everyway that I Can frá Tyrklandi.
- 2002** Ísland situr heima vegna lélegs árangurs árið á undan. Vinningslag ársins var I Wanna frá Lettlandi.
- 2001** Angel í flutningi Two Tricky (Kristján Gíslason og Gunnar Ólason). Lagið lenti í síðasta sæti með Noregi. Vinningslag ársins var Everybody frá Eistlandi.
- 2000** Tell Me í flutningi Einaris Ágústssónar og Telmu Ágústsdóttur. Lagið lenti í 12. sæti. Vinningslag ársins var Fly on the Wings of Love með Olsen-bræðrum frá Danmörku.
- 1999** All out of Luck í flutningi Selmu Björnsdóttur. Lagið lenti í 2. sæti. Vinningslag ársins var Take Me to Your Heaven frá Svíþjóð.
- 1998** Ísland situr heima vegna lélegs gengis árið áður.
- 1997** Minn hinsti dans í flutningi Páls Óskars Hjalmtýssonar. Lagið lenti í 20. sæti. Vinningslag ársins var Love Shine a Light með Katrín & tha Waves frá Bretlandi.
- 1996** Sjúbidú í flutningi Önnu Mjallar Ólafsdóttur. Lagið lenti í 13. sæti. Vinningslag ársins var The Voice frá Írlandi.
- 1995** Núna í flutningi Björgvins Halldórssonar. Lagið lenti í 15. sæti. Vinningslag ársins var Nocturne frá Noregi.
- 1994** Nætur í flutningi Siggú Beinteins. Lagið lenti í 12. sæti. Vinningslag ársins var Rock 'n' Roll Kids frá Írlandi.
- 1993** Þá veistu svarið í flutningi Ingibjörgu Stefánsdóttur. Lagið lenti í 13. sæti. Vinningslag ársins var In Your Eyes frá Írlandi.
- 1992** Nei eða Já í flutningi Sigrúnu Evu og Siggú Beinteins. Lagið lenti í 7. sæti. Vinningslag ársins var Why Me? með Johnny Logan frá Írlandi.
- 1991** Nína í flutningi Stefáns Hilmarssonar og Eyjólf Kristjánssonar. Lagið lenti í 15. sæti. Vinningslag ársins var Fångad Av En Stormvind með Carolu frá Svíþjóð.
- 1990** Eitt lag enn í flutningi Siggú Beinteins og Grétars Örvarssonar. Lagið lenti í 4. sæti. Vinningslag ársins var Insieme: 1992 frá Ítalíu.
- 1989** Það sem enginn sér í flutningi Daniels Ágústssónar. Lagið lenti í neðsta sæti. Vinningslag ársins var Rock Me frá Júgóslavíu.
- 1988** Sókrates í flutningi Stefáns Hilmarssonar og Sverris Stormskers. Lagið lenti í 16. sæti. Vinningslag ársins var Ne partez pas sans moi með Celine Dion frá Sviss.
- 1987** Hægt og hljótt í flutningi Höllu Margrétar Árnadóttur. Lagið lenti í 16. sæti. Vinningslag ársins var Mit liv frá Noregi.
- 1986** Gleðibankinn í flutningi Pálma Gunnarssonar, Helgu Möller og Eiríks Haukssonar. Lagið lenti í 16. sæti. Vinningslag ársins var J'aime la vie með Söndru Kim frá Belgíu.



Íslenski hópurinn er til í slaginn enda hafa æfingarnar gengið eins og í sögu.

## Eru laus við alla hjátrú

Íslenski Eurovision-hópurinn treystir fyrst og fremst á æfingar og eigið ágæti í kvöld og lætur hjátrú lönd og leið.

Íslensku Eurovision-fararnir hafa verið við æfingar í Ósló í áðra viku en nú er stóra stundin runnin upp. Fréttablaðið náði tali af Heru Björk Þórhallsdóttur, lagahöfundinum Örlygi Smára og bakraddasöngvaranum Kristjáni Gíslasyni á dögum og forvitnaðist um hvort þau gerðu eitthvað sérstakt til að tryggja gott gengi á sviðinu.

„Ég er laus við alla hjátrú og trú bara á sjálfa mig,“ segir Hera Björk. „Ég passa hins vegar vel upp á að hvíla mig áður en ég kem fram og reyni að vera með hausinn á herðunum.“ Hera segist þó yfirleitt reyna að eiga smá stund með sjálfri sér áður en hún stígur á svið. „Þá fer ég svona pínulítið inn í mig og rifja upp af hverju ég er þar sem

ég er og fókusera á það hvað ég er að fara að gera.“

Kristján segist ekki heldur vera hjátrúarfullur. „Við reynum bara að minnka grínið nokkrum mínútum áður en við förum inn á svið. Norðmennirnir eru síðan svo pottþéttir og með öll tækniatriði á hreinu svo ég hef ekki nokkrar áhyggjur af þessu.“

Örlygur Smári er lítið hjátrúarfullur eins og félagar hans. „Þetta snýst bara um að vera vel undirbúin. Við höfum verið að æfa á hverjum degi og var Siggú Beinteins svo góð að lána okkur aðstöðu í söngskólanum sínum Toneart í Asker. Atriðið er því orðið vel rútfírað og það tekur mesta taugatitringinn úr okkur.“ En áttu einhvern lukkugrip? „Já, reyndar. Þegar ég fór til Serbíu árið 2008 var dóttir mín búin að útbúa óskastein sem ég var með í vasanum. Ég fann hann ekki núna en verð með hann í huganum og vona að það virki,“ segir Örlygur.

Je ne sais quoi er þriðja lag Örlygs Smára í Eurovision og segir hann alltaf jafn gaman að taka þátt í keppninni. „Maður fer inn í einhvers konar Eurovision-blöðru og það er alltaf jafn gaman að kynnaast og fylgjast með þátttakendum frá öðrum löndum.“ Örlygur segir sérstaklega ánægjulegt að fá að taka þátt í keppni sem er svo nærri heimahögunum og að öryggisgæslan sé mun minni í Noregi en hann hafi áður þurft að venjast. „Við göngum hérna um alveg pollröleg og höfum fengið frábærar viðtökur hvert sem við komum.“

En eru einhver lög í uppáhaldi í keppninni í ár? „Ég hef gaman af flestum en á mismunandi hátt. Sum eru skemmtilega góð en önnur skemmtilega vond og það er nú sjarminn við þetta. Ég hef þó mest gaman af lögum frá Norðurlöndum og Vestur-Evrópu en tengi minna við lögin frá Austur-Evrópu.“

- ve, jma

● **POPPARAR Í EUROVISION** Ein af skemmtilegustu sögunum sem komist hafa á kreik í kringum Eurovision-keppnina í gegnum tíðina er sú að breski söngvarinn Morrissey, sem öðlaðist heimsfrægð í hljómsveitinni The Smiths áður en hann sneri sér að farsælum sólóferli, hefði verið hársbreidd frá því að semja keppnislag Bretlands í Eurovision árið 2007.

Morrissey lýsti því yfir í viðtali að hann hefði orðið fyrir miklum vonbrigðum með framlag Bretlands árið 2006 og undraðist hvers vegna forráðamenn forkeppinnar hefðu ekki beðið hann um að semja lag. Fljótlega í kjölfarið fóru af stað sögur þess efnis að sjónvarpsstöðin BBC væri í viðræðum við söngvarann um þátttöku hans en ekkert í þá veru fékkst staðfest hjá Morrissey sjálfum, enda maðurinn dulur með afbrigðum. Síðar var haft eftir ónafngreindum heimildarmanni innan BBC að Morrissey hefði haft mikinn áhuga á verkefninu en sætti sig þó ekki við að taka þátt í forkeppni eins og lenskan er á þeim bænnum. Hvort eitthvað sé til í þessum sögum skal ósagt látið en lagið sem talið er að Morrissey hafi samið með Eurovision í huga, I'm Throwing My Arms Around Paris, kom út á smáskífu á síðasta ári og hefði vafalaust gert góða hluti í keppninni.

Áður höfðu gengið sögusagnir að sveitungar Morrissey frá Manchester, Gallagher-æringjarnir í Oasis, hefðu samið lagið All Around the World af plötunni Be Here Now fyrir Eurovision. Gallagher-bræðurnir neituðu þeim orðrómi staðfastlega, enda um mikla töffara að ræða.



# Pizza toppur

www.ostahusid.is

Rífindi góður á:  
**Pastaréttinn  
Ofnréttinn  
Pizzuna**

Tvær pakkningar í einni: **2x90g**





**MIDSOMMAR** servíettur  
B38xL38cm. Ýmis mynstur  
395,-/30 í pk.



**PIZZABITAR** grænmetispizza  
600g. Frosin 595,-



**BLANDA** skál Ø20cm  
Gler. Túrki 995,-



**445,-**  
**KEXCHOKLAD**  
súkkulaðikex 165g

# Áfram Ísland!



**EPLA/PERUDRYKKUR**  
Lífrænt. 50cl. Kolsýrt  
195,-/stk.



**POTATISCHIPS  
GRÄDDFIL & LÖK**

Crisps - sourcream & onion / Kartoffelchips - Sauer-  
rahm- & Zwiebelgeschmack / Pommes de terre chips  
goût crème acide & oignon / Patatine fritte al gusto di  
panna acida e cipolla / Patatas fritas con sabor a crema  
ácida y cebolla / Batatas fritas aroma de nata e cebola /  
Chips - zure room & uf / Τσιπς - γιαούρτα & κρεμμύδι /  
Perunalastut - kermaviili & sipuli / Chipsy - kwaśna  
śmietana & cebula / Smažené bramborové lupinky /  
solené, s chutí cibule a příchutí kysané smetany /  
Zemiakové lupienky s príchuťou kysanej smotany /  
Tejffölös ízű - hagymás burgonyaszírom / Chips -  
mäntiänä & seerä / Чипсы - сметана & лук

IKEA FOOD

150g

**295,-**

**CHIPS GRÄDDFIL LÖK** flögur  
m/sýrðum rjóma og lauk 150g



**SMARTA** diskur  
Ø30cm. Hvítt 995,-



**PLASTIS** ísmölamót  
B18xL18cm. Ýmsir litir  
295,-/stk.



**995,-/6 í pk.**

**GODIS MIX** glös  
20cl. Gler. Túrki/rautt



**BLANDA BLANK** skál  
Ø28cm. Ryðfritt stál 1.790,-



**LÖTTORP** bakki  
m/9 skálum  
Svart/hvítt  
4.990,-



**SMULA** bakki  
B35xL52cm. Plast. Blátt 450,-  
Fæst einnig í rauðu



**DAIM MINI**  
mjólkursúkkulaði  
m/karamellu 400g  
855,-



**CHOKLAD MÖRK** dökkt súkklaði  
60% kakóinnihald 100g 135,-

**GOTT & BLANDAT**  
lakkris & ávaxtaflaup  
150g 245,-



**SALT SILL**  
saltlakkris 100g 195,-

**Tilboð**  
Frosnar kjötbollur 1 kg  
týtuberjasulta og rjómasósa

**1.690,-**



**RULLE MJÖLK**  
súkkulaðirúllur 148g  
345,-/2 í pk.



**195,-/200 í pk.**  
**SODA** sogrör. Marglitað



www.IKEA.is

Verslun opin 11-19 alla daga - Veitingastaður opin 9:30 - 18:30



# Býr sjálf til stigatöflu

Íris Davíðsdóttir stjórnmálafræðingur hefur gaman af söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva. Í nokkur ár hefur hún útbúið sérstök spjöld fyrir fjölskyldu og vini þar sem þau geta spáð fyrir um úrslit laga í keppninni til gamans.

„Ég útfæri spjöldin sérstaklega á hverju ári og þurfti til dæmis að breyta til þegar undankeppnirnar byrjuðu. Svo hef ég oft haft topp fimm eða topp tíu og gef þá ákveðið mörg stig eftir því hvað viðkomandi er með mörg lönd rétt,“ útskýrir Íris en þeim sem stendur

uppi með flest rétt stig veitir hún að sjálfsgöðu vegleg verðlaun eins og góða kampavínsflösku. En er hún ein af þessum forföllum aðdáendum keppinnar?

„Nei, ég er ekki sú sem veit hvaða lag lenti í 10. sæti árið 1982, mér er alveg sama um það en mér finnst keppnin skemmtileg og áhuga-verð. BA-ritgerðin mín fjallaði einmitt um söngvakeppnina en út frá stjórnmálafræðilegu sjónarhorni. Af hverju kjósa löndin eins og þau gera og þar fram eftir götunum, það finnst mér heillandi.“



Íris Davíðsdóttir stjórnmálafræðingur útbýr skemmtilegan leik í tengslum við söngvakeppnina.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



Þær Hildur og Eyrún halda úti íslenski vefsíðu um allt sem tengist Eurovision, auk þess sem þær ritstýra opinberri vefsíðu Heru Bjarkar, keppanda Íslendinga. Þær verða báðar í Ósló á úrslitakvöldinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Styttist í þjóðhátíðina okkar

„Það styttist heldur betur í þjóðhátíðina okkar,“ segir Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, sem ásamt Eyrúnu Ellý Valsdóttur vinkonu sinni heldur úti vefsíðunni Allt um Júrónísjón á slóðinni jurovision.wordpress.com, en síðan sú stendur heldur betur undir nafni. Stöllumar láta ekki þar við sitja heldur sjá einnig um ritstjórn á opinberri vefsíðu Heru Bjarkar, keppanda Íslendinga í ár, á slóðinni herabjork.com.

Þessi keppni skipar óvenju veglegan sess hjá þeim Hildi og Eyrúnu vegna þess að þær verða viðstadd-

ar fyrri undankeppnina í Ósló, þar sem Hera Björk stígur á stökk, og einnig sjálfa úrslitakeppnina. Hvorug þeirra hefur áður lagt land undir fót til að vera vitni að Eurovision í návígi. „Okkur hefur báðar langað lengi en aldrei drifið í því. Eftir að við byrjuðum með vefsíðuna okkar á síðasta ári benti Jónatan Garðarsson, sem er fararstjóri hópsins í ár eins og nærri alltaf áður, okkur á að við gætum sótt um að fá blaðamannapassa á keppnina og þannig fengið aðgang að öllum blaðamannafundum, lokuðum æfingum, rútum til og frá höllinni og fleiru slíku. Við slógum til, fengum passa og erum ógurlega spenntar,“ segir Hildur og bætir við að það hafi kostað mikla vinnu að halda úti þessum tveimur vefsíðum síð-

ustu vikur. Sú vinna hafi þó verið afar skemmtileg.

Hún segist búast við að það verði skemmtileg tilbreyting að vera á staðnum til að fylgjast með keppninni, en hingað til hafi verið fastur liður að vinahópurinn hafi horft á keppnina saman. Þá hafi gjarnan verið farið í Eurovision-tengda leiki og fleira í þeim dúr. „Þessi kvöld hafa að miklu leyti snúist um að ég og Eyrún sitjum og deilum upplýsingum um keppnina og sussum á þá sem við teljum ekki sýna nægilegan áhuga. Eða reukum þá inn í eldhús að blaðra,“ segir Hildur og hlær.

Hún segir engan augljósan sigurvegara í keppninni að þessu sinni. „Við spáum þó Þýskalandi, Serbíu, Svíþjóð, Albaníu og Slóvakíu góðu gengi.“

-kg

## Hvað sögðu þau í lokin?

Aldrei hafa Íslendingar unnið Eurovision, þótt eftirvæntingin hafi jafnan verið mikil. Fréttablaðið skoðaði hvað gamlir og góðir fulltrúar Íslands sögðu að keppni lokinni sem og íslenska pressan.

„Ég vissi að lagið mitt mundi ekki gera neitt í þessari keppni,“ sagði Valgeir Guðjónsson eftir keppnina árið 1987. „Mér finnst sem þjóðirnar skiptist á stigum og nágrennaþjóðir gefa hver annarri stig. Við erum ekki komin inn í klíkurnar ennþá.“

Sigríður Beinteinsdóttir og Grétar Örvarsson fluttu árið 1990 lagið Eitt lag enn. Þetta hafði Sigríður að segja að keppni lokinni: „Við náðum því sem við höfðum einsett okkur, að komast í eitt af tíu efstu sæt-

unum, þó við hefðum ekki þorað að segja opinberlega frá þeirri fyrirætlan fyrir keppnina.“ Lagið lenti í fjórða sæti.

Árið 1995 söng Björgvin Halldórsson lagið Núna og uppskar 15. sætið. Íslendingar voru svekktir með árangurinn og í Helgarpóstinum var skrifað eftir keppnina: „Þrátt fyrir að flestir hafi verið á því að Björgvin Halldórsson stórsöngvari ætti skilið að komast í Evrópusöngvakeppnina fannst sumum að líklega hefði það verið of seint. Keppnin er einfaldlega að breytast, eins og sjá má á rappögum og „instrumental“

Íslenskt dagblað sagði að Björgvin Halldórsson hefði verið tíu árum of seint með lagið Núna.



Sigríður Beinteinsdóttir og Grétar Örvarsson voru afskaplega ánægð með árangurinn árið 1990.

lögum. Það liggur því við að menn segi að Björgvin hafi verið tíu árum of seint á ferðinni.“

Að lokum má rifja upp hvað Páll Óskar Hjalmtýsson sagði árið 1997 eftir að hann lenti í 20. sæti söngvakeppinnar. „Þessi fáu stig sem íslenska lagið fékk komu öll, nema tvö, frá löndum þar sem hið nýja símakerfi var notað. Sjónvarpsáhorfendur heima í stofu voru því að hugsa allt aðra hluti en þessar fyrirfram skipuðu dómnefndir.“

-jma



# BT

# Fyrir alla alltaf - allstaðar!



## Fyrir boltann Enn meiri verðlækkun

**Takmarkað magn**

**SAMSUNG**

- Tegund: LCD - FullHD
- Upplausn: 1920 x 1080p
- Dýnamísk skerpa: High Contrast
- Endurnýjunartíðni: 50Hz
- Viðbragðstími: 6ms
- Móttakari: Háskerpumóttakari
- Myndvinnsluvél: Já, Samsung DNIe, Wide Colour Enhancer 2, 10bit litvinnsla
- Hátalarar: Já, 2x10W - SRS TruSurround HD & Dolby Digital Plus
- Tengir: SCART(2), VGA, HDMI(4), Component, Composite, Optical, Mini-Jack(3,5mm), USB, Antenna,
- Hæð(x)Breidd(x)Dýpt: 63,8(x)99,8(x)7,9 cm
- Annað: Media Center, Game Mode, Anynet

37% **179.999** ~~199.999~~

40% **209.999** ~~229.999~~

## Myndavél

**Canon**

**Canon 1000D**

10.1 Megapixel CMOS sensor  
EOS Sjálfhrensikerfi  
7-punkta Auto Focus kerfi  
2.5" LCD with Live View shooting  
DIGIC III image processor

**99.999** ~~119.999~~

## Playstation 3

120GB **64.999** ~~69.999~~

250GB **74.999** ~~79.999~~

## Heitir leikir

líka á PS3

**10.999** ~~10.999~~

**11.499** ~~11.499~~

**9.999** ~~9.999~~

## EA tilboð

**1.999** ~~1.999~~

Hver leikur

## Fyrir heimilið 10.000 kr. verðlækkun

**Þvottavél**

**ZANUSSI**

7kg þvottavél  
Þvottahæfni: A  
Þeytívinduafköst: B  
Orkuflokkur: A  
Hljóð : 56(db)/ 77(db)  
Vindingarhraði : 1200 snúningar  
Annað: Ryðfrí tromla, skjár, sparnaðarkerfi  
Stærð: 85x60x60 (HxBxD)  
Íslenskur leiðarvísir

**79.999** ~~89.999~~

**Uppþvottavél**

**ZANUSSI**

Zanussi uppþvottavél  
Stærð: 12 manna  
Hæð: 85 cm  
Breidd: 60 cm  
Dýpt: 61 cm  
Orkunotku: A/A/A  
Hljóð: 47db(a)  
Hvít

**79.999** ~~89.999~~

## Ný tónlist

**2.199** ~~2.199~~

**2.999** ~~2.999~~

**2.199** ~~2.199~~

**2.499** ~~2.499~~

## Nýtt DVD

**2.799** ~~2.799~~

**1.999** ~~1.999~~

**2.499** ~~2.499~~

## 3 fyrir 2 af notuðum PS2 leikjum



**TAKTU 3 BORGADU FYRIR 2**  
Við tökum við PS2 - PS3 - Wii og DS leikjum

Inneignarnótur BT gilda einnig í

**ORMSSON**



# Keppendur kvöldsins

<p><b>MOLDÓVA</b> 1</p>  <p><b>Lag:</b> Run Away <b>Flytjandi:</b> Sunstroke Project &amp; Olia Tira</p>	<p><b>RÚSSLAND</b> 2</p>  <p><b>Lag:</b> Lost And Forgotten <b>Flytjandi:</b> Peter Nalitch &amp; Friends</p>	<p><b>EISTLAND</b> 3</p>  <p><b>Lag:</b> Siren <b>Flytjandi:</b> Malcolm Lincoln</p>	<p><b>SLÓVAKÍA</b> 4</p>  <p><b>Lag:</b> Horehronie <b>Flytjandi:</b> Kristina Pelakova</p>
<p><b>FINNLAND</b> 5</p>  <p><b>Lag:</b> Työlki Ellää <b>Flytjandi:</b> Kuunkuiskaajat</p>	<p><b>LETTLAND</b> 6</p>  <p><b>Lag:</b> What For? <b>Flytjandi:</b> Aisha</p>	<p><b>SERBÍA</b> 7</p>  <p><b>Lag:</b> Ovo Je Balkan <b>Flytjandi:</b> Milan Stanković</p>	<p><b>BOSNÍA &amp; HERSEGÓVINA</b> 8</p>  <p><b>Lag:</b> Thunder And Lightning <b>Flytjandi:</b> Vukašin Brajić</p>
<p><b>PÓLLAND</b> 9</p>  <p><b>Lag:</b> Legenda <b>Flytjandi:</b> Marcin Mroziński</p>	<p><b>BELGÍA</b> 10</p>  <p><b>Lag:</b> Me And My Guitar <b>Flytjandi:</b> Tom Dice</p>	<p><b>MALTA</b> 11</p>  <p><b>Lag:</b> My Dream <b>Flytjandi:</b> Thea Garrett</p>	<p><b>ALBANÍA</b> 12</p>  <p><b>Lag:</b> It's All About You <b>Flytjandi:</b> Juliana Pasha</p>
<p><b>GRIKKLAND</b> 13</p>  <p><b>Lag:</b> OPA <b>Flytjandi:</b> Giorgos Alkaios &amp; Friends</p>	<p><b>PORTÚGAL</b> 14</p>  <p><b>Lag:</b> Há Dias Assim <b>Flytjandi:</b> Filipa Azevedo</p>	<p><b>ÍSLAND</b> 17</p>  <p><b>Lag:</b> Je Ne Sais Quoi <b>Flytjandi:</b> Hera Björk</p>	
<p><b>MAKEDÓNÍA</b> 15</p>  <p><b>Lag:</b> Jas Ja Imam Silata <b>Flytjandi:</b> Gjoko Taneski</p>	<p><b>HVÍTA-RÚSSLAND</b> 16</p>  <p><b>Lag:</b> Butterflies <b>Flytjandi:</b> 3+2</p>		





## Góð kjör og góð þjónusta

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali  
Finnboði Hilmarsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500  
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.  
**Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.



heimili  
FASTEIGNASALA

## VALHÖLL FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

### SUMARHÚS LAUGARÁS



Stórglæsilegur og vandaður bústaður við árbakka Hvítár í útjaðri Laugarás Biskupstungum. Frá bústaðnum er glæsilegt útsýni m.a. yfir Hvítánnu og nærsveitir ásamt Vörðufelli sem blasir beint við. Heitt og kalt vatn í bústaðnum. Um þrjár eignir er að ræða, hús með þremur svefnherbergjum (61,6 fm), flísalagður bílskúr (38,3 fm) og baðhús (17 fm) með heitum potti og sturtu. Sumarhúsið er með þremur rúmgöðum svefnherbergjum, stóru eldhúsi og stofu með stórum útsýnisluggum er vísa út að Hvítá. Snyrting er með tengi f. þvottavél. Eignin stendur á 3312 fm leigulandi með tryggum samningi við Laugaráshérað. Baðhúsið er með heitum potti, hellulögn á gólfi og sturtu. Verð 23 millj. **Nánari upplýsingar veitir Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520.**

Ingfólfur Gissurarson lfg.  
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

## Einbýli með aukaíbúð

Fasteignamarkaðurinn hefur til sölu fallett einbýlishús á þremur hæðum við Lynghaga.

**H**úsið er 243,5 fm á þremur hæðum með aukaíbúð í kjallara. Það stendur á 645 fm gróinni og ræktaðri lóð.

Komið er inn í flísalagða forstofu með skápum. Gestasnyrting er með flísum á gólfi og glugga. Hol er parketlagt. Eldhús er með ljósri viðarinnréttingu með flísum á milli skápa. Góð borðaðstaða er í eldhúsi. Í húsinu eru bjartar samliggjandi stofur með teppi og parket á gólfi. Útgent er á suður-svalir úr stofu.

Gengið er upp falleган stiga á efri hæð. Þar er baðherbergi með flísum á gólfi og hluta veggja. Innrétting er hvít. Hjónaherbergi er rúmgott með fataherbergi innaf og dúk á gólfi. Útgent er á svalir úr hjónaherbergi. Tvö parketlögð barnaherbergi eru á hæðinni með skápum. Rúmgott geymslur er yfir efri hæðinni.

Í kjallara er stúdíóíbúð. Þar er



Húsið stendur á gróinni lóð í Vesturbænum.

baðherbergi með sturtu og tengi fyrir þvottavél. Eldhús er með hvítri eldri innréttingu. Stofan/herbergið er parketlögð.

Einnig er í kjallara geymslu-

skápur undir stiga. Geymsla með hillum og glugga. Þvottahús með sturtuáðstöðu. Innaf þvottahúsi er lagna herbergi. Við inngang í kjallara er köld útgeymsla.

## Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS



**Stórkriki 41 - 270 Mosfellsbær**  
Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Aukin framleiðsla á bleikju og laxaseiðum hjá Fiskeldinu Haukamýrargili ehf., Norðurþingi**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kæufrestur til 26. júní 2010.

Skipulagsstofnun

R 109, til leigu 2ja h.kj.íbúð í einbýli í rólegu hverfi. V: 76þús. S. 6951790

ROOM f/RENT w/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 8973611

Til leigu 4 herbergja parhús m.bílskur í 104 Reykjavík, ásamt 2 herbergja aukaíbúð m.eldhúskrók. Nánari upplýsingar í síma 898 3562 / 568 1336. Laus 1.júní.

### Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Herbergi til leigu

Herbergi til leigu í miðbæ Reykjavíkur. Um ræðir 16fm herbergi í kjallara ásamt salernis-, sturtu- og eldhúsaðstöðu. Einnig hefur leigjandi afnot af sameiginlegu þvottahúsi. Áhugasamir hafi vinsamlegast samband í síma 520-7300 eða á netfangið [agla@fiskkaup.is](mailto:agla@fiskkaup.is).

### Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir 5-6 herbergja hæð/einbýli/tvibýli/parhúsi á svæði 101,107,105. erum reglusöm, reyklaus og göngum vel um. Skilvisum greiðslum heitið. Ef þú ert með réttu eignina fyrir okkur hafðu þá samband við Þórunni í síma 6637858

Bakkar. Fjölskylda óskar eftir 4-5 herb. íbúð til leigu í eitt ár. Við erum skilvis, reyklaus og reglusöm. S 8225321

Bílastæði óskast til leigu í bílageymslu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 892 2934.

### Atvinnuhúsnæði

Snyrtilegt 180 fm pláss til leigu á Smiðjuvegi. Uppl. í síma 8960551.

Til leigu ca.530 m2 lager og iðnaðarhúsnæði í Kjötismiðjuhúsinu að Fosshálsi Reykjavík góð lofthæð og útsvæði uppl.s síma 892-3482

Til leigu nokkur skrifstofuherbergi í Kjötismiðjuhúsinu að Fosshálsi Reykjavík góð sameiginleg aðstaða uppl.s síma 892-3482

Til leigu gott skrifstofuhúsnæði á 3. hæð við Armúla. Skiptist í 13 skrifstofur og bjart opið rými. Má skipta í tvö rými. Góðar tölvulagnir, hagstætt leiguverð. Uppl. í armuli40@gmail.com.

### Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**  
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

### Geymsluhúsnæði

Til leigu 45fm gott upphitað geymsluhúsnæði á Ártúnshöfða. Stórar dyr. Uppl. í s. 898 4500

### www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

### geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

### Gisting

Nýtt! Glæsileg 5 herbergja íbúða við miðbæ Akureyrar rétt við sundlauginu. Íbúðin er vel útbúin og með heitum potti. Uppl. í síma 865-9429

## ATVINNA

### Atvinna í boði



**Kvöld- og helgarvinna**  
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

**Skalli Vesturlandsvegi**  
Starfsfólk óskast í kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar á staðnum.

The Purple Rabbit vill kaupa djörf myndbönd íslenskra kvenna. Nánari upplýsingar á PurpleRabbit.is.

### Hefur þú brennandi áhuga á snyrtivörum og vilt kynna AVON tækifærinu?

Avon leitar að öflugum sölufulltrúum um allt land. Hafðu samband í síma 5772150 eða [ths@avon.is](mailto:ths@avon.is)

Tryggingamiðlun Íslands vantar fólk í kvöldstarf í símaveri fyrirtækisins. Umsóknir sendist á [gisli@tmi.is](mailto:gisli@tmi.is)

Leitum að starfskrafti til að hafa umsjón með lítili fiskvinnslu sem einnig framleiðir fiskrétti. Leitað er að ábyrgum, skipulögðum aðila með reynslu sem matreiðslumaður og/eða í fiskvinnslu. Sendið umsóknir til [helgi@esca.is](mailto:helgi@esca.is)

## TILKYNNINGAR

### Einkamáli

### Glæný eldheit upptaka

Hún er ljóshærð, grannvaxin og græneyg og í þessari afar innilegu upptöku fylgist þú með henni klifra herra og herra og ná síðan hreint ótrúlegum endaspretti. Ofboðslega innileg upptaka! Sími 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8144.

46 ára smávaxinn kk, 100% btn, vill gjarna hitta eldri tp. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8784.

Ung kona (tvítug?) leitar að skemmtun með reyndum einstakling. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8975.

Spennandi kona leitar kynna við karlmann með ljúfa dekurstund í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8885.

### Aðstoð

## Er bankinn erfiður?

Aðstoð við nauðasamninga, umsókn um greiðsluádlögun og ábendingar um önnur úrræði sem gætu komið að gagni.

Ráðgjafabjónusta  
Samtaka Lánþega

**615 1522**

[adlogun@gandri.com](mailto:adlogun@gandri.com)  
<http://adlogun.gandri.com>




**greiðsluADLÖGUN**  
hamraborg 10 // IS-200 kópavogur

Hringdu í síma

**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki







**HVENÆR ER LJÓSMYND LIST?** María Karen heldur fyrirlesturinn Hvenær er ljósmynd list? Hér má sjá veggskeytingu frá 1957 í kaffistofu Arnarhólsvols.

## Hvenær er ljósmynd list?

María Karen Sigurðardóttir, safnstjóri Ljósmyndasafns Reykjavíkur, heldur fyrirlesturinn Hvenær er ljósmynd list? í Listasafni Reykjavíkur á fimmtudag. Þar leitast hún við því að svara spurningunni, rýna í ágreining sem hana snertir, velta upp viðhorfum þeirra sem vinna með miðilinn og leita eftir hugsanlegum svörum.

Í tilkynningu segir að ljósmyndaumræðan sé um margt sérstök á Íslandi en að hér sé mikil gerjun, vaxandi sýningarhald og að íslenskir ljósmyndarar veki sífellt meiri athygli erlendis.

María Karen tók viðtöl við nokkra sem starfa við miðilinn og í fyrirlestrinum verður svörum þeirra teflt saman. Þá mun hún velta fyrir sér sjálfsmýnd íslenskrar ljósmyndunar og íslenskra ljósmyndara og spyr hvort þeir séu listamenn eða handverksfólk. Fyrirlesturinn hefst klukkan 12.10 en hann er hluti af Listahátíð í Reykjavík.

- ve



**FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGA** Eiríkur Rögnvaldsson, forseti Íslensku- og menningardeildar HÍ, Guðrún Nordal, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Þóður Kristjánsson, kennslustjóri HÍ og Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs HÍ.

## Öflugt samstarf

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Háskóli Íslands hafa nýlega eft starfs- og rannsóknartengsl sín. Það gerðist með samningum um að Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, gegndi jafnframt starfi prófessors við Íslensku- og menningardeild HÍ að hluta. Hugmyndin er að Guðrún annist kennslu við deildina, samkvæmt samkomulagi við deildarforseta, og taki að sér að leiðbeina nemendum í rannsóknunni við lokaverkefni. Einnig geti hún átt sæti í meistara- og doktorsnefndum við deildina.

Guðrún Nordal er með doktorsgráðu frá Oxford-háskóla. Hún kenndi við Háskóla Íslands um árabíl og hefur sérhæft sig í íslenskum og evrópskum miðaldabókmenntum og í íslenskum bókmenntum almennt. Helstu rannsóknarvið hennar núna lúta að útgáfu dróttkvæða, lærdómi, skáldskaparfræðum dróttkvæða og skáldskapariðkun á 12, 13. og 14. öld og tengslum vísna og lausamáls í íslenskum miðaldarfrásögnum. Hún stundar enn fremur rannsóknir á breytileika íslenskra miðaldasagna í elstu handritum, frá 13., 14. og 15. öld.

- gun

## NAFNIÐ MITT: MAGNFRÍÐUR JÚLIUSDÓTTIR

# Langamma passar upp á mig

„Á bak við nafnið mitt er dæmigerð íslensk draumanafnasaga,“ segir Magnfríður Júlíusdóttir, lektor við Háskóla Íslands, en hún heitir í höfuðið á langömmu sinni í móðurætt.

„Mamma var búin að ákveða annað nafn á mig en svo dreyndi hana að amma hennar væri að ganga kringum vögguna mína og tók því þannig að hún væri að biðja um nafn. Mamma varð við þeirri ósk ömmu sinnar og skýrði mig Magnfríði.“

Langamma Magnfríðar var alltaf kölluð Magga. Magnfríður er hins vegar kölluð Fríða í daglegu tali og segir Magnfríðarnafnið notað við formlegri tilefni.

„Nemendur mínir í skólanum þekkja mig til dæmis sem Magnfríði en ég á frænku sem heitir Margrét og er kölluð Magga svo sennilega er það þess vegna sem ég er kölluð Fríða. Við erum ekki fleiri Magnfríðarnar í fjölskyldunni og ég á ekki von á að okkur fjölgi. Ég skírði dóttur mína til dæmis stuttu og einföldu nafni, Katla sem myndi ekki

vefjast fyrir neinum. Þegar ég var táningur fannst mér fólk hiksta stundum á nafninu mínu og oft var ég kölluð Málfríður.“

Innt eftir því hvort nafnið hennar vefjist sérstaklega fyrir útlendingum segir hún það sennilega bara hljóma eins og önnur íslensk nöfn í eyrum útlendinga, óskiljanlega.

Langamma Magnfríðar ólst upp á Rauðasandi á Vestfjörðum. Hún fór einn vetur til náms í Kvennaskólanum í Reykjavík sem ung kona ásamt vinkonu sinni. Spurð um líkindi Magnfríðar við langömmu sína segir hún þetta helst tengja þær, þær hafi báðar sótt í að mennta sig.

„Ég fór utan til Svíþjóðar í nám sem hefur verið svipað mál og það var í hennar daga fara að vestan til Reykjavíkur til náms. Ég hef gaman að draumatengingunni við nafnið mitt og sem barn þegar ég heyrði þessa sögu hugsaði ég með mér að langamma mín væri að hugsa til mín og passa upp á mig.“



MAGNFRÍÐUR JÚLIUSDÓTTIR

# Maí tilboð á hreinlætistækjum



## Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI



ifö

IFÖ salerni með setu  
Verð kr. **34.900,-**



Sphinx  
Baldur Water

Sphinx upphengt salerni, og seta  
Verð kr. **19.900,-**



ifö

IFÖ Next sturtuklefi 80x80  
Verð kr. **99.900,-**



mora

Mora Eco sturtuset  
Verð kr. **5.500,-**



mora

Mora sturtutæki með upp eða niður stút  
Verð kr. **19.950,-**

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050  
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is





# Smurostar

á brauðið, á hrökkbrauðið,  
í pastaréttina, í fiskréttina,  
í sósumnar ...



ostur.is

## Þú ert ekki mamma mín

**BAKPANKAR**  
Hólmfríður  
Helga  
Sigurðardóttir

Rétt eins og allflestar mæður í kringum mig þjáist ég af stöðugu samviskubiti yfir að eyða ekki meiri tíma með barninu mínu. Undanfarið hef ég hins vegar verið blessunarlega laus við þessa leiðindatilfinningu. Við fjölskyldan tókum okkur nefnilega frí frá íslenskum veruleika og smeygðum okkur inn í norskan í heilar þrjár vikur. Bróðurparti daganna eyddum við öll saman, nokkuð sem hefur aldrei gerst áður í svo langan tíma.



**ÁÐUR** en við lögðum af stað í ferðalagið hófst hver kvöldmáltíð með afslöppun í boði stráksins – „anda inn, anda úúúú“ – og eftir matinn heyrðist „takk fyrir matinn, kæra vinkona mamma“. Þá hló ég með sjálfri mér og hugsaði: „Hvað er fólk eiginlega að væla? Það er skítlétt að ala upp barn.“

**ÞAÐ** var svo úti í Ósló fyrir nokkrum dögum, þegar drengurinn lá undir borði, harðneitaði að borða matinn sinn og sagði: „Ég á ekki að hlýða þér, þú ert ekki mamma mín“ að það rann upp fyrir mér ljós. Það eru sennilega ekki við þabbinn sem eigum heiðurn af því hvað strákur er vel heppnaður. Það eru nefnilega á langflestum heimilum ekki foreldrarir sem kenna börnum mannsiðina. Það eru leikskólakennararnir sem sjá um það.

**Í ÆVINTÝRALEGU** gulu timburhúsi á Bergþórugötunni taka æðislegar konur hlýlega á móti orminum okkar og öllum hinum krökkunum á hverjum einasta morgni. Það er svo heimilislegt á Ósi að mörg barnanna halda að þessar vinkonur þeirra búi þar allar saman í einni hamingjuríkri kömmunu, dag og nótt.

**Á TÍMABILI** leit ekki vel út með framtíð Óss. En nýlega skrifaði borgarstjóri loksins undir nýjan samning við einkareknu leikskólana og tryggði hana þar með, í bili. Þar fyrir utan lítur allt út fyrir að eitt foreldranna á Ósi sé á leiðinni í borgarstjórn fyrir Besta flokkinn. Ég treysti því að flokkurinn standi við klíkukosningaloforðin. Nú verði sól á Ósi um ókomna framtíð – lóðin gerð upp, húsið málað, graffitíð fjarlægð og framkvæmdasjóðurinn fylltur af peningum.

**EN ÞAÐ** var þetta með mömmusamviskubitið. Ég er að hugsa um að varpa því bara af mér, Eða alla vega að skipta um – fyllast heldur samviskubiti yfir því að hafa hoggið skarð í glimrandi uppeldi Ós-mæðranna á syni mínum. Nei, annars, ég nenni því ekki, þetta voru svo huggulegar þrjár vikur. En ég biðst samt afsökunar á umskiptingnum sem þið féði til baka. Þið reddið þessu, er það ekki?

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# RÓMEÓ OG JÚLÍA

Vesturport



Takmarkaður  
sýningafjöldi  
**Miðasala er hafin!**



**Borgarleikhúsið**



## > BYRJADI SNEMMA

Leikkonan Gwyneth Paltrow, sem fer með hlutverk í stórmyndinni Iron Man 2, segist njóta þess að drekka hanastél eftir erfiðan dag í vinnunni. „Ég elska martinni. Ég lærði að blanda martini þegar ég var sex ára gömul. Pabbi bað mig oft um að blanda handa sér hanastél.“



# fólk

folk@frettabladid.is

## Neita að Watts sé hættur í Stones

Öldungarnir í Rolling Stones hafa sent frá sér yfirlýsingu þess efnis að trommarinn Charlie Watts sé ekki hættur í hljómsveitinni. Áströlsk vefsíða greindi frá því á dögunum að Watts væri hættur – en þetta er í annað skipti á nokkrum mánuðum sem því er haldið fram. Watts var fljótur að bera söguna til baka í fyrra skiptið og jafnvel fljótari nú.

„Við viljum gera öllum ljóst að þrátt fyrir skáldaðar fréttir um brotthvarf trommarans Charlie Watts úr Rolling Stones þá hefur hann ekki yfirgefið hljómsveit-

ina,“ kemur fram í yfirlýsingu. „Það er verið að taka viðtal við Charlie til að kynna nýjasta verkefni Rolling Stones; heimildarmyndina Exile. Svo eru strákarnir að fara að fagna því að vera komnir á toppinn í Bretlandi.“

Platan Exile on Main Street, sem var endurútgefin í tilefni myndarinnar Exile, er komin á toppinn í Bretlandi – hátt í 40 árum eftir að hún kom út. Það hlýtur að teljast góður árangur hjá hljómsveit sem er með samanlagðan starfsaldur á við aldur Gamla testamentsins.



EKKI HÆTTUR Strákarnir í Rolling Stones neita að trommarinn Charlie Watts sé hættur.

## Hannar nokkrar línur í einu

Fatahönnuðirnir Edda Guðmundsdóttir og Arna Sigrún Haraldsdóttir eru þær fyrstu til að hanna undir merkjum Black-merkisins. Ekki er ljóst hvað af hönnuninni fer í framleiðslu.

Black er verkefni sem miðar að því að hjálpa ungum fatahönnuðum að koma línunum sínum á almennan markað. Linda Björg, fagstjóri Fatahönnunardeildar LHÍ, stendur að verkefninu ásamt Margréti Bjarnadóttur. Fatahönnuðirnir Edda Guðmundsdóttir og Arna Sigrún Haraldsdóttir eru þær fyrstu til að hanna undir merkjum Black og frumsýndu þær hönnun sína í kjölfar tiskusýningar annars árs nema við fatahönnun í LHÍ.

„Þessi lína var forlína og hún er í raun ennþá í þróun. Einhverjar flíkur gætu farið í framleiðslu en það á eftir að koma betur í ljós. Það eru erfiðir tímar í fatahönnun eins og í mörgu öðru og verkefnið sjálft er svo nýtt að það er í raun ennþá verið að leggja línurnar að því. Við erum þó báðar byrjaðar að hanna nýja línu undir merkjum Black,“ útskýrir Edda. Hún segist þó taka að sér að sér- sauma flíkur úr línunni fyrir áhugasama tískuunnendur og segir það hjálpa til við að fjármagna næstu fatalínu.

Edda hefur ekki setið auðum höndum undanfarið því ásamt því að hanna undir merkjum Black hefur hún unnið að eigin línu auk þess sem hún og systir hennar, Sólveig Ragna Guðmundsdóttir arkitekt, hanna saman undir nafninu Shadow Creatures. Aðspurð segir Edda ekki flókið að hanna svo margar fatalínur í einu. „Nei, það er ekkert erfitt að fá hugmyndir að



NÚ ER ÞAÐ SVART Arna Sigrún Haraldsdóttir og Edda Guðmundsdóttir hanna undir merkjum Black.

öllum þessum línunum. Ég hef skipt þessu niður í tímabil og einbeiti mér bara að einu verkefni í einu. Línan sem ég hanna með systur minni verður aðeins sumarlegri

og glaðlegri en hinar og ég býst við að hún verði fánæg í júní.“

Hægt er að skoða Black-línurnar á Facebook-síðum Eddu og Örnú Sigrúnar. [sara@frettabladid.is](http://sara@frettabladid.is)

### Fyrirlestraröð

## VERKIN TALA

TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HR

20. – 28. maí í Háskólanum í Reykjavík

Í byrjun árs 2009 veittu Samtök iðnaðarins Háskólanum í Reykjavík rausnarlegan styrk til að þróa kennslu í hagnýtum námskeiðum þar sem hugvit og verkvit vinna saman. Undir yfirskriftinni „Verkin tala“ verða nú kynnt ýmis áhugaverð verkefni sem nemendur í verkfræði og tæknifræði hafa unnið á námskeiðum sem nutu styrks SI.

Erindi verða flutt kl. 12:00 – 12:30 alla dagana.

#### DAGSKRÁ:

#### ✓ Fimmtudagur 20. maí

**TÆKNIN ER HEIT** – Hagnýt varmafræði, orka og vélar\*

William S. Harvey

Stofa: V1.12 Orkutæknistofa

#### Þriðjudagur 25. maí

**SAMSPIL Í HÖNNUN** – Arkitektúr og burðarvirkjahönnun\*

Björn Guðbrandsson

Stofa: V1.02 BETELGÁS

#### Miðvikudagur 26. maí

**RAFMOGNUM ENDURHÆFING**

– Raförvun við endurhæfingu fingra

Arna Óskarsdóttir og Dröfn Svanbjörnsdóttir

Stofa: V1.02 BETELGÁS

#### Fimmtudagur 27. maí

**UMHVERFISVÆNT FORSKOT** – Samnýting rafbíla við HR\*

Hlynur Stefánsson

Stofa: V1.12 Orkutæknistofa

#### Föstudagur 28. maí

**Á KAFI Í TÆKNINNI** – Sjálfvirkur kafbátur\*

Jón Guðnason

Stofa: V2.09 Rafeinda- og stýritæknistofa

#### ALLIR VELKOMNIR!



\* Verkefni styrkt af Samtökum iðnaðarins



## Íslensk matreiðsla í mikilli sókn

John Swarbrooke, prófessor í ferðamálafræðum við César Ritz College í Sviss, heimsótti Ísland fyrir stuttu og hélt hér fyrirlestur um ferðaiðnaðinn auk þess sem hann heimsótti nemendur og starfsfólk við Menntaskólann í Kópavogi, sem starfar náið með César Ritz. Swarbrooke hefur skrifað fjölda bóka um ferðaiðnaðinn sem þýddar hafa verið á yfir tíu tungumál.

„Ég heimsótti Ísland fyrst fyrir 37 árum og ferðaiðnaðurinn hér hefur breyst gríðarlega síðan þá. Samgöngur hafa breyst mikið síðustu árin en það sem mér finnst hafa tekið mestum framförum er matreiðslan. Áður þegar ég sótti landið heim borðaði ég úti af nauðsyn en í dag er það einstök lífsreynsla að snæða á íslenskum veitingastöðum, hræfnið er frábært og Íslendingar gætu notfært sér þessi sérkenni enn frekar við markaðssetningu á landinu,“ segir Swarbrooke.

Að sögn prófessorsins kemur það honum á óvart að ferðamannastraumur til landsins skuli enn vera í hámarki yfir sumartímann



HRÍFST AF ÍSLANDI John Swarbrooke, ferðamálafrófessor við César Ritz í Sviss, segist vera heillaður af íslenskum vetri.

þar sem vetrarmánuðirnir hafi upp á margt að bjóða. „Það er til dæmis kaldara í Sviss yfir veturinn heldur en á Íslandi, þess vegna ætti veður ekki að hafa mikil áhrif á strauum ferðamanna hingað til lands á þessum árstíma. Hér er einnig nóg um að vera á veturna, það er bara spurning um að markaðssetja landið rétt til að draga fólk að. Það er ekki nóg að kynna fyrirtæki og ferðamöguleika fyrir fólki þegar það er komið til landsins heldur þarf einnig að markaðs-

setja vöruna erlendis til að lokka ferðamenn til landsins.“

Aðspurður segir Swarbrooke að Íslendingar ættu ekki einungis að einblína á þann fjölda ferðamanna sem kemur til landsins árlega, heldur eigi einnig að reyna að hámarka þjónustu við þá og auka þannig tekjurnar. „Íslendingar ættu að reyna að nýta sér slæmt gengi krónunnar á meðan það varir, því nú er landið orðið viðráðanlegt fyrir fjölda fólks sem hafði áður ekki haft efni á að koma hingað.“



# Mel B í nýjum þætti

Kryddpían fyrrverandi, Mel B, verður í aðalhlutverki í nýjum raunveruleikaþætti sem mun fjalla um líf hennar. Þættirnir snúast um sambúð hennar með eiginmanninum Stephen Belafonte og tveimur dætrum hennar, hinni ellefu ára Phoenix og þriggja ára Angel. Einnig verður sýnt hvernig hún skipuleggur tónlistarferil sinn samhliða fjölskyldumálunum.

Þættirnir verða tíu talsins og taka þau Mel B og Belafonte þátt í framleiðslunni. Sýningar hefjast á The Style Network í Bandaríkjunum í september og síðar meir í Bretlandi.

Stutt er síðan Mel mætti á frumsýningu nýjustu Shrek-myndarinnar í Los Angeles með fyrrverandi kærasta sínum, leikaranum Eddie Murphy. Talið er að uppákomun verði sýnd í nýja þættinum. „Mel B er full af sjálfstrausti, hún er fyndin og kann að skemmta fólk. Okkur finnst flott hvernig Mel hefur hagað ferli sínum og í þættinum sýnum við bæði góðar og



MEL B Nýr raunveruleikaþáttur með kryddpíunni fyrrverandi er í undirbúningi.

slæmar hliðar hennar á sama tíma og við fjöllum um móðurhlutverkið og hjónabandið,“ sagði forstjóri Style Network.

# Brotnaði niður í Disneylandi

Líf söngkonunnar Britney Spears hefur ekki verið dans á rósum undanfarin ár og nú herma fregnir að stúlkan hafi brotnað niður á mæðradaginn sjálfan. Söngkonan hafði ætlað sér að heimsækja Disneyland ásamt kærasta sínum og sonum en þegar hersingin kom á hótelið lokaði hún sig af. „Hún grét láttlaust og neitaði að yfirgefa herbergið. Jason og strákarnir sátu allan daginn inni í öðru herbergi með barnfóstrunum og öðru aðstoðarfólki sem vissi ekki hvað skyldi gera,“ var haft eftir vini söngkonunnar.

Um nóttina átti Spears svo að hafa óskað eftir skærum til að klippa hár sitt. „Ástandið hefur bara farið versandi. Það er stutt síðan hún lét húðflúra kórónu á bakið á sér til að sýna að hún ráði yfir eigin lífi. Faðir hennar er hættur að heimsækja hana og hringir nú aðeins til að athuga hvort allt sé með felldu. Henni finnst sem enginn elski sig og líður eins og hún sé ein í heiminum. Þetta er mikið áhyggjuefni,“ sagði vinurinn.



Á NIÐURLEIÐ Britney Spears finnst hún ein og ástlaus.

# Dekrar við frúna

Bones-leikarinn David Boreanaz játaði fyrir skemmstu að hafa haldið framhjá eiginkonu sinni, Jamie Bergman, með tveimur konum. Hjónin hafa ákveðið að reyna að bjarga hjónabandinu þrátt fyrir þetta og á Boreanaz að hafa keypt demantsarmband handa eiginkonu sinni. Armbandið keypti hann hjá Cartier og kostaði tæpar fjórar milljónir. „David er að gera allt sem í hans valdi stendur til að bæta fyrir brot sitt. Hann veit að hann getur ekki keypt fyrirgefningu en hann vill samt sem áður dekra við Jamie og það virðist virka,“ var haft eftir vini hjónanna.

MIÐUR SÍN David Boreanaz bætir fyrir brot sitt með því að kaupa gjafir handa eiginkonunni.

NORDICPHOTOS/GETTY



# Krakkageymslan.is

Leikjanámskeið í Söngskóla Maríu Bjarkar  
Ert þú búin að tryggja þínu barni frábæra skemmtun í sumar!


- Töframaður
- Bakstur
- Söngur
- Útileikir
- Grillpartý
- Föndur
- Kökuskreyting
- Sveitaferð
- Danskensla
- Fótolti
- Vatnsstríð
- Leiklist
- Bíó
- Diskótek
- Hoppukastali
- Húsdýragarður
- Myndataka í Grasagarði

- Ingó kemur í heimsókn og spilar á gítar:o)
- Logi Geirs kemur og stjórnar íþróttaleikjum:o)
- Maria Björk kemur og allir fá að syngja:o)

Nánari upplýsingar á [krakkageymslan.is](http://krakkageymslan.is)

Fákafeni 11 - Sími. 588 1111 - 897 7922

[krakkageymslan@krakkageymslan.is](mailto:krakkageymslan@krakkageymslan.is)



# HORFIN LÍFSGLEÐI

OKKAR ÁBYRGÐ

VERNDUM BÖRN GEGN OFBELDI



Málþing Barnaheilla – Save the Children á Íslandi verður haldið á morgun, 26. maí, á Hilton-Nordica hóteli frá kl. 9.00-12.30.

Vigdís Finnbogadóttir, verndari Barnaheilla setur málþingið.

Fyrirlesarar:

- Jasmine Whitbread, framkvæmdastjóri alþjóðasamtaka Barnaheilla - Save the Children
- Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla - Save the Children á Íslandi
- S. Ingibjörg Jósefsdóttir, skólastjóri Hagaskóla
- Fulltrúar ungmennaráðs Barnaheilla - Save the Children á Íslandi
- Þorbjörg Sveinsdóttir, sérfræðingur í Barnahúsi
- Halldór Hauksson, sviðsstjóri Barnaverndarstofu

Fundarstjóri: Þórdís Elva Þorvaldsdóttir

Aðgangur ókeypis

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku með því að senda tölvupóst á [barnaheill@barnaheill.is](mailto:barnaheill@barnaheill.is)



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





UTLAGI, STRÍÐSMADUR, HETJA

600 KR. **PRÍDJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR**

600 KR. **ROBIN HOOD**

600 KR. **BROOKLYN'S FINEST**

600 KR. **HUGÓ 3**

600 KR. **SHE'S OUT OF MY LEAGUE**

600 KR. **NANNY MCPHEE**

**SÝNINGARTÍMAR**

ROBIN HOOD	4,7 og 10 (POWER)	L
BROOKLYN'S FINEST	5,30, 8 og 10,30	16
HUGÓ 3	4	L
SHE'S OUT OF MY LEAGUE	8	12
NANNY MCPHEE	5	L

BÍÐIN ER Á ENDA **HEIMSRUMSÝND Á ÍSLANDI** VIKU Á UNÐAN USA

Frá framleiðanda **Pirates of the Caribbean** þrjústíga þriðlingur Jerry Bruckheimer kemur ein stærsta bíóupplifun ársins

**PRINCE OF PERSIA** THE SANDS OF TIME

Gísli Örn Gardarsson er mættur í sinni fyrstu Hollywood mynd

UTLAGI, STRÍÐSMADUR, HETJA

SAMRÍÐI	ÁLFABAKKA	KRINGLUNNI
PRINCE OF PERSIA	5:30D - 8D - 8:30D - 10:30D - 11	PRINCE PERSIA 5:30D - 8D - 9 - 10:30D - 11:30
PRINCE OF PERSIA	kl. 5:30 - 8 - 10:30	IRON MAN 2 kl. 5:30 - 8 - 10:30
ROBIN HOOD	kl. 8 - 10-50	TEMJA DREKANN SINN 3D ísl. Tali kl. 6(3D)
IRON MAN 2	kl. 5:20 - 8 - 10:40	PRINCE OF PERSIA kl. 5:30 - 8 - 10:30
COPS OUT	kl. 10:30	OFURSTRÁKURINN kl. 5:30
OFURSTRÁKURINN M/ísl. Tali	kl. 5:50	COPS OUT kl. 8
KICK ASS	kl. 5:50 - 8	IRON MAN 2 kl. 10:30
AD TEMJA DREKANN SINN M/ísl. Tali	kl. 6	PRINCE OF PERSIA kl. 5:30 - 8 - 10:30
<b>PRÍDJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 600*</b>		ROBIN HOOD kl. 8 - 10:50
		OFURSTRÁKURINN ísl. Tali kl. 6

\*GILDIR EKKI Í M.P. Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

NÝTT Í BÍÓ!

BYGGD Á METÓÐLÖGUM **JENS LAPIDUS**

**SNABBA CASH**

FUNDID FÉ

MAGNADUR SÆNSKUR SPENNUTRYLLIR Í ANDA STEIG LARSSON

Ómar Eyþasson X-18 977

Helgar Austmann FM 957

650 kr. Gildir ekki í Lúxus

UTLAGI, STRÍÐSMADUR, HETJA

RIDLEY SCOTT

GLADIATOR

650 kr.

★★★★ AA-1

★★★★ OZAP-Rað

★★★★

RUSSELL CROWE

CATE BLANCHETT

**ROBIN HOOD**

SAGAN Á BAK VIÐ GOÐSÓGNINA

650 kr.

RICHARD GERE DON CHEADLE ETHAN PHILLIP WESLEY SNIPES

FRÁ LEIKSTJÓNA TRAINING DAY

**BROOKLYN'S FINEST**

THIS IS WAR. THIS IS BROOKLYN.

16

650 kr.

**SKÓGARDÝRID HUGÓ 3**

Laus og hlífur

Nú er komin þriðja bíómyndin um hinn einstaka Hugó og ævintýri hans

Stórskemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna með íslensku tali

SMÁRA BÍÓ	REGNBÖGINN
SNABBA CASH	BROOKLYN'S FINEST
SNABBA CASH LUXUS	DATE NIGHT
SKÓGARDÝRID HUGÓ 3	LOFTKASTALINN SEM HRUNDI
ROBIN HOOD	UN PROPHETE
THE BACKUP PLAN	IMAGINARIUM OF DR. P...
IRON MAN 2	
THE SPY NEXT DOOR	

BORGAR BÍÓ	HÁSKÓLA BÍÓ
ROBIN HOOD	SNABBA CASH
SKÓGARDÝRID HUGÓ 3	SKÓGARDÝRID HUGÓ 3
THE BACKUP PLAN	ROBIN HOOD
	THE BACKUP PLAN
	I LOVE YOU PHILLIP MORRIS
	CRAZY HEART

Tónlist ★★★★★  
**Quadruplos**

**Töff tryllingur**

Hljómsveitin Quadruplos er skipuð þeim Magnúsi Birki Skarphéðinssyni og Tómasi Þórarni Magnússyni. Magnús var m.a. í Mr. Silla & Mongoose og hefur búið til tónlist undir nafninu Magnoose, en Tómas hefur notað auka-sjálfíð Tomio Newmilk.

Hljómsveitin varð til fyrir nokkrum árum en lá í dvala þar til í haust að hún var endurvakin fyrir tónleika á Iceland Airwaves. Síðan hafa þeir Magnús og Tómas verið iðnir við kolann. Þeir áttu frábært lag á Weirdcore-safnplötunni sem kom út í desember síðastliðinn og nú hafa þeir sent frá sér sína fyrstu plötu samnefnda sveitinni. Hún er átta laga og kemur út í samstarfi Weirdcore og Brak Records.

Tónlist Quadruplos er hörð og kraftmikil teknótónlist. Það má greina áhrif í henni frá listamönnum eins og Aphex Twin eða hinum íslenska Biogen og í raun taka þeir félagar það sem þeim hentar úr danstónlist síðustu ára hvort sem það er teknó, breakbeat eða drum & bass og blanda því við sitt eigið og útkoman er fersk og orkurík. Þeir hafa mjög sterka tilfinningu fyrir framvindu og dýnamík og byggja lögin flott upp með stiganda og sviptingum á milli lágværi og rólegri kafla og háværi og ómstríðari kafla. Flest lögin ná hámarki í brjáluðum tryllingi. Þetta er auðvitað ekta klúbbatónlist, en hún virkar líka vel heima í stofu eða í bílnum. Bara muna að spila hátt!

Á heildina litið er þetta frábær plata. Áhugamenn um raftónlist ættu að tékka á henni, en líka allir sem hafa gaman af hávaða og tryllingi. Það er miklu meira rokk í Quadruplos heldur en flestum gítarsveitum í dag.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Flottur hljómur, dýnamík og tryllingur einkenna þessa fyrstu plötu Quadruplos.

**Paula Abdul snýr aftur**

Paula Abdul hefur ekki sést á sjónvarpsskjánum síðan hún var rekin úr dómarastról American Idol.

Aðdáendur Paulu geta tekið gleði sína á ný því hún hefur fengið nýja vinnu í sjónvarpinu. Paula verður dómari í nýjum dansþætti á sjónvarpsstöðinni CBS. Þátturinn heitir Got to Dance og er byggður á breskri hugmynd þar sem allir aldurshópar með allar tegundir af dansi geta tekið þátt.

Ásamt því að dæma í þættinum verður Paula aðalframleiðandi.

**AFTUR Á SKJÁNN** Paula Abdul verður dómari í nýjum dansþætti.



# Flight of the Conchords- maður landar stórmynd

Framleiða á þriðju myndina í Men in Black-seríunni. Tommy Lee Jones og Will Smith snúa báðir aftur, en aðdáendur Flight of the Conchords fá óvæntan glaðning því Jemaine Clement fer einnig með hlutverk í myndinni.

Jemaine leikur illmennið Yaz, en fréttirnar af hlutverkinu eru misvísandi þar sem kvikmyndabíblían IMDB segir að hann leiki persónu sem heitir Boris. Þetta á allt eftir að koma betur í ljós.

Will Smith og Tommy Lee Jones snúa aftur sem leynilögreglumennirnir sem þeir tálkuðu svo eftirminni-lega í fyrstu tveimur myndunum. Í þriðju myndinni halda þeir áfram að leyna því að geimverur búi á jörðinni og ferðast aftur í tímann

til leysa úr einhvers konar geim ágreiningi.

Handritshöfundurinn Etan Cohen, maðurinn á bak við snilldarmyndina Tropic Thunder, skrifar handritið sem gefur góð fyrirheit. Framleiðandinn Sony hefur ákveðið að drífa í að framleiða myndina, sem er þó ekki væntanleg fyrir en eftir tvö ár.

Strákunum í Flight of the Conchords var boðið að framleiða þriðju þáttaröð þáttanna sína fyrir sjónvarpsstöðina HBO, en höfnuðu tilboðinu.

atlifannar@frettabladid.is



LEIKUR VONDA KARLINN Jemaine Clement leikur vonda karlinn í Men in Black III.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

**HRIKALEGT TILBOÐ SEM GILDIR ALLA VIKUNA**

**Fiskibollur 899 kr.kg**

**Allir sósufiskréttir 1.590 kr.kg**

- Þorskur í Bearniessósu
- Ýsugúllas með Tikkamasalasósu
- Ýsugúllas með Karry & kókossósu
- Ýsugúllas með Hvítlaukspíparsósu
- Ýsugúllas með Sinnep og graslaukssósu

Nýbakað rúgbrauð og Óbarinn Harðfiskur að vestan **Veiðimenn ath! Eigum Makríl.**

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755



Verðhrun á fjölnota gæðapappír

# Áttu nokkuð pappírsbrúðkaup?



Þó að heimsverð á pappír  
hafi hækkað þá höfum við  
lækkað verðið um **25%**

NoA4 – verð áður 995 kr. (pakkinn)

Verð nú **749 kr.**

Hafðu samband við fyrirtækjáþjónustu Pennans í síma 540 2050 eða þjónusturáðgjafa í verslunum Pennans; Hallarmúla 2, Hafnarstræti 93 Akureyri, Austurstræti 18, Kringlunni norður, Smáralind, Mjódd, Strandgötu 31 Hafnarfirði, Dalbraut 1 Akranesi, Sólvallagötu 2 Keflavík, Hafnarstræti Ísafirði, Strandvegi 54 Vestmannaeyjum og Pennanum TRS, Eyrarvegi 37 Selfossi.



Með þér í vinnunni





17 DAGAR Í HM



Allir þjálfarar sem hafa gert lið að heimsmeisturum hafa verið að þjálfra landa sína. Þetta þýðir að ef Ítalinn Fabio Capello ætlar að gera Englendinga að heimsmeisturum á HM í Suður-Afríku í sumar þá þarf hann að brjóta blað í sögu keppinnar. Þjálfarar Argentínu (Diego Maradona), Þýskalands (Joachim Löw), Hollands (Bert van Marwijk), Ítalíu (Marcello Lippi), Brasilíu (Dunga), Portúgals (Carlos Queiroz) og Spánar (Vicente del Bosque) eru hins vegar allir sömu þjóðar og liðið þeirra.



**sport**  
sport@frettabladid.is

ÆVINTÝRADAGAR HJÁ ÍBV: GERA ÞAÐ BESTA ÚR SÍNUM MÁLUM EFTIR SAMGÖNGUERFÐLEIKA

## Á gúmmítuðru frá Eyjum til að ná æfingu

Leikmenn ÍBV hafa þurft að leggja mikið á sig undanfarnar vikur. Þar sem öskufall hefur aftrað samgöngum til og frá Vestmannaeyjum hafa leikmenn liðsins dvalið á föstu landi í nokkurn tíma. „Við höfum nýtt tímann vel til að æfa og slá hópnum saman,“ sagði þjálfari liðsins, Heimir Hallgrímsson, í gærmorgun þar sem hann sat í sólinni í Reykjavík og slappaði af fyrir leikinn gegn Haukum.

„Við komumst heim daginn eftir leikinn gegn FH. Við tókum æfingu um morguninn, síðasta föstudag, og svo sigldi um hálf tilið heim. Það var frí á laugardaginn en svo fórum við með gúmmítuðru upp í fjöru til að komast til lands á sunnudaginn. Við þurftum að ná æfingu og þetta var bara nokkuð gaman,“ sagði Heimir glettinn og neitar því að nokkur hafi orðið sjóveikir.

„Reyndar fannst mönnum þetta frekar frumlegur ferðamáti, sér í lagi stráknum sem kom frá Portsmouth. Honum fannst þetta skrítið. Sem er kannski eðlilegt þar sem menn

hjá Portsmouth eru vanir því að ferðast með einkaþotum á alla sína leiki,“ sagði Heimir og hló við.

Leikmenn liðsins æfðu í Reykjavík í gær og slöppuðu svo af saman í sólinni. Liðið ætti að vera orðið mjög samheldið og vikurnar koma sér kannski ágætlega fyrir liðið. Leikmenn liðsins eru auðvitað ekki mikið saman yfir vetrartímann þar sem margir æfa í Eyjum en aðrir á fastalandinu.

„Við áttum líka fína daga í Grindavík. Þar dvöldum við saman á gistiheimili í góðu yfirlæti. Albert Sævarsson markmaður er frá Grindavík og hann dró okkur að einhverri sjóvatnsgjá sem heitir Bjarnargjá. Albert sagði að það væri enginn maður með mönnum nema hann dýfði sér ofan í ísvatnið. Við gerðum það eðlilega,“ sagði Heimir og ekki er laust við að hrollur hafi farið um hann.

„Það var svo kalt að við hefðum alveg eins getað farið í kvennaklefan eftir þetta, það hefði enginn séð neinn mun á okkur. Við fórum svo í Bláa lónið eftir þetta,“ sagði Heimir.



# Sælir með sjö stig aftur til Eyja

ÍBV vann í gær sinn annan sigur í röð í Pepsi-deild karla og er nú með sjö stig eftir fyrstu fjórar umferðirnar. Eyjamenn hafa leikið þessa fyrstu fjóra leiki sína á útivelli og fara sælir aftur til Eyja með stigin sjö.

**FÓTBOLTI** „Við erum með sjö stig eftir fjóra útileiki. Það eru jafn mörg stig og við fengum á útivelli allt síðasta sumar. Ég get því ekki verið annað en ánægður,“ sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, eftir 3-0 sigur sinna manna á Haukum á Vodafone-vellinum í gær. „Við erum mjög glaðir og förum nú aftur til eyjunnar minnar grænu þar sem allt er orðið hreint og fínt á nýjan leik. Við hlökkum til að eiga smá törn fyrir höndum á heimavelli.“

Sigur ÍBV í gær var verðskuldur þó svo að Haukarnir hefðu vissulega fengið sín færi í leiknum. Þeir komu boltanum þrívægis í stöng ÍBV-marksins og tókst þar að auki ekki að nýta sér liðsmuninn eftir að Eyþór Helgi Birgisson, leikmaður ÍBV, fékk að líta rauða spjaldið þegar 20 mínútur voru til leiksloka.

„Ég var nú ekkert sérstaklega ánægður með leikinn sem slíkan,“ sagði Heimir. „Þetta var ekkert sérstakur fótboltaleikur. Það komu góðir kaflar inn á milli og við áttum nokkrar finar sóknir. En þess á milli lentum við í þónokkrum erfiðleikum.“

ÍBV skoraði tvö mörk með stuttu millibili snemma í fyrri hálfleik



SÆLIR EYJAMENN Leikmenn ÍBV unnu góðan 3-0 sigur á Haukum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/SETFÁN

en þar voru Matt Garner og Andri Ólafsson að verki. Litlu munaði að það þriðja kæmi stuttu síðar er Andri átti skalla í slá.

Eyjamenn bökkuðu eftir þetta og Haukar komu sér betur inn í leikinn en án árangurs þó. Þriðja mark

ÍBV kom seint í síðari hálfleik og gerði þá endanlega út um leikinn. Aftur var Andri þar að verki.

„Mér fannst við alltaf líklegir til að skora í leiknum,“ sagði Andri Marteinson, þjálfari Hauka. „Við fengum á okkur slysaleg mörk í fyrri hálfleik og vorum slakir – menn voru einfaldlega ekki að sinna vinnunni sinni. Þetta var betra í seinni hálfleik en það vantaði markið.“

Varnarmenn ÍBV og Albert Sævarsson markvörður virkuðu allir mjög sannfærandi í leiknum og héldu Haukum í skefjum.

„Við erum með alveg hrikalega flotta vörn og það er ástæðan fyrir því að við getum sótt fram á völinn. Þetta eru fljótir leikmenn og góðir að lesa leikinn. Svo hefur Albert verið frábær í markinu eftir fyrsta leikinn og við treystum þessum mönnum til að sjá um

sóknarleik andstæðingsins,“ sagði Heimir.

Andri sagði að þrátt fyrir að Haukar væru enn án sigurs í deildinni væri ekki allt alsæmt. „Alls ekki. Í þessum fjórum leikjum höfum við átt tvo hálfleiki sem hafa valdið vonbrigðum. Ég er því ekki svartstýnn á framhaldið. Ég veit að það býr margt í þessu liði sem á eftir að koma betur í ljós. Menn þurfa að hafa meiri trú á því sem við erum að gera og þá kemur þetta.“

Andri Ólafsson átti stórleik á miðjunni hjá ÍBV en þegar vel gekk lögðu margir hönd á plög í sóknarleiknum sem var á köflum stórhættulegur. Daði Lárusson bjargaði því sem hægt var í marki Haukanna en fyrir utan Hilmar Geir Eðsson virtist lítill drifkraftur og frumkvæði í spili nýliðanna.

eirikur@frettabladid.is

**ENDURNÝJUN OG VIÐHALD**  
Löggiltur rafverktaki  
Sími:  
**553 5600**  
rafsol@rafsol.is

**RAFSÓL**  
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík  
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

**Pallmann®**  
**Parketlakk**

**Ný vara á góðu verði**

**ALFABORG**  
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

**Gefðu vatn**

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

HAUKAR	0-3	ÍBV
0-1 Matt Garner (17.) 0-2 Andri Ólafsson (19.) 0-3 Andri Ólafsson (74.)		
Vodafone-völlurinn, áhorf.: 852 Dómari: Þorvaldur Árnason (7)		
<b>TÖLFRAEÐIN</b>		
Skot (á mark)	14-12 (6-7)	
Varin skot	Daði 4 – Albert 6	
Horn	4-4	
Aukaspjurnur fengnar	13-16	
Rangstöður	1-3	
	<b>Haukar 4-4-2</b> Daði Lárusson 7 - Þórhallur Dan Jóhannson 3, Kristján Ó. Björnsson 5, Guðmundur Mete 5, Pétur Sæmundsson 3 (75. Kristján Óli Sigurðsson -) - Grétar Atli Grétarsson 4 (46. Úlfar Hrafn Pálsson 6), Guðjón P. Lýðsson 5, Hilmar T. Arnarsson 5, Sam Mantom 5 - Hilmar G. Eðsson 7, Hilmar R. Emilsson 4 (46. Jónmundur Grétarsson 5).	<b>ÍBV 4-3-3</b> Albert Sævarsson 8 - James Hurst 7, Eður A. Sigurbjörnsson 7, Rasmus Christiansen 7, Matt Garner 7 - Tony Mawejje 6, <b>Andri Ólafsson 8</b> (77. Arnór Ólafss. -), Finnur Ólafsson 6 (81. Yngvi Borgþórs. -) Þórarinn Valdmarsson 5 (61. Ásgeir Ásg. 6) - Tryggvi Guðm. 6, Eyþór Helgi Birgisson 6.

www.postur.is

## Vörudreifing Póstsins getur hjálpað þínu fyrirtæki að hagræða

Í rekstri fyrirtækja skipta sendingar miklu máli. Það skiptir máli að sendingar skili sér á réttum tíma, að innihald þeirra sé í óaðfinnanlegu ástandi og hægt sé að rekja þær. Þá er gott að að nýta sér víðfeðmt dreifikerfi og reynslu Póstsins. Allt starf Póstsins miðar að því að veita viðskiptavinum betri þjónustu, lágmarka kostnað og hámarka skilvirkni.

Hafðu samband við söludeild í síma **580 1090** eða á [sala@postur.is](mailto:sala@postur.is) og kynntu þér hvernig Pósturinn getur aðstoðað þig við að koma sendingum til skila á besta mögulega hátt.

**PÓSTURINN**  
allur pakkinn



SPORT 2



18  
LEIKIR  
Í BEINNI

# VIÐ TÖKUM HM ALLA LEIÐ

- ▶ ALLIR LEIKIRNIR SÝNDIR Á ÖLLUM HLIÐARRÁSUM
- ▶ REYNSLUMESTU ÞULIRNIR
- ▶ EÍNVALALIÐ FÓTBOLTASPEKINGA
- ▶ HM 442 MEÐ RÖGNU LÓU OG LOGA BERGMANN  
ALLA LEIKDAGANA

**FRÁBÆRT  
HM TILBOÐ!** Sjáðu alla leikina á HM 2010 á Sport 2 fyrir  
aðeins **5.210 kr. á mánuði** í þrjá mánuði  
ef greitt er með greiðslukorti frá VISA.





FRÁ NEIL MARSHALL  
LEIKSTJÓRA „THE DESCENT“

# CENTURION

FRUMSÝND 26. MAÍ

10. HVER  
VINNUR!

SENDU SMS SKEYTIÐ  
**ESL CBV**  
Á NÚMERIÐ **1900**  
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ  
MIÐA Á MYNDINA!

FULLT AF GLÆSILEGUM VINNINGUM:  
BÍOMIÐAR - TÖLVULEIKIR  
DVD MYNDIR,  
GOS OG MARGT FLEIRA

BOÐSMIÐI

BOÐSMIÐI

VILTU  
MIÐA?

SMS  
LEIKUR

Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 149 kr/skeytið.  
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

# Háleit markmið í Madrid hjá hinum sérstaka José

Verst geymda leyndarmálið í knattspyrnuheiminum er að José Mourinho sé að taka við Real Madrid. Hann verður hæst launaði knattspyrnustjóri heims og markmiðið í Madrid er einfalt. Hann ætlar að vinna allt sem í boði er.

**FÓTBOLTI** Það er ekki einu sinni búið að reka Manuel Pellegrini en samt sem áður situr José Mourinho með forseta Real Madrid og ræðir leikmenn sem hann vill fá til félagsins.

Mourinho verður í vikunni kynntur sem knattspyrnustjóri Real Madrid þar sem hann fær 10 milljónir punda í laun á ári, eftir skatta. Það gerir hann að hæst launaða knattspyrnustjóra heims.

Mourinho stýrði Inter Milan til sigurs í Meistaradeildinni um síðustu helgi. Sigur hans var taktískur og hann var einfaldlega fremri en Louis van Gaal hjá Bayern Munchen. Leikurinn þótti reyndar skemmtilegri en bjartsýnustu menn þorðu að vona en varkár leikstíll Mourinho og mikilvægi leiksins gáfu til kynna að leikurinn yrði eins og að horfa á málningu þorna.

Mourinho þykir reyndar ekki passa alveg inn í hjá Real Madrid. Hroki hans er vel þekktur og frægt er að hann kallar sjálfan sig „þann sérstaka“. Stjórar Real Madrid hafa lengi vel þurft að beygja sig undir forseta félagsins sem ræður ríkjum. Florentino Perez keypti Kaká og Cristiano Ronaldo, óumbeðinn af stjórn liðsins síðasta sumar. Perez hefur nú lofað að Mourinho fái öll völd á leikmannamarkaðnum, eitthvað sem enginn annar þjálfari hefur fengið.

Leikstíll Mourinho þykir heldur ekki passa alveg inn í hjá „Galactico-liði“ Real Madrid. Kröfuharðir stuðningsmenn ætlast ekki bara til að liðið vinni, heldur að það spili fallegan og skemmtilegan fótbolta. Það hefur kannski orðið liðinu að falli, en það hefur ekkert unnið síðan liðið varð meistari á Spáni tímabilið 2007/2008.

Mourinho er þegar byrjaður að tala við leikmenn og er ætlinin að þetta vörnina, og raunar varnarleikinn í heild sinni. Fyrstu kaupin verða líklega Maicon frá Inter í hægri bakvarðarstöðuna með Alvaro Arbeloa, sem átti reyndar gott tímabil.

Næstu kaup eru talin vera Daniele de Rossi frá Roma. Hann er verðlagður ansi hátt og félagið vill ekki

fyrir nokkra muni selja hann. Ef Mourinho mistekst að fá de Rossi er talið að hann snúi sér að Steven Gerrard.

Mourinho vill líka nýjan miðvörð og vinstri bakvörð, hugsanlega Aleksandar Kolarov, serbneska landsliðsmanninn sem hann reyndi að kaupa til Inter frá Lazio síðasta sumar. Mourinho ku ekki hafa áhuga á Ashley Cole hjá Chelsea.

Mourinho ætlar sér stóra hluti hjá Real. „Ég vil verða fyrsti stjórnin til að vinna Meistaradeildina með þremur félögum,“

sagði Mourinho sem vann með Porto 2004 og Inter í ár. „Ef þú þjálfar ekki Real Madrid þá verður alltaf glogpa í ferllskránni þinni. Enginn þjálfari hefur unnið þrjár mikilvægar deildir og ég vil vera sá fyrsti til að vinna á Englandi, Ítalíu og Spáni.“

Perez tók aftur við forsetastólnum síðasta sumar og setti þegar af stað verkefni með það að markmiði að koma Real Madrid á toppinn, alls staðar.

„Þetta er metnaðarfullt verkefni,“ segir Mourinho. „Forsetinn hefur gert það sem hann getur, að búa til stórkostlegan æfingavöll, hann hefur fjárfest í leikmönnum og fleira. En hann er ekki sá sem vinnur titla, hann spilar ekki leikina og hann ákveður heldur ekki hvað gerist á bekknum. Þar er ábyrgðin á þjálfaranum, þjálfurum liðsins og leikmannanna sjálfrá.“

Sá sérstaki mætir til Madridar með stæl, spurningin er hvort hann sé síðasta púslið hjá Perez til að gera liðið að því besta í heimi.

hjalti@frettabladid.is

## SÁ SÉRSTAKI

José Mourinho hefur nú orðið Evrópumeistari bæði með Porto og Inter.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pantaðu í síma  
**565 6000**  
eða á somi.is

VEISLUBAKKAR  
FRÍ HEIMSENDING\*

SÓMI

\*Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakar.



ARON ÖFLUGUR Skoraði þrjú með Kiel um helgina. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

## Stefan Lövgren: Aron hæfileikaríkari en ég

**HANDBOLTI** Aron Pálmarrsson og félagar í Kiel eru komnir með aðra höndina á Þýskalandsmestarabikarinn eftir sigur á Hamburg í stórleik ársins, 33-31, á laugardaginn. Aron skoraði þrjú mörk í leiknum.

Fyrrum leikmaður Kiel, sænska stórstjarnan Stefan Lövgren, segir að Aron hafi alla burði til að ná langt. „Ég var ekki kominn jafn langt og Aron þegar ég var á hans aldri,“ sagði Lövgren. „Hann er líka hæfileikaríkari en ég. Hann hefur í raun allt sem þarf til að ná langt.“

Annar Svíi, línumaðurinn Marcus Ahlm hjá Kiel, sparaði heldur ekki hrósið. „Hann getur orðið sá allra besti í heimi. En skilyrði fyrir því er auðvitað að hann haldi áfram að leggja mikla vinnu á sig.“



# Forskot í samkeppni



Nýjustu upplýsingar eru forsenda réttra ákvarðana.

Lykilupplýsingar sem veita heildarsýn yfir reksturinn tryggja viðskiptavinum samkeppnisforskot.

**MARITECH SÉRHÆFIR SIG Í VIÐSKIPTAHUGBÚNAÐI FYRIR ALLAR GERÐIR FYRIRTÆKJA.**

Maritech | Borgartúni 26 | Reykjavík | Sími: 545 3200

**maritech**  
www.maritech.is

- tryggir þér samkeppnisforskot





Fylkisvöllur, áhorf.: 1.813 Kristinn Jakobsson (7)

1-0 Albert Brynjar Ingason, víti (2.)  
2-0 Einar Pétursson (31.)  
2-1 Hjálmar Þórarinnsson (86.)  
2-2 Hjálmar Þórarinnsson (90.+3.)

## TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9-11 (5-6)
Varin skot	Fjalar 4 - Hannes 2
Horn	5-11
Aukaspjrnur fengnar	12-25
Rangstöður	7-4

FYLKIR 4-3-3	FRAM 4-3-3
Ejalar Þorgeirsson 6	Hannes Þór Halldór 6
Andrés Már Jóh. 7	Daði Guðmundsson 5
Kristján Valdimarsson 6	Kristján Hauksson 6
Einar Pétursson 7	Jón Guðni Fjóluson 5
Þórir Hannesson 5	Sam Tillen 4
Ásgeir Þórkur Ásg. 6	Halldór H. Jónsson 5
Valur Fannar Gíslas. 6	Jón Gunnar Eyst. 4
Tómas Þorsteinsson 6	(58. Joe Tillen 6)
(69. Baldur Bett 5)	Hlynur Atli Magn. 5
Ingimundur Niels 5	Tómas Leifsson 5
(70. Pape M. Faye 5)	(58. Guðm. Magn. 6)
Albert B. Ingason 6	Almarr Ormarsson 6
Kjartan Á. Breiðdal 5	Ivar Björnsson 5
(83. Jóhann Þórhalld. 5)	(58. <b>Hjálmar Þ.</b> 7)

\*Maður leiksins

Tvö horn undir lokin skiluðu Fram stigi og komu í veg fyrir að Fylkir færi á toppinn:

## Hjálmar svaraði fyrir sig með tveimur mörkum

**FÓTBOLTI** Fylkismenn fóru illa með frábæra stöðu á móti Fram á Fylkisvöllinum í gær. Fylkir var 2-0 yfir þegar rúmar fjórar mínútur voru til leiksloka og það leit allt út fyrir að strákarnir hans Ólafs Þórðarsonar væru að fara á toppinn í Pepsi-deildinni.

„Það var sníllt að koma til baka og jafna þetta. Það er aldrei hægt að afskrifa okkur. Það var mjög sterkt að koma til baka og við gefumst aldrei upp,“ sagði Hjálmar Þórarinnsson, hetja Framara, í 2-2 jafntefli liðsins en hann hafði komið inn á sem varamaður á 58. mínútu. Þorvaldur Örylgsson setti hann á bekkinn eftir að honum hafði mistekist að skora í fyrstu þremur leikjum sumarsins.

„Ég varð bara að koma inn á og reyna að sanna mig upp á nýtt. Fyrsta markið var búið að láta bíða eftir sér í sumar og ég var mjög pirraður yfir því að þurfa að byrja á bekknum. Ég varð samt bara að virða ákvörðun þjálfarans og sýna hvað maður getur inni á vellinum,“ sagði Hjálmar. „Þetta var erfiður

útvöllur og það er fínt að fá stig hérna. Vonandi byrjum við betur næst. Ég fæ líka vonandi að byrja næsta leik,“ sagði Hjálmar.

Bæði mörk Hjálmars komu eftir horn. Það fyrri skoraði hann beint úr hornspyrnu á 86. mínútu og það síðara með skalla af marklínu eftir hornspyrnu Sams Tillen á þriðju mínútu í uppbótartíma.

Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, var ekki ánægður með dekkinguna undir lokin. „Þetta var algjör óþarfi. Einbeiting leikmanna í dekkingu í tveimur hornum var okkur að falli. Það var algjört klaufaskapur að gefa frá sér toppsætið svona. Þetta er ósköp einfalt mál. Menn eiga að dekka mennina sína. Einfaldara verður það ekki í fótbolta. Það er drullusvekkjandi að sitja uppi með eitt stig eftir svona leik. Við vorum með þrjú stig í höndunum nánast í 90 mínútu,“ sagði Ólafur en annan leikinn í röð mistókst hans mönnum að tryggja sér toppsætið.


Framarar eru því fyrir ofan þá, enn taplausir í deildinni og tvisvar



SKILDU JAFNIR Ingimundur Niels Óskarsson og Sam Tillen, Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

búnir að koma til baka eftir að hafa lent 2-0 undir á útvelli. Fylkismenn refsuðu Frómurum fyrir mistök í vörninni með tveimur mörkum í fyrri hálfleik en tókst ekki að innsigla sigurinn með því þriðja.

Framliðið átti síst minna í leiknum þótt því gengi illa að skapa sér færi. Frómurum tókst þó að ógna heimamönnum í föstum leikatriðum og það voru einmitt tvö horn sem skiluðu liðinu stigi. - 66j



Kópavogsvöllur, áhorf.: 1.815 Magnús Þórisson (6)

1-0 Kristinn Steindórsson (47.)  
2-0 Kristinn Steindórsson (85.)

## TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	20-8 (11-3)
Varin skot	Ingvar 3 - Gunnleifur 8
Horn	8-3
Aukaspjrnur fengnar	12-14
Rangstöður	2-5

BREIÐABL. 4-4-2	FH 4-3-3
Ingvar Þór Kale 6	Gunnleifur Gunnl. 7
Amór Sveinn Aðalst. 6	Guðm. Sævarsson 5
(79. Finnur Marg. 5)	Pétur Víðarsson 6
Kári Ársællsson 5	Tommy Nielsen 6
Elfar Freyr Helgason 6	Hjörtur Logi Valg. 5
Kristinn Jónsson 7	Björn Daniel Sv. 4
*Haukur Baldvinnsson 8	(75. Jacop Neestrup 5)
(90. Olgeir Sigurg. 5)	Matthías Vilhjálmsson 5
Jökull Elísabetarson 6	Ásgeir Gunnar Ásg. 5
Guðm. Kristjánsson 7	(69. Hákon Hallfr. 4)
Kristinn Steindórsson 8	Ólafur Páll Snorrar. 5
Alfred Finnogason 8	Atli Guðnason 5
Guðm. Pétursson 6	Atli Viðar Björnsson 5
(71. Andri Yeoman 5)	(69. Torger Motland 4)

\*Maður leiksins

## Pepsi-deild karla: Staðan

Keilavík	3	3	0	0	4-1	9
Fram	4	2	2	0	8-4	8
Fylkir	4	2	1	1	9-6	7
Breiðablik	4	2	1	1	6-3	7
ÍBV	4	2	1	1	7-5	7
Selfoss	3	2	0	1	6-4	6
Stjarnan	3	1	1	1	7-5	4
FH	4	1	1	2	5-7	4
KR	3	0	2	1	5-6	2
Valur	3	0	2	1	3-5	2
Haukar	4	0	1	3	2-9	1
Grindavík	0	0	0	3	0-7	0

## Baneitrað sóknarþríeyki Breiðabliks

Bikarmeistararnir í Breiðabliki lögðu Íslandsmeistarana í FH 2-0 í gær. Kristinn Steindórsson skoraði bæði mörk leiksins eftir sendingar frá Alfreð Finnogasyni. Íslandsmeistararnir hafa nú tapað tveimur í röð.

**FÓTBOLTI** Breiðablik var í góðum gir þegar liðið lagði FH að velli í Pepsi-deildinni. Haukur Baldvinnsson, Kristinn Steindórsson og Alfreð Finnogason voru sífellt ógnandi í sóknarleik heimamanna. FH-ingar reyndu í vetur að krækja í þá tvo síðarnefndu án árangurs en þeir hefðu frekar viljað hafa þá í sínum röðum í gær.

Kristinn var brosmildur í leiklok. „Þetta var ekki auðvelt. Fyrri hálfleikur var jafn en við settum mark í byrjun seinni hálfleiks og þá höfðum við á tilfinningunni að við værum með þetta. Við náðum að setja þá í vandræði og þá gekk þetta vel upp. Við sáum leik FH gegn ÍBV og ákváðum að pressa vel á þá. Það er stígandi í liðinu, við erum að vaxa með hverjum leiknum,“ sagði markahrókurinn.

Hjörtur Logi Valgarðsson, Matthías Vilhjálmsson og Atli Guðnason mættir í byrjunarliðið eftir meiðsli. Byrjunarliðið Blika styrktist einnig með tilkomu Arnórs Sveins Aðalsteinssonar og Guðmundar Kristjánssonar.

Ekkert mark var skorað í fyrri hálfleiknum en bæði lið fengu þó fín færi og markverðirnir þurftu að taka á honum stóra sínum. Blikar fengu betri færi. Haukur fór illa að ráði sínu eftir að hafa sloppið í gegn og þá bjargaði Atli Guðnason á marklínu frá Guðmundi.

Daninn Tommy Nielsen hlaut



SKORAÐI BÆÐI MÖRKIN Kristinn Steindórsson í baráttu við FH-inginn Gunnleif Gunnleifsson í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

mikla gagnrýni fyrir dapra frammistöðu í tableiknum gegn

ÍBV en allt annað var að sjá til hans í gær og stóð hann sig tals-

vert betur í hjarta varnarinnar að þessu sinni.

Vængmenn Blika voru verulega sprækir en það var einmitt annar þeirra sem skoraði strax á fyrstu mínútu seinni hálfleiks. Alfreð Finnogason átti hárnákvæma sendingu á Kristinn Steindórsson sem gerði allt rétt og boltinn söng í netinu.

FH-ingar áttu frábæra endurkomu í viðureign liðanna í fyrri en það var ekki uppi á teningnum í gær. Eftir markið héldu Blikar áfram að sækja og voru betra liðið á vellinum. Eftir hræðilega sendingu Jacobs Neestrup skoruðu þeir annað markið.

Aftur var það Alfreð sem átti stoðsendingu og Kristinn átti ekki í vandræðum með að klára færið. Alfreð, Kristinn og Haukur áttu allir stórleik í gær og þegar þeir eru allir í girnum er erfitt að ráða við Kópavogslíðið. Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður FH, var besti maður Íslandsmeistaranna sem voru líkt og gegn ÍBV langt frá því að teljast sannfærandi.

„Fyrri hálfleikurinn var allt í lagi en við töluðum um að gefa okkur enn meira í þetta í þeim seinni. Við gerðum tvo einstaklingsmistök í mörkunum og það vantaði meiri hraða og flæði í okkar leik. Við ætluðum að pressa á þá, tala saman og spila vel innan liðsins,“ sagði Nielsen. - egm, hph

**SYLVANIA** SPARPERUR Í ÚRVALI Verð frá kr. 995,-



Söluáðilar:

**Rafkaup**  
Ármúla 24 • S: 585 2800

Geisli  
Vestm.eyjar

Öryggi  
Húsavík

Rafsjá  
Sauðárkrókur

Fossraf  
Selfoss

SI verslun  
Keflavík

Bymos  
Mosfellsbær

Raflampar  
Akureyri

Pristur  
Ísafjörður

K. Húnvetninga  
Hvammstangi

Raftækjav.  
Eskifjörður

Andrésar  
Við Fellsmúla

Rafvörumarkaðurinn



# Fangaðu heiminn með Canon PowerShot



## Frábær saga er persónuleg.

Hvaða mynd sem er getur sýnt stað, manneskju eða viðburð. Frábær mynd segir sögu. Með Canon PowerShot myndavélum eiga allir möguleika á að vera frábærir sögumenn.

**PowerShot A línan** er fyrir þá sem vilja einfalda myndavél; miða og skjóta og fá ávallt frábærar myndir.

**PowerShot D10** er fyrir þá sem vilja taka myndir á ystu nöf; vatnsheld og frosthelt og skilar hágæða myndgæðum.

**PowerShot SX línan** er fyrir þá sem vilja fara nær viðfangsefninu. Allt að 20x optical aðdráttur og 28mm linsur til að ramma inn skotið.

**PowerShot S90 og G11** skila óviðjafnanlegum myndgæðum og veita sveigjanleika sem uppfyllir kröfur atvinnuljósmyndara.

**Canon PowerShot** myndavélar fyrir allar aðstæður.



Taktu meira en myndir.  
Taktu sögur.

Nánari upplýsingar á [www.canon.nyherji.is](http://www.canon.nyherji.is)  
Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook

**Canon**

Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt

ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar / Reykjavík Sense Center, Krínglunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langhóltsvegi 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholt 50b / Akureyri Pedromyndir - A4 / Húsavík Bókaverslun Þórarins / Ísafjörður Bókahornid - Penninn / Sauðárkrúkur Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / Blönduós Kjalfell / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hrannarbúðin / Stykkishólmur Skipavík / Borgarnes Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martölvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmiðjan / Vestmannaeyjar Foto - Tölvun / Netverslun Nýherja, [www.netverslun.is](http://www.netverslun.is)



**> Kevin James**

„Það er fátt betra en að finna ylinn af heitum pitsa-kassa þegar maður situr með hann í kjöltunni.“

**Kevin James leikur hinn seinheppna Doug í þáttunum King of Queens sem sýndur er á Skjáeinum kl. 19.45.**



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** ER SKULDBUNDINN UM ALLA FRAMTÍÐ

# Pakka þér fyrir, Steinþór Hróar Steinþórsson

Fram á sviðið er stiginn mikill meistari. Steinþór Hróar Steinþórsson er, og þetta fullyrði ég, nú þegar dýrkaður eins og Guð hér á Íslandi. Sá hópur er kannski ekki stór sem þetta á við, en hann mun fara stækkandi með tímanum af mörgum ástæðum.

Í mars árið 1996 skoraði Eric Cantona eina mark Manchester United á móti Newcastle United. Til að gera langa sögu stutta markaði þessi sigur Rauðu djöflanna endalok á draumi þúsunda manna. Ég var einn af þeim. Newcastle missti af meistaratitlinum í tvö ár í röð og tapaði einnig tvisvar í bikarúrslitum.

Þessi niðurstaða markaði upphafið að einu lengsta og fjölmennasta þunglyndiskasti allra tíma. Ég hef í fimmtán ár reynt að vinna úr þessu áfalli með hjálp sérfræðinga án árangurs.

Þegar ég taldi að allt væri vonlaust gerðist kraftaverk. Fram

á sviðið stígur Steinþór. Í fyrsta þætti horfði ég í forundran þegar vor háæruverðuga tign, klæddur svörtu og hvítu, gengur í skrokk á United-manni! Stórkostlegt! Þá sé ég að Egill Einarsson, betur þekktur sem Gillzenegger, er sá sem tekur við réttlætunni úr hendi hins heilaga manns. Himnarnir opnuðust og frá sjónvarpinu barst himnasöngur þúsund engla. Birtu svo stórkostlegri stafaði frá þessu unga karlmenni að erfitt er að finna orð sem ná að fanga augnablikið.

Allt breyttist eins og hendi væri veifað. Það var eins og grjóthnullungi væri lyft af brjóstinu, í fyrsta skipti í fjöldamörgu ár gat ég rétt úr hryggnum og ég fann ógleðina líða úr kvíðnum. Ég fann stoltið yfirtaka skömminna.

Heil þér, Steinþór Hróar Steinþórsson! Við, sem sofum undir svarthvítum fána, erum þér skuldbundnir um alla framtíð.



## PRÍÐJUDAGUR



**19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** SJÓNVARPIÐ



**19.20 Two and a Half Men** STÖÐ 2



**20.05 Goals of the Season 2009/2010** STÖÐ 2 SPORT 2



**21.00 Eureka** SKJÁREINN



**21.50 That Mitchell and Webb Look** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.30 Alla leið** (e)

**16.35 Stíklur - Nú förum við fram eftir** (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Jimmy Tvískór** (6:13)

**17.50 Múminálfarnir**

**18.20 Fréttir**

**18.50 Veðurféttir**

**19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Bein útsending frá fyrri forkeppninni á Fomebu-leikvanginum í Bærum í Noregi. Hera Björk Þórhallsdóttir stígur síðust keppenda á svið. Kynnir er Sigmar Guðmundsson.

**21.10 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva**

**21.25 HM 2010** (2:4) HM 2010 er upphitun fyrir mótið sem hefst 11. júní í sumar. Þetta eru fjórir þættir þar sem Þorsteinn J. fer vandlega yfir heimsmeistaramótið í fótbolta í Suður-Afríku í júní.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurféttir**

**22.15 Langrækni** (2:3) (Unforgiven) Nýr breskur myndaflokkur í þremur þáttum. Ruth Slater er látin laus eftir 15 ára fangelsisvist vegna morða á tveimur lögregluþjónum og þá rífnar ofan af löngu grónum sárum.

**23.05 Íslenski boltinn** Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótbolta.

**23.50 Leiðin á HM** (14:16)

**00.20 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** (e)

**02.20 Fréttir**

**02.30 Dagskrárlök**

## BÍÓ

**08.00 Leatherheads**

**10.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**

**12.00 The Nutcracker and the Mouseking**

**14.00 Leatherheads**

**16.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**

**18.00 The Nutcracker and the Mouseking**

**20.00 Stomp the Yard**

**22.00 Look at Me**

**00.00 The Constant Gardener**

**02.05 No Way Out**

**04.00 Look at Me**

**06.00 First Descent**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz

**08.15 Oprah**

**08.55 Í finu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Einu sinni var** (13:22)

**10.55 Numbers** (15:23)

**11.45 Tískulöggurnar**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 The Secret Life of Words**

**15.00 Sjáðu**

**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Risaeðlu-garðurinn, Ben 10, Strumparnir

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (18:22)

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (3:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (1:22)

**20.10 How I Met Your Mother** (14:24)

**20.35 Modern Family** (17:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímajölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfýndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.

**21.00 Bones** (16:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones.

**21.45 Curb Your Enthusiasm** (5:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjórnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George. Aðalgrínið í þáttaröðinni verður nefnilega hvort eitthvert vit sé í endurkomu þessara vinsælustu gamanþátta allra tíma. Vandinn er bara sá að þau hafa mismikla löngun til þess að af þessu verði og Larry kemur stöðugt sjálfum sér og öðrum í vandræði.

**22.15 Daily Show**

**22.40 Grey's Anatomy** (22:24)

**23.25 Ghost Whisperer** (15:23)

**00.10 Goldplated** (6:8)

**01.00 The Secret Life of Words**

**02.50 Crónicas**

**04.40 Modern Family** (17:24)

**05.05 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT

besta sætið

**07.00 Breiðablik - FH**

**13.55 NBA körfuboltinn: Boston - Orlando**

**15.45 England - Mexíkó** Útsending frá landsleik Englands og Mexíkó sem fram fór á Wembley en bæði lið eru að undirbúa sig af kappi fyrir HM sem fram fer í Suður-Afríku.

**17.25 Meistaradeild Evrópu** Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem skyggnst er á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**17.55 Breiðablik - FH** Útsending frá leik Breiðabliks og FH í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**19.45 KR - Keflavík** Bein útsending frá leik KR og Keflavíkur í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**22.00 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsi-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða að sjálfsgöngu á sínum stað. Allir leikimír, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

**23.00 KR - Keflavík** Útsending frá leik KR og Keflavíkur í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**01.00 NBA körfuboltinn: Phoenix - LA Lakers** Bein útsending frá leik Phoenix og Lakers í NBA-deildinni í körfubolta.

## SPORT 2

enski boltinn

**17.50 Chelsea - Everton** Útsending frá leik Chelsea og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

**19.35 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.

**20.05 Goals of the Season 2009/2010** Öll glæsilegustu mörk hvernar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**21.00 Maradona 2**

**21.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifið á einum stað.

**22.00 Arsenal - Burnley** Útsending frá leik Arsenal og Burnley í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.15 Rachael Ray**

**17.00 Dr. Phil**

**17.45 Girlfriends** (20:22) (e)

**18.05 Sjállið með Sölva** (14:14) (e)

**18:55 H2O** (3:26)

**19.20 America's Funniest Home Videos** (44:50) (e)

**19.45 King of Queens** (18:24) Bandarískir gamanþættir um turtíldúfurnar Doug og Carrie.

**20.10 Survivor** (1:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þraka í ólíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari. Sérstakur aukabáttur í tilefni 10 ára afmælis Survivor. Þer yfirskriftina „Surviving Survivor“ og þar koma saman tíu af frægustu keppendum Survivor frá upphafi.

**21.00 Eureka** (2:18) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snillingum heims hefur verið safnað saman og allt getur gerst. Vísindamaður hverfur í risastóri neðanjarðarhvelvingu þar sem tíu sjálfboðaliðar hafa lifað í ellefu ár og tekið þátt í tilraunaverkefni. Carter er sendur til að rannsaka málið og kemst að því að ekki er allt sem sýnist.

**21.50 The Good Wife** (20:23)

**22.40 Heroes** (18:19)

**23.25 Jay Leno**

**00.10 CSI** (13:23) (e)

**01.00 The Good Wife** (20:23) (e)

**01.50 King of Queens** (18:24) (e)

**02.10 Pepsi MAX tónlist**

## INN

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Græðlingur** Guðrjúður Helgadóttir sýnir réttu handbrögðin við garðyrkjustörfirn.

**21.30 Mannamál** Sigmundur Emir Rúnarsson alþingismaður brýtur málin til mergjar.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# SALORA FLATSKJÁR MEÐ INNBYGGÐU DVD

Í SUMARBÚSTAÐINN, HJÓLHÝSIÐ, HERBERGIÐ ...



**Salora 24" LCD flatskjár með innbyggðu DVD og Full HD**

- 1920x1080 punkta upplausn og innbyggður DVD spilar
- HDMI tengi
- Háglans áferð (svart eða hvítt)
- 220/12V • Einnig fánlegt án DVD spilara.



**Salora 19" LCD með innbyggðu DVD**

- 1366x768 punkta upplausn • Háglans áferð • HDMI tengi
- 220/12V • Einnig fánlegt án DVD spilara.



**Salora 16" LCD með innbyggðu DVD**

- 1366x768 punkta upplausn • Háglans áferð • HDMI tengi
- 220/12V • Einnig fánlegt án DVD spilara.

Salora fæst á eftirtöldum stöðum:



**SALORA**

Eyrvægi 32  
Selfossi

Strandvegi 52  
Vestmannaeyjum

Glerárgötu 34  
Akureyri

Verslun Ármúla 26



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

How I Met Your Mother

Í þessari fjórðu seríu af gamanþáttunum How I Met Your Mother fáum við að kynna enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna og hver hún í raun er.



VIÐ MÆLUM MEÐ HM 2010

Sjónvarpið kl. 21.25

HM í fótbolta hefst í Suður-Afríku föstudaginn 11. júní en þangað til sýnir Sjónvarpið 16 hálf tíma þætti þar sem hitað er upp fyrir mótið.

Í þáttunum er sýnt úr leikjum liðanna sem keppa í Suður-Afríku í undanriðlum keppninnar, leið þeirra á HM, helstu leikmenn og þjálfarar kynntir og spáð og spekulerað í gengi þeirra í úrslitakeppninni. Eins er brugðið upp myndum af minnisverðum augnablikum í fótboltasögu þjóðanna á mótinu.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunútvarp hefst mynd
- 06.50 Bæn
- 07.03 Vött og breitt
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.05 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Söngfuglar
- 11.03 Samfélagið í nær-

- 12.00 Hádegisútvarpið
- 12.20 Hádegisfréttir
- 13.00 Flakk
- 14.03 Tónar að nóni
- 15.03 Útvarpssagan: Mammon í gættinni
- 15.25 Þriðjudagsdjass
- 16.05 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir

- 18.16 Spegillinn
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Í heyranda hljóði
- 21.20 Trío
- 22.10 Orð kvöldsins
- 22.15 Fnykur
- 23.10 Sumar raddir
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturtonar

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 91,9 Kaninn
- FM 93,5 Rás 1

- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan

- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 102,2 Útvarp Latibær
- FM 102,9 Lindin
- FM 105,5 Útvarp Boðun

EXTRA

**19.30 The Doctors** The Doctors eru spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Ally McBeal** (8:22) Unnusti Frances reynir við Ally, Kimmy ákveður að lögsækja stefnumótþjónustu eftir að hafa eytt í hana stórfé án þess að finna hinn eina sanna og Ally hittir fyrir anda ungs drengs.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 That Mitchell and Webb Look** (5:6) Skemmtilegur grínþáttur uppfullur af frábærum sketsum með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb. Þeir slógu í gegn í Peep Show og í þessum þætti fara þeir á kostum og bregða sér í alla kvikinda líki.

**22.20 American Idol** (40:43) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins þrjár bestu söngvaramir eru eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.

**23.05 American Idol** (41:43)

**00.10 Supernatural** (12:16)

**00.50 The Doctors**

**01.35 Ally McBeal** (8:22)

**02.50 Fréttir Stöðvar 2**

**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

tæki þeirra, sem vilja útrýma kynjamskrétti og tryggja jafnrétti, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð í samfélaginu. Vinstrireyfingin - grænt framboð vill byggja upp lýðræðislegt og réttlátt þjóðskipulag.

# Verjum velferðina!

Kæri borgarbúi

Á þessu kjörtímabili höfum við starfað samkvæmt hugsjónum Vinstri grænna. Við höfum ávallt lagt áherslu á að standa vörð um réttindi og hag þeirra sem verst eru settir, unnið í sátt við náttúru og umhverfi, stuðlað að jafnrétti og lagt áherslu á að rannsaka og uppræta forréttindi og spillingu í borgarkerfinu.

Við óskum eftir áframhaldandi umboði til að vinna samkvæmt þessum hugsjónum.

Til þess þurfum við þinn stuðning – þitt atkvæði.

Sóley Tómasdóttir og Þorleifur Gunnlaugsson

*Sóley Tómasdóttir Þorleifur Gunnlaugsson*

Vinstrireyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir röttækum þjóðfélagsumbótum almennings til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vega á Íslandi og treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfsvettvangur og baráttu-

grunnvallað á virkri þátttöku almennings. Hreyfingin hefur allraði markaðshyggjummar og vill varðveita sjálfstæði þjóðarinnar og foræði yfir eigin auðindum. Vinstrireyfingin - grænt framboð vill... // sjá meira á www.vg.is/steina/

BBC entertainment

**12.20** The Black Adder **12.55** My Hero **13.25** My Hero **13.55** The Green Green Grass **14.25** The Green Green Grass **14.55** The Black Adder **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** The Green Green Grass **18.00** After You've Gone **18.30** Waterloo Road **19.20** Dalziel and Pascoe **20.10** After You've Gone **20.40** Strictly Come Dancing **21.55** Strictly Come Dancing

DR 1

**11.05** Aftenshowet **11.35** Seinfeld **12.00** Kender du typen **12.30** Kæft, trit og knus **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint & Co **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Spise med Price **18.30** TV Avisen **18.55** SportNyt **19.00** Det Europæiske Melodi Grand Prix 2010 **21.00** Talismanen **21.45** Dødens detektiver

NRK 1

**10.10** Harry - seks ár og kokkelærning **10.40** Dallas **11.25** Urter **11.45** Norge rundt **12.10** Par i hjertet **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Harry - seks ár og kokkelærning **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Förlvöld **16.40** Distriktsheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen. Magasin **18.15** Pakket og klart **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsheter **19.00** Eurovision Song Contest 2010 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Anglagård **23.10** Hitlåtens historie

SVT 1

**10.05** Jakten på Julia **11.10** Från Lark Rise till Candleford **12.20** Flicka utan namn **14.00** Rapport **14.05** Gomoron Sverige **14.55** Landgång **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **17.00** Kulturnyheter **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Kören **19.00** Eurovision Song Contest **21.00** Dox. Förlorade söner **22.30** Bubblan **23.00** Det kungliga bröllopet



náttúruvernd kjarkur traust virðing framsýni menntun velferð







„Ég er að fylgjast með Project Runway sem sýndir eru á Stöð 2 en Heidi Klum og Tim Gunn stjórna þar tiskuhönnunarkeppni. Þetta eru mjög frumlegir þættir og alltaf gaman að fylgjast með skapandi fólki.“

Auður Nanna Baldvinsdóttir hagfræðingur.

# Hjálmar og Helgi Björns fundu grúvið

„Þetta var auðvelt. Við renndum í þetta nokkrum sinnum og fundum rétta grúvið. Svo var bara sungið yfir þetta,“ segir Kiddi í Hjúlmum.

Hljómsveitin hefur tekið upp nýja útgáfu af hinu vinsæla lagi Grafíkur, Húsið og ég, ásamt fyrrum söngvara Grafíkur, Helga Björnsyni. Lagið verður að finna á væntanlegri safnplötu frá

HELGI BJÖRNSSON Helgi söng Húsið og ég í nýrri útgáfu.



Kimi Records þar sem mismunandi hljómsveitir leiða saman hesta sína.

„Við hittum Helga á Aldrei fór ég suður-hátíðinni. Hann kom upp á svið og við tókum langa og góða útgáfu af laginu. Svo ræddum við saman um að taka það upp einhvern tímann,“ segir Kiddi, sem starfar einnig sem upptökstjóri. „Um daginn kom

Helgi síðan með SS Sól í stúdíóið að taka upp tvö ný lög. Um nóttina, eftir að ég var búinn að taka þau upp, ákváðum við að standa við það sem við sögðum.“ Í nýju útgáfunni syngur Helgi öll erindin á meðan Hjálmar syngja viðlagið um að þeim finnst rigningin góð. Leysa þeir af hólmi barnakórinn sem var í upprunalegu útgáfunni.

Hjálmar sendu frá sér plötuna IV fyrir síðustu jól sem fékk mjög góðar viðtökur. Þessa dagana er sveitin að prófa sig áfram með nýjar upptökur og í júlí spilar hún síðan á tveimur tónlistarhátíðum í Noregi. - fb



KIDDI Í HJÚLMUM Hljómsveitin Hjálmar hefur tekið upp lagið Húsið og ég með Helga Björnsyni.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT**  
2. hreinsiefni, 6. skammstöfun, 8. klæðalaus, 9. garðshorn, 11. tveir eins, 12. gengi, 14. opinber gjöld, 16. drykkur, 17. af, 18. hrópa, 20. pfn., 21. skrifa.

**LÓÐRÉTT**  
1. viðartegund, 3. í röð, 4. ávaxtatré, 5. dýrahljóð, 7. holdýr, 10. kvenkyns hundur, 13. kóf, 15. rótartauga, 16. skír, 19. bardagi.

**LAUSN**

tága, 16. tær, 19. at.  
5. urf, 7. holseip, 10. tilk, 13. kaf, 15. LÓÐRÉTT: 1. tekk, 3. áb, 4. perutré, frá, 18. æpa, 20. ég, 21. rita.  
LÁRÉTT: 2. sápu, 6. eh, 8. ber, 9. kot, 11. rí, 12. klíku, 14. skatt, 16. te, 17.

LINDA BJÖRG: KJÓLL BIRTU FER VEL VIÐ LITARHAFT HERU

## Eurovision-kjöllinn mótar Heru en hún ekki kjöllinn

„Mér finnst þessi kjöll í heildina betur heppnaður heldur en kjöllinn í fyrra,“ segir Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands. Fréttablaðið leitaði eftir álitni hennar á kjólnum sem Hera Björk hyggst klæðast í Eurovision-keppninni í kvöld en hann er hannaður af Birta Björnsdóttur. Linda bætir því við að kjöllinn í ár og kjöllinn í fyrra séu engu síður svipaðir. Eins og frægt er orðið áttu Linda og Birta í hörðum orðaskiptum eftir úrslitabátt Eurovision-keppinnar hér á landi þar sem fagstjórinn gagnrýndi kjóla kynnanna, þeirra Ragnhildar Steinunnar og Evu Maríu Jónsdóttur, harðlega.

Linda er hins vegar nokkuð sátt við þennan kjól. Hún segir að sér þyki hann töluvert mikið betri en bingó-vængjakjöllinn sem söngkonan hafi klæðst þegar lagið sigraði hér á landi. „Hugmyndin er klassísk, það er ekkert nýtt þar á ferð. Við höfum öll séð svipaða kjóla en þá má gera vel eða illa. Formið á kjólnum er nokkuð vel heppnað. Kjöllinn mótar Heru en hún ekki kjöllinn,“ segir Linda og bætir því við að liturinn á kjólnum sé góður. „Hann fer vel við hennar litarhaft og hár og er þroskaður og án tilgerðar. Þá meina ég að hann er í samræmi við söngkonuna og hennar persónuleika.“ Linda segir að ermarnar séu einnig nokkuð vel heppnaðar, það komi vel út að hafa þær þröngar að ofan en víðari að neðan án þess að vera útvíðar. „Þetta grennir handleggina.“

Linda segir erfitt að dæma efnið út frá myndunum. „Ég vona bara að þetta sé silki en ekki pólýester. Það sést best á því hversu þungt pilsíð er og hvernig það



**NOKKUÐ SÁTT**

Linda Björg Árnadóttir er almennt sátt við kjól Heru Bjarkar sem hún hyggst klæðast í Eurovision. Hún segir hann klassískan og betri en þann sem Jóhanna Guðrún var í fyrra.


hreyfist.“ Linda segir einnig erfitt að dæma í blómaskreytinguna sem sé á toppi kjólsins. „Miðað við það sem ég sé hefði verið hægt að gera hana betur og miða þá við að hún þarf að sjást vel úr fjarlægð.“

Linda er ósáttust við faldinn.


Frágangurinn á honum sé ekki nægjanlega góður. „Ég held að það hefði verið góð hugmynd að hafa hann alveg síðan þannig að ekki sæist í skóna, það hefði látið hana líta út fyrir að vera bæði hávaxnari og grennri,“ segir Linda. freyrgigja@frettabladid.is

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Poppkóngurinn Páll Óskar Hjálmtýsson heldur að sjálfsgöðu árlegt Eurovision-partí sitt á Nasa eftir keppnina á laugardaginn. Páll hefur fengið til ýmsa góða gesti til að troða upp og ber þar helst að nefna Jóhönnu Guðrúnu, sem mun flytja lagið Is it True. Aðdáendur hennar og keppninnar biða vafalaust spennir eftir flutningnum þar sem hún hefur undanfarið verið iðnari við að stíga á svið og taka fræga dúetta með Ingó Veðurguði, en að flytja lagið sem lenti í öðru sæti í Rússlandi.



Vefspilavítinu Betsson er ekkert óviðkomandi og nú er hægt að veðja á úrslit sveitarstjórnarkosninganna í nokkrum



kjördæmum. Samkvæmt Betsson eru líkurnar fjórar á móti einum að Jón Gnarr verði næsti borgarstjóri Reykjavíkur, en aðeins meiri líkur eru taldar á því að Dagur B. Eggertsson eða Hanna Birna Kristjánsdóttir hreppi hnossið eða þrjár á móti einum.

Í sveitarfélaginu Árborg eru tveir fyrverandi þingmenn taldir líklegir bæjarstjórnar. Eða kannski ólíklegir bæjarstjórnar. Betsson leyfir nefnilega notendum að veðja á hvort Bjarni Harðarson eða Björgvin G. Sigurðsson stýri Árborg næstu fjögur árin – en líkurnar eru þeim ekki í hag: 20 á móti einum á hvorn.

- afb

**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

**Krakkajóga**

Ný 4. vikna krakkajóganámskeið hefst 26. maí hjá Jóga Stúdíó Stórhöfða 17.

2–5 ára » mánudagar klukkan 16:30–17:00  
6–10 ára » miðvikudagar klukkan 16:30–17:00

Skráning í síma 772 1025 og 695 8464

Verð aðeins 5.000 kr. Nánari upplýsingar á jogastudio.org

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggspott)

## Massadjamm á blakmóti

Hópur manna sem kallar sig Massadjamm vakti gríðarlega athygli fyrir mikla leikgleði og fagnaðarlæti á 35. Öldungamóti Blaksambands Íslands sem fram fór í Mosfellsbæ fyrir rúmri viku þrátt fyrir að vinna aðeins einn leik á öllu mótinu.

„Við erum stór vinahópur sem kynntist í Fjölbautaskólanum í Garðabæ á sínum tíma og hefur haldið hópinn síðan. Í vinahópnum eru nokkrir sem spiluðu blak á sínum yngri árum og þóttu mjög efnilegir en svo eldast menn og þeir fóru að tala um að stofna blakfélag til að keppa í öldungadeildinni undir heitinu Massablak. Við hinir fylgdum þeim á öldungamót sem haldið var á Ísafirði og þótti svo gaman að við höfðum saman fleiri félaga og bjuggum til annað lið sem fékk heitið Massadjamm,“ segir Valgeir Bergmann, einn meðlimur hópsins. Hann segir aðalatriðið hjá hópnum ekki að bera sigur úr þytum heldur að hafa gaman af. „Við töpuðum flestum leikjunum en aldrei leikgleðinni. Fagnaðarlætin eru oft svo mikil að stundum eru sigurlíðin ekki viss um hvort þau hafi í raun unnið. Við komum fyrst og fremst til að skemmta okkur og ég held að við höfum verið það lið sem skemmti sér hvað lengst á kvöldin. Við mættum samt á alla leikina okkar næsta morgun, sumir þá ennþá nokkuð hressir.“

Um 125 lið tóku þátt í Öldungamótinu í ár og segir



MASSA GLAÐIR Valgeir Bergmann, með stóru svörtu hárkolluna, segir hópinn með eindæmum leikgláðan. MYND/ÚR EINKASAFNI

Valgeir að meðlimir Massadjamms hafa hvatt öll liðin til dáða meðan á mótinu stóð. „Við munduðum gettoblasterinn og héldum með öllum þeim sem þurftu á stuðningi að halda. Flestir voru ánægðir með framtakið en það var þó ein kona sem bað okkur um að lækka á tónlistinni. En við reynum að styðja alla og þess vegna held ég að það sé ekki hægt að kalla okkur blakdóla í þeim skilningi,“ segir Valgeir. - sm



# ☆ Ótrúlegt verð í 24klst! Spánn - Allt innifalið!

Sala hefst Í DAG klukkan 12:00  
og stendur í 24 klukkustundir.

Okkur er sönn ánægja að bjóða upp á frábært sértíðboð á öllu inniföldu á þessum glæsilegu hótélum á Benidorm. Ekki láta þetta frábæra tilboð fram hjá þér fara því aðeins er takmarkað magn í boði á þessum einstöku kjörum. Brottfarir/heimflug á fimmtudögum: 17. & 24. Júní. 1. 8. 15. & 22. Júlí.

Þrjú flott 4 \* hótél, eitt verð, 1 vika  
og allt innifalið!

frá **94.900 kr.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá kr. 114.370 fyrir 2 fullorðna.  
Brottför: 17. júní í viku.

**SALAN HEFST**  
KL. 12:00  
Í DAG!



Hotel Dynastic ☆☆☆☆

Herbergi í 1 viku  
ALLT INNIFALIÐ frá **94.900 kr.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá kr. 114.370 fyrir 2 fullorðna.  
Brottför: 17. júní í viku.

Sandos Monaco ☆☆☆☆

Herbergi í 1 viku  
ALLT INNIFALIÐ frá **94.900 kr.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá kr. 114.370 fyrir 2 fullorðna.  
Brottför: 17. júní í viku.

Villa del Mar ☆☆☆☆

Herbergi í 1 viku  
ALLT INNIFALIÐ frá **94.900 kr.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð frá kr. 114.370 fyrir 2 fullorðna.  
Brottför: 17. júní í viku.

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar







Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is  
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

RÓMEÓ OG JÚLÍA

VesturPort

Takmarkaður sýningafjöldi  
 Miðasala er hafin!



Borgarleikhúsið

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Að duga eða drepast

Í kvöld kemur í ljós hvort **Hera Björk** og félagar komist upp úr undanriðlinum í Eurovision-keppninni í Ósló. Ef hún kemst áfram verður það í þriðja skipti í röð sem íslenska lagið nær þeim árangri. Hera er með meðvind frá fjölmiðlafólki í Ósló sem spáir henni fyrsta sætinu í undanriðlinum. Til að skráfa aðeins upp í annars himinháum væntingum Íslendinga, þá má geta þess að þessi spá hefur hingað til reynst afar sannspá.



### Hera! Hera! Hera!

Hera hefur heillað Eurovision-aðdáendur í Ósló upp úr skónum undanfarna daga. Um helgina kom hún fram í stórum sal sem nefnist Ballroom, ásamt Eistlandi, Sviss og Úkraínu. Þegar kom að því að hún steig á svið sturluðust áhorfendur.

Hera ætlaði aldrei að geta byrjað að syngja þar sem þar sem fólkíð í salnum öskraði: Hera! Hera! Hera! Viðtökurnar gleðja væntanlega Heru og að sjálfsgöðu **Örlyg Smára**, meðhöfund lagsins.



### Steindi kom Bent á óvart

Rapparinn og leikstjórinn **Ágúst Bent** fagnaði 27 ára afmæli sínu um helgina með veglegri veislu, en á meðal gesta voru útvarpsmaðurinn Frosti Logason og Erpur Eyvindarson, félagi Bents í XXX Rottweiler. Steindi Jr., samstarfsfélagi Bents, kom afmælisbarninu á óvart og mætti með tónlistarmanninn Insól í veisluna. Hann flutti úrval bestu laga sinna og við mikinn fögnuð viðstaddra. Bent og Steindi eru miklir aðdáendur Insól og afmælisbarnið þakkaði Steindanum sínum vel fyrir gjöfina óvæntu. -afb



## Mest lesið VISIR.IS

- 1 Synti í jökullóni á Everest
- 2 Ísland er barn-fjandsamlegt samfélag
- 3 Drukkaði í sjónum við Stykkishólm
- 4 Höfrungar þekkja sig í spegli
- 5 Flugraskanir þrátt fyrir gosleysi

## Golfdagar í verslun Vodafone í Skútuvoði



## Virkjaðu öflugan golffélaga

### Golfdagar í verslun Vodafone í Skútuvoði

Komdu í verslun okkar í Skútuvoði 25.–28. maí. Sérfræðingar okkar sýna þér hvernig þú getur lækkað forgjöfina og haldið utan um skorið með gsm símanum þínum og gert hann að öflugu hjálparkæki á golfvællinum. Í tilefni golfdaga bjóðum við gagnamagnspakka að eigin vali í kaupbæti.

### Púttkeppni

Komdu til okkar í Skútuvoðinn og taktu þátt í skemmtilegri púttkeppni. Þeir sem fara holu í höggi eiga möguleika á góðum vinningi.

power to you

Komdu til okkar og lærðu að nota símann þinn rétt á golfvællinum!



Nokia 5230

0 kr. út  
 og 2.890 kr. á mánuði  
 Staðgreitt: 33.990 kr.



Nokia E52

0 kr. út  
 og 5.090 kr. á mánuði  
 Staðgreitt: 59.990 kr.



iPhone

0 kr. út  
 og 12.500 kr. á mánuði  
 Staðgreitt: 146.990 kr.

TRYGGÐU  
 ÞÉR MIÐA

www.listahatid.is

Listahátíð 12. MAÍ – 8. JÚNÍ  
 í Reykjavík 2010  
 REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL